VAMPÍRUR OG VÆTTIR

tískuhönnuðir sækja innblástur í gotneskar hryllingssögur

Þolir ekki Atla Bollason

SNORRI HELGASON Í SPRENGJUHÖLLINNI YFIRHEYRÐUR

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

22. nóvember 2008 — 320. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

Segja breytingar eftirlauna ekki ganga nægilega langt

Þingmaður Vinstri grænna og varaþingmaður Samfylkingar segja breytt eftirlaunafrumvarp vera kattarþvott. Í sama streng tekur forseti ASÍ. Formaður Samfylkingar segir breytingarnar taka helstu agnúa af.

STJÓRNMÁL „Það kemur mér sannast sagna á óvart að þau skuli hafa þá ósvífni til að bera að voga sér að setja þetta fram – og það meira að segja í þjóðmenningarhúsinu," segir Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri grænna og formaður BSRB, um breytingarnar á eftirlaunafrumvarpinu sem formenn stjórnarflokkanna kynntu í gær.

Samkvæmt þeim er aldurslágmark þingmanna, ráðherra og hæstaréttardómara til eftirlauna hækkað úr 55 árum í 60 ár. Girt verður fyrir að þessir hópar njóti samtímis eftirlauna og launa frá ríkinu. Ennfremur er réttindaávinnsla þingmanna og ráðherra skert samkvæmt breytingunum.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir formaður Samfylkingarinnar, segir að breytingarnar taki helstu agnúa af hinu umdeilda eftirlaunafrumvarpi.

„Þau eru búin að liggja yfir því í tuttugu mánuði að reyna að finna út hvað þau komist upp með að skerða eigin sérréttindi lítið," segir Ögmundur. „Og þetta er niðurstaðan. Það liggur fyrir frumvarp í þinginu og hefur lengi legið, fyrst frá Valgerði Bjarnadóttur og nú frá þingflokki VG, um afnám þessara réttinda alveg. Að farið verði með þingmenn, ráðherra og svokalla æðstu embættismenn inn í almennt lífeyriskerfi starfsmanna ríkisins. Ég skil ekki hvers vegna í ósköpunum það er ekki gert."

„Þetta er náttúrulega ekkert annað en kattarþvottur," segir Valgerður Bjarnadóttir, varaþingmaður Samfylkingar sem lagði fram breytingar á eftirlaunafrumvarpinu á síðasta þingi.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, lýsti yfir vonbrigðum í kvöldfréttum Sjónvarpsins yfir því að ekki hafi verið gengið lengra þannig að þingmenn og ráðherrar væru með sambærileg réttindi og aðrir opinberir starfsmenn.

„Fólk telur réttlætismál að þetta verði skoðað og nú hefur það verið gert svo ég vona að nú sé deilum um þetta mál lokið," segir Sigurður Kári Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks. „Ég er síðan alltaf tilbúinn að ræða það hvort færa eigi lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna nær því sem gerist á almennum markaði."

- jse/- hhs sjá síðu 4.

GRÆNLENSK SVEIFLA Það var líf og fjör í Norræna húsinu í gær þegar hátíðin suður-grænlenskir dagar var opnuð. Emil Guðmundsson og Edda Lyberth svifu um gólfið en Jeremias Saninluniak fylgdist með, kátur á svip. Kristján L. Möller samgönguráðherra setti hátíðina. Frekari kynning á Suður-Grænlandi verður í dag og hún hefst klukkan eitt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gísli Örn í stórmynd:

Verður til sölu í leikfangabúðum

FÓLK „Ætli maður fylgi ekki bara Big Mac í framtíðinni," segir leikarinn Gísli Örn Garðarsson. Til stendur að framleiða leikföng í kringum stórmyndina Prince of Persia: Sand of Time sem hann leikur í um þessar mundir. Ef allt gengur að óskum verður Gísli því væntanlegur í líki illmennisins The Vizier í allar betri leikfangabúðir þegar kvikmyndin hefur verið frumsýnd sumarið 2010.

GÍSLI ÖRN GARÐARSSON

Meðal mótleikara Gísla í myndinni er sir Ben Kingsley. Gísli segist hafa verið smeykur við atriðin með honum. „Ég hafði heyrt alls kyns tröllasögur af honum, að hann væri erfiður í umgengni. Þetta gekk hins vegar stóráfallalaust fyrir sig."

-fgg/sjá síðu 62

LAUGARDAGUR

Keith Richards íslenskra rithöfunda

Ólafur Gunnarsson gefur út skáldsögu sem gerist á hippaárunum

FÓLK 32

Ellefu marka tap Fram

Róbert Gunnarsson skoraði átta mörk í 38-27 sigri Gummersbach gegn Fram.

ÍÞRÓTTIR 56

FYLGIR Í DAG

VEÐRIÐ Í DAG



VÍÐA FROSTLAUST Í dag verður suðlæg átt. Hvöss með morgninum vestan til og á hálendinu annars hægari. Lægir í dag. Rigning á vesturhluta landsins annars slydda eða snjókoma. Úrkomulítið í kvöld.

VEÐUR 4

Efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra handtók tvo menn í gærdag:

Grunur um milljóna peningaþvætti

LÖGREGLUMÁL Efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra rannsakar meint tugmilljóna króna peningaþvætti. Tveir menn voru handteknir vegna málsins í gær, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst fóru menn úr efnahagsbrotadeildinni í húsleit í verðbréfafyrirtækið Virðingu hf. í gær eftir að upp hafði komið grunur um ofangreint athæfi starfsmanns sem gegnir stjórnunarstöðu þar. Virðing hf. er verðbréfafyrirtæki sem leggur áherslu á að þjónusta fag- og stofnanafjárfesta. Fyrirtækið á engan hlut að máli.

Umræddur starfsmaður hafði ekki verið handtekinn í gær, en í fyrirtækinu lögðu efnahagsbrotadeildarmenn hald á ýmis gögn til frekari rannsóknar á málinu. Grunur leikur á að um auðgunarbrot sé að ræða og síðan peningaþvætti.

Tveir menn voru svo handteknir og yfirheyrðir í gær. Þeir eru ekki starfsmenn verðbréfafyrirtækisins, en eru grunaðir um að vera vitorðsmenn í hinu meinta auðgunarbroti og peningaþvætti. - jss

OPIÐ

til 20

alla daga

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

SPURNING DAGSINS

Loki, gerið þið hvað sem er fyrir frægðina?

„Við gerum það sem við viljum, bara til að gera það."

Loki Rúnarsson og félagar hans í Austurbæjarskóla hlupu hringinn í kringum Hallgrímskirkju kviknaktir til að fagna sigri í hæfileikakeppni grunnskólanna. Stuðmenn sungu um að þeir gerðu hvað sem er fyrir frægðina, nema kannski að koma naktir fram.

Stjórnarandstaðan leggur fram tillögu um vantraust, þingrof og kosningar:

Vilja kosningar fyrir áramót

ALÞINGI Formenn stjórnarandstöðuflokkanna á Alþingi lögðu í gær fram þingsályktunartillögu um vantraust á ríkisstjórnina, þingrof og nýjar kosningar.

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Í tillögunni er gert ráð fyrir að þing verði rofið fyrir 31. desember. Í því felst að kjósa beri fyrir 31. desember því samkvæmt stjórnarskránni skal kjósa sama dag og þing er rofið. Ákvæðið þar um var fært í stjórnarskrá 1991.

Steingrímur J. Sigfússon á von á að vantrauststillagan verði rædd í Alþingi á mánudag.

Síðast var vantrauststillaga á ríkisstjórn borin fram 1989. Það gerði Þorsteinn Pálsson, þá formaður Sjálfstæðisflokksins, en þá var við völd ríkisstjórnFramsóknarflokkks, Alþýðuflokks, Alþýðubandalags og Borgaraflokks, undir forsæti Steingríms Hermannssonar.

Árið áður flutti Steingrímur J. Sigfússon, þá formaður þingflokks Alþýðubandalagsins, slíka tillögu en við völd var ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks, Alþýðuflokks og Framsóknarflokks, undir forsæti Þorsteins Pálssonar. Báðar tillögurnar voru felldar. - þþs

ÞINGROF OG KOSNINGAR FYRIR ÁRAMÓT

Alþingi ályktar að lýsa vantrausti á ríkisstjórnina.

Alþingi lýsir þeim vilja sínum að þing verði rofið fyrir 31. desember og efnt til almennra þingkosninga í framhaldinu.

Bankarnir ræddir á Alþingi:

Nefnd vinnur að endurskoðun

VIÐSKIPTI Nefnd skipuð af viðskiptaráðherra á að vinna að heildarendurskoðun á bankamarkaði. Þetta kom fram í umræðum utan dagskrár á Alþingi í gær.

Álfheiður Ingadóttir, þingmaður VG, var málshefjandi og viðskiptaráðherra varð fyrir svörum.

Árni Páll Árnason, þingmaður Samfylkingar, varaði sérstaklega við afskiptum stjórnmálamanna af innri málefnum nýju bankanna, búið væri að ráða fólk til að stýra þeim. „Reiði almennings má ekki mistúlka með því að snúa dæminu við og auka pólitíska íhlutun og snúa þar með klukkunni áratugi aftur í tímann." - óká / Sjá síðu 16

MÓTMÆLI Í BAGDAD Stuðningsmenn Al-Sadrs vilja ekki bandaríska herinn í þrjú ár í viðbót. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þúsundir Íraka:

Mótmæli gegn Bandaríkjaher

ÍRAK, AP Þúsundir sjía-múslima héldu út á götur Bagdad í gær til að mótmæla samningi Íraksstjórnar við Bandaríkin um framlengda dvöl Bandaríkjahers næstu þrjú árin.

Það voru stuðningsmenn klerksins Muktada Al-Sadrs, sem söfnuðust saman á Firdous-torgi til að mótmæla samningnum, sem gerður var í vikunni. Stuðningsmenn Al-Sadrs á þingi hafa undanfarna daga truflað þingstörf til að tefja fyrir að þjóðþing landsins staðfesti samninginn. - gb

Fæðing í miðju flugi:

Háloftabarn verður Kasaki

SVÍÞJÓÐ Ungbarn sem fæddist nýlega um borð í flugvél finnska flugfélagsins Finnair á leiðinni frá Bangkok til Svíþjóðar verður ríkisborgari í Kasakstan þar sem það fæddist í lofthelgi landsins, að sögn Helsingin Sanomat.

Móðirin er sænsk og því fær barnið líka sænskan ríkisborgararétt. Yfirvöld í Svíþjóð búast við því að í vegabréf ungbarnsins verði skrifað að það hafi fæðst í Kasakstan þó að það hafi fæðst um borð í flugvél í ellefu kílómetra hæð yfir landinu. - ghs

Tvöfalt fleiri sækja til Hjálparstarfsins

Tvöfalt fleiri sækja nú aðstoð til Hjálparstarfs kirkjunnar en á sama tíma í fyrra. Allt önnur samsetning á þeim sem leita hjálpar og reiknað er með holskeflu eftir áramót. Velferðarsvið Reykjavíkur býst við fjölda umsókna í vor.

FÉLAGSMÁL Tvöfalt fleiri hafa leitað aðstoðar hjá Hjálparstarfi kirkjunnar nú í október en í sama mánuði í fyrra. Þá úthlutaði stofnunin til 143, en í ár hefur 319 sinnum verið úthlutað.

Vilborg Oddsdóttir, félagsfræðingur hjá Hjálparstarfinu, segir ljóst að slæmt efnahagsástand sé farið að hafa áhrif á fjárhagsstöðu fólks. Samsetning þess hóps sem leitar aðstoðar sé orðin allt önnur en var.

„Margir sem koma til okkar voru að vinna í byggingariðnaðinum. Sumir verktakarnir greiddu ekki tryggingagjöld og fá ekki atvinnuleysisbætur, en bíða eftir að komast að hjá félagsþjónustu Reykjavíkurborgar. Þá eru starfsmenn veitingastaða sem lokað hefur verið áberandi, en þeir bíða eftir afgreiðslu tryggingasjóðs launa. Einn hópur sem er áberandi eru öryrkjar sem hafa keypt sér bíl með aðstoð frá Tryggingastofnun. Hluta bílanna hafa þeir greitt fyrir með myntkörfulánum sem þeir hafa lent í vandræðum með. Þetta er fólk sem nauðsynlega þarf bílana sína."



JÓRUNN FRÍMANNSDÓTTIR

Kirkjan býður fyrst og fremst upp á mataraðstoð og reynir að leiðbeina fólki á rétta staði eftir frekari aðstoð. „Við höfum líka aðstoðað fólk varðandi lyf, ekki síst fyrir börnin. Þá þurfa sumir einfaldlega að ræða málin og við bjóðum upp á viðtöl á staðnum. Fólk er reitt og örvinglað."

AÐSÓKN TIL KIRKJUNNAR Hjálparstarf kirkjunnar tekur á móti öllum sem þurfa aðstoð. Það reiðir sig á framlög einstaklinga, en æ fleiri leita aðstoðar hjá kirkjunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Fjárhagsstuðningur Félagsþjónustu Reykjavíkur nemur um 99 þúsund krónum á mánuði. Nokkur aukning hefur verið í umsóknum um aðstoð hjá velferðarsviði Reykjavíkur, en reiknað er með enn frekari eftirspurn á næsta ári. Þeir sem missa atvinnu eiga flestir rétt á atvinnuleysisbótum og leita því síðar til sveitarfélaganna.

Jórunn Frímannsdóttir, formaður velferðarsviðs, segir eftirspurn eftir fjárhagsaðstoð vera í réttu hlutfalli við aukið atvinnuleysi, en um sex mánuðum síðar. Hún segir þörf á endurskoðun.

„Við erum að skoða núna hvort við eigum að breyta reglum varðandi eignir þeirra sem þiggja aðstoð. Ljóst er að margir munu standa illa en eiga kannski eignir sem þeir geta ekki losað sig við. Við erum að kanna þetta," segir Jórunn. Hún segist ekki búast við að upphæðin verði hækkuð. „Nei miðað við þann aukna fjölda sem við reiknum með að sæki um er þetta ekki rétti tíminn til þess."

kolbeinn@frettabladid.is

SPARIFÖT Allir sem eiga lítið notuð spariföt inni í skáp ættu að skutla þeim til Rauða krossins í dag.

Rauði krossinn í átaki:

Stendur fyrir sparifatasöfnun

SAMFÉLAGSMÁL Rauði krossinn hvetur alla til að kíkja í skápana sína í dag, finna þar vel með farinn sparifatnað sem ekki er lengur í notkun og skutla honum til Rauða krossins. Með því veiti þeir efnaminni fjölskyldum og einstaklingum tækifæri til að eignast falleg spariföt fyrir jólin í fataúthlutun félagsins eða á hagstæðu verði í verslunum Rauða krossins.

Sparifatasöfnunin stendur í dag á milli klukkan ellefu og þrjú. Tekið verður á móti fötum á Laugavegi 116 í Reykjavík, á sjö öðrum stöðum á höfuðborgarsvæðinu og víðs vegar úti á landi. - hhs

VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ

Starfsmönnum hefur fjölgað

Nítján fastráðnir starfsmenn eru í viðskiptaráðuneytinu og tveir með tímabundna ráðningu. Fyrir einu og hálfu ári störfuðu átján í ráðuneytinu. Þetta kemur fram í svari viðskiptaráðherra við fyrirspurn Birkis J. Jónssonar.

SVÍÞJÓÐ

Staðfesta Lissabon-sáttmála

Sænska Ríkisþingið hefur staðfest svonefndan Lissabon-sáttmála Evrópusambandsins. Þar með hafa 25 af 27 aðildarríkjum sambandsins staðfest hann, en fullgilding hans er í uppnámi síðan Írar höfnuðu staðfestingunni fyrr á árinu.

Tveir ráðherrar hafa afboðað komu sína á borgarafundinn á mánudag:

Þórunn boðar komu sína

STJÓRNMÁL Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra er eini ráðherrann úr ríkisstjórn Íslands sem boðað hefur komu sína á borgarafund sem haldinn verður í Háskólabíói á mánudaginn. Þetta staðfestir Gunnar Sigurðsson, einn helsti forvígismaður borgarafundanna sem haldnir hafa verið í Iðnó og á Nasa að undanförnu.

„Björn Bjarnason afboðaði komu sína en þakkaði fyrir gott boð og Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra hefur tilkynnt að hann sé í útlöndum og eigi því ekki heimangengt," segir Gunnar. Aðrir ráðherrar hafa ekki svarað boðinu. Enn sem komið er hefur enginn alþingismaður tilkynnt komu sína en Gunnar lýsti því yfir á síðasta borgarafundi að hann hygðist merkja hverjum og einum alþingismanni og ráðherra stól uppi á sviði. Þeir yrðu síðan látnir standa auðir ef fólk mætti ekki. „Alþingismennirnir hafa reyndar haft þann háttinn á að tilkynna um komu sína samdægurs eða daginn áður," útskýrir Gunnar. Frummælendur á fundinum verða meðal annars Þorvaldur Gylfason hagfræðingur og Silja Bára Ómarsdóttir stjórnmálafræðingur.

Allt verður gert til að koma sem flestum að en stóri salurinn í Háskólabíói tekur 930 manns í sæti. Annar eins fjöldi kemst síðan fyrir á göngum og í anddyri en að sögn Gunnars verður komið upp stórum sjónvarpsskjám í anddyrinu svo að allir geti fylgst með. - fgg

BJARTSÝNN Gunnar er bjartsýnn á að stóri salurinn í Háskólabíói verði fullur. Enn sem komið er hefur einn ráðherra tilkynnt komu sína.

Í IÐNÓ Fjölmenni hefur verið á borgarafundunum og ljóst að almenningur krefst svara frá ráðamönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kringlan

Hlýleg stemning og allt á einum stað,
spariföt og ilmandi sápur til að setja í bað.

Opið til 10-18 í dag

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

Mán til mið 10–18.30, **fim** 10–21, **fös** 10–19, **lau** 10–18, **sun** 13–18 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is

Komdu í heimsókn

GENGIÐ 21.11.2008

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	140,24	140,90
Sterlingspund	209,88	210,90
Evra	176,51	177,49
Dönsk króna	23,678	23,816
Norsk króna	19,825	19,941
Sænsk króna	17,152	17,252
Japanskt jen	1,4729	1,4815
SDR	206,97	208,21

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 237,5162

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

ÞRÓUN HELSTU VÍSITALNA

Hlutabréfavístala	Í gær	Vikan
Dow Jones (BNA)*	6,5%	-5,3%
S&P 500 (BNA)*	6,3%	-8,4%
Nikkei (Japan)	+2,7%	-6,5%
FTSE (Bretlandi)	-2,8%	-10,8%
Dax (Þýskaland)	-2,2%	-12,4%
Cac-40 (Frakkland)	-3,3%	-12,5%
OMX-15 (Ísland)	+0,05%	-4,6%

* SKÖMMU EFTIR OPNUN MARKAÐA Í GÆR.

Tilnefningin hífði upp gengið:

Fjárfestar glaðir eftir dapra viku

VIÐSKIPTI Gengi hlutabréfa rauk upp í Bandaríkjunum síðdegis í gær eftir að Barack Obama, verðandi forseti landsins, tilefndi Timothy Geithner, til embættis fjármálaráðherra í næstu ríkisstjórn sem tekur við á nýju ári. Hann mun taka við af Henry Paulson, núverandi fjármálaráðherra.

Fjárfestar voru almennt sammála um það í gær að Obama hefði veðjað á réttan hest til að leiða Bandaríkin úr því ófremdarástandi sem ríkt hefur í efnahagslífinu upp á síðkastið. **- jab**

Íþróttavöruverslun í vanda:

Puma setur JJB út í kuldann

VIÐSKIPTI Íþróttavörurisinn Puma er hættur að dreifa vörum sínum til búða bresku íþróttavörukeðjunnar JJB Sports, að því er fram kemur í frétt vefútgáfu Retail Week.

Talsmaður JJB vísar þessu hins vegar á bug í sömu umfjöllun og segir verslunina eiga í góðu samstarfi við Puma. Sömuleiðis vísar hann því á bug að félagið hefði lent í vanskilum með afborganir á lánum til Barclaysbanka.

Exista á 14 prósenta hlut í JJB Sports og stýrir tæpum þriðjungi í félaginu ásamt Chris Ronnie, forstjóra þess. **- jab**

Ný skýrsla frá leyniþjónusturáði Bandaríkjanna um alþjóðahorfur:

Áhrif Bandaríkjanna minnka

BANDARÍKIN Vægi Bandaríkjanna á alþjóðavettvangi minnkar á allra næstu áratugum, að því er leyniþjónusturáð Bandaríkjanna fullyrðir í nýrri skýrslu.

Í skýrslunni er því spáð að áhrif Kína, Indlands, Rússlands og Brasilíu muni vaxa verulega næstu tvo áratugina, auk þess sem bandarískri dollarinn muni ekki njóta sömu yfirburðastöðu og verið hefur sem alþjóðagjaldmiðill.

Engu að síður segir ráðið að Bandaríkin verði áfram áhrifaríkasta ríki heims, en þó ekki með jafnmikið yfirburðavægi.

Hætta er sögð á því að hlýnun loftslags geti leitt af sér átök um náttúruauðlindir. Aukin hætta er á að kjarnorkuvopn verði notuð af ríkjum, sem fara ekki að leikreglum alþjóðsamfélagsins. Hins vegar er fullyrt að hryðjuverkasamtökunum al-Kaída geti hnignað fyrr en almennt er talið, og er þar vitnað til þess að þau verða æ óvinsælli í heimi múslima.

ÁHRIFIN MINNKA George W. Bush í hópi annarra þjóðarleiðtoga. NORDICPHOTOS/AFP

Leyniþjónusturáð Bandaríkjanna er stofnun sem hefur það hlutverk að spá í framtíðarhorfur í öryggismálum. Ráðið gefur á fjögurra ára fresti út skýrslur, eða í hvert sinn sem kjörtímabil forseta er að hefjast, og fjallar nýjasta skýrslan um horfurnar til ársins 2025. **- gb**

Sex mánaða fangelsi:

Beit sambýliskonu og barði

DÓMSMÁL Tæplega þrítugur karlmaður hefur verið dæmdur í sex mánaða fangelsi og til að greiða sambýliskonu sinni 225 þúsund krónur í skaðabætur eftir að hann réðst á hana.

Manninum var gefið að sök að hafa ráðist með höggum og spörkum að sambýliskonu sinni, slegið hana með krepptum hnefa á vinstra kinnbein, skallað hana í andlitið og klórað hana og bitið víðsvegar í líkamann. Þá sló hann hana í höfuðið með glervasa þannig að vasinn brotnaði. Maðurinn játaði sök fyrir dómi. Hann á að baki nokkurn sakaferil. **- jss**

Skerðing til handa æðstu ráðamönnum

Frumvarp um breytingar á eftirlaunafrumvarpinu verður lagt fram í næstu viku. Breytingarnar eru ekki afturvirkar. Þingmenn, ráðherrar og dómarar taka á sig launaskerðingu vegna ástandsins í þjóðfélaginu.

STJÓRNMÁL Geir H. Haarde forsætisráðherra og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra kynntu í gær samkomulag stjórnarflokkanna um breytingar á lögum um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara. Við sama tækifæri greindi forsætisráðherra frá því að hann hefði sent formanni kjararáðs bréf þar sem lagt er til að ráðið lækki tímabundið laun forseta Íslands, alþingismanna, ráðherra, hæstaréttar- og héraðsdómara, auk forstöðumanna helstu ríkisstofnana um 5 til 15 prósent. Í bréfinu segir Geir að við þær aðstæður sem nú eru uppi sé það „ekki nema sanngjarnt að þeir sem njót[i] starfsöryggis og/eða hæstu launa hjá ríkinu taki á sig launaskerðingu.“ Ennfremur segir að ríkið áformi að ræða við hálaunahópa hjá ríkinu um sviparaðar lækkanir.

Frumvarpið um breytingar á eftirlaunafrumvarpinu verður líklegast tekið fyrir í næstu viku og verði það að lögum munu ráðherrar, þingmenn og hæstaréttardómarar ekki getað farið á eftirlaun við 55 ára aldur eins og núverandi lög gera ráð fyrir heldur verða þeir að vera 60 ára eða eldri. Eins verður komið í veg fyrir það að þessir þrír hópar geti þegið eftirlaun á meðan þeir starfi hjá ríkinu eins og núgildandi lög heimila. Fyrrverandi forsætisráðherrar njóta meiri réttinda en aðrir ráðherrar samkvæmt núgildandi lögum. Forsætisráðherra sem setið hefur eitt ár á til dæmis rétt á 60 prósenta eftirlaunahlutfalli. Eftirlaunahlutfall fyrrverandi ráðherra er hins vegar 6 prósent fyrir hvert ár í embætti. Þessu verður hins vegar breytt þannig að eftirleiðis gildi sömu reglur um eftirlaunakjör fyrrverandi forsætisráðherra og annarra ráðherra.

Fjórða breytingin sem kynnt var felst í því að framvegis verði þetta 6 prósenta eftirlaunahlutfall ráðherra lækkað niður í 4 prósent og það sama mun eiga við um hæstaréttardómara. Þingmenn verða einnig fyrir slíkri skerðingu en ár hvert munu þeir öðlast 2,275 prósenta réttinda ávinnslu en hún er 3 prósent samkvæmt núgildandi lögum.

Breytingarnar eru ekki afturvirkar þannig að þeir sem hafa áunnið sér réttindi samkvæmt núgildandi lögum halda þeim. Þær eiga að taka gildi 1. júlí næstkomandi.

jse@frettabladid.is

FRÁ BLAÐAMANNAFUNDINUM Í GÆR Formenn stjórnarflokkanna koma á blaðamannafund þar sem þau greindu frá breytingum sem gerðar verða á eftirlaunafrumvarpinu umdeilda og eins frá því að laun þeirra, sem og annarra æðstu embættismanna, verði líklega lækkuð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stjórnarmyndun Obama:

Clinton í utanríkismálin

BANDARÍKIN, AP Hillary Clinton öldungardeildarþingmaður hefur fallist á að taka við stöðu utanríkisráðherra í stjórn **Baracks Obama, verðandi forseta Bandaríkjanna. New York Times hefur þetta eftir nánu samstarfsfólki Hillary.**

Ekki er búist við að tilkynnt verði um þetta opinberlega fyrr en að lokinni þakkargjörðarhátíð 27. nóvember næstkomandi.

Að Obama feli fyrrverandi keppinaut sínum um forsetaefnisútnefningu þetta valdamikla embætti þykir sæta tíðindum.

Sumir framámenn demókrata hafa haft uppi vangaveltur um hvort forsetahjónin fyrrverandi, Hillary og Bill Clinton, yrðu með þessari ráðstöfun of fyrirferðarmikil í ríkisstjórn Obama en ráðgjafar hans kváðu ekki hafa áhyggjur af því. **- aa**

Haframjölsskortur í búðum:

Mjölið kemur í næstu viku

NEYTENDUR „Það er ný sending á leiðinni til landsins í skipi og haframjölið verður komið í búðir í næstu viku,“ segir Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar, sem flytur inn Solgryn-haframjölið.

Ekkert hefur verið flutt inn af mjölinu í viku og borið á skorti á því í verslunum, enda um „kreppumat“ að ræða, eins og Andri orðar það.

Að sögn Andra varð 86 prósenta aukning á sölu Solgryn í október miðað við sama mánuð í fyrra. „Mikil sala á mjölinu og öðrum vörum, til dæmis djúsþykkni, gefur klárlega vísbendingu um að neyslumunstrið er að breytast,“ segir Andri. **- kg**

betri kaup

-það hagkvæmasta sem við bjóðum í prentun

Bréfsefni

1000stk 32.040kr*

LÆGRA VERÐ - SÖMU GÆÐI

Vörulýsing: 90g skrifpappír prentaður annars vegar í fullum lit. Vinnslutími er alltaf 4 virkir dagar. Frá þriðjudegi til föstudags og svo föstudegi til miðvikudags. Skila þarf gögnum til Odda fyrir kl. 12:00 á skiladegi og þarf próförk að vera samþykkt fyrir kl. 14:00 sama dag. Varan er tilbúin á afgreiðslulager Odda að Höfðabakka 7. *Verð er gefið upp án 24,5% vsk. Birt með fyrirvara um prentvillur.

Prentsmiðjan Oddi ehf., Höfðabakka 3-7, 110 Reykjavík
sími 515 5000, www.oddi.is

ODDI

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

SKAMMVINN HLÝINDI

Núna með morgninum er víða hvöss suðaustan átt vestan til og á vesturhluta landsins með rigningu eða slyddu. Um og eftir hádegi nær úrkomuloftið yfir á austurhluta landsins en þar má helst búast við snjókomu eða slyddu. Það dregur úr úrkomu og vindi þegar líður á daginn en áfram verður hvasst á Vestfjörðum, einkum nyrst og vestast.



Á MORGUN Hvöss N-átt vestan til annars hægari

MÁNUDAGUR Hæg, breytileg átt

HEIMURINN

Alicante	20°
Amsterdam	9°
Basel	6°
Berlín	5°
Billund	2°
Eindhoven	7°
Frankfurt	8°
Friedrichshafen	4°
Gautaborg	3°
Kaupmannahöfn	4°
Las Palmas	21°
London	11°
New York	2°
Orlando	19°
Osló	-1°
París	11°
Róm	17°
Stokkhólmur	0°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Allt fyrir jólin

Tilboðin gilda 22-23. nóvember 2008

VERÐ ÁÐUR 990,-
790,-

5676600

Aðventuljós
Falleg aðventuljós, fást í rauðu, hvítu eða viðarlit.
Frábært verð!

FRÁBÆRT VERÐ

ÚTISERÍUR VERÐ FRÁ:
870,-
40 LJÓSA

Inni- og útiseríur
Mikið úrval af inni og útiseríum í mörgum stærðum og litum. Frábært verð!

INNISERÍUR VERÐ FRÁ:
249,-
20 LJÓSA

U.P.B. 25% AFSLÁTTUR

69020130A

VERÐ ÁÐUR 3.990,-
2.990,-

AFRODIT sængurverasett
Glæsilegt hvítt sængurverasett með fallegu samlitu mynstri.
Stærð: 140 x 200 sm.
Koddaver stærð: 50 x 70 sm.

STELLA POLARIS

4104550

VERÐ ÁÐUR 12.900,-
9.990,-

SPARIÐ **2.910,-**

Andadúnssæng
Mjög góð dúnsæng fyllt með andadúni og andafiðri. Saumuð í 4x6 ferninga. Stærð: 135 x 200 sm. Má þvo í vél við 60°C.

701302150

VERÐ FRÁ:
5.490,-

69080172

Speglar
Ný sending af fallegum speglum.
Fást í mörgum stærðum og gerðum.
Verð frá **5.490,-** til **12.900,-**
Stærðir: 40 x 80 sm. - 55 x 85 sm.
120 x 65 sm. - 140 x 40 sm.

JÓLAPAPPÍR 3 RÚLLUR
399,-
200 x 70 SM. Á RÚLLU

Jólapappír í miklu úrvali. Margar tegundir!

JÓLAPAPPÍR 1 RÚLLA
399,-
300 x 70 SM. Á RÚLLU

69040537

10 STK.
299,-

Jólakort
Falleg jólakort með íslenskum texta.
5 mismunandi pakkar fáanlegir.
Tvö mynstur í pakka. Frábært verð!
Stærð: 10 x 15 sm.

5670200

120 LJÓSA
2.990,-

Ljósahringur
Ljósahringur með 120 ljósum.
Stærð Ø: 40 sm.
Einnig fæst ljósahringur með **LED ljósum** á aðeins **4.990,-**

BORÐ + 4 STÓLAR ÁÐUR 59.900,-
39.900,-

3698447

3698347

SPARIÐ **20.000,-**

GAMMA borð og stólar
Glæsilegt borð úr gegnheilli, olíuborinni eik.
Stólar í stíl með fallegri sessu með míkrófíberáklæði.
Borð, B90 x L180/225 sm. **34.900,-**
Borð + 6 stólar **69.900,-**
Stóll **7.990,-**
Stækkunarplata, B90 x L45 sm. **6.490,-**

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

FRÁBÆRT VERÐ

2,7 METRAR ÁÐUR 890,-
690,-

69040478

Grenilengjur
Þéttar og góðar grenilengjur.
Lengd: 2,7 metrar. 300 greinar.
Græn **690,-**
Hvít **1.290,-**

2,7 METRAR
1.290,-

69040030

KJÖRKASSINN

Á að boða til kosninga á næstunni?

Já	58,3%
Nei	41,7%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Finnst þér breytingar á eftirlaunafrumvarpinu ganga nógu langt?

Segðu skoðun þína á visir.is

Verklagsreglur um úrsögn dæmdra stjórnarmanna í vinnslu hjá fyrirtækjaskrá:

Úrsögn innan þriggja vikna

VIÐSKIPTI Þar sem engin tímamörk eru í lögum um hvenær stjórnarmenn sem verða vanhæfir til að sitja í stjórnum, eftir að dómur fellur í málum þeirra, eigi að segja sig úr stjórnum undirbýr fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra nú verklagsreglur um þetta atriði.

Líklegt er að miðað verði við að úrsögn eigi sér stað innan þriggja vikna frá dagsetningu bréfs fyrirtækjaskrár til viðkomandi stjórnarmanns. Þetta kemur fram í skriflegu svari embættisins við fyrirspurn Fréttablaðsins, vegna stjórnarsetu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, stjórnarformanns Baugs UK ltd.

ÚR STJÓRNUM Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður Baugs UK ltd., hefur verið að segja sig úr stjórnum íslenskra félaga undanfarið, en dómur í Baugsmálinu féll 5. júní síðastliðinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hljóti stjórnendur eða stjórnarmenn fyrirtækja dóm vegna brota í starfi verða þeir vanhæfir til að gegna þeim störfum í þrjú ár frá uppkvaðningu dóms. Í svari fyrirtækjaskrár kemur fram að stjórnarmenn geti sagt sig úr stjórnum að eigin frumkvæði. Geri þeir það ekki sé það undir öðrum stjórnarmönnum komið að víkja viðkomandi úr stjórn. Slíkt geti farið fram á næsta stjórnarfundi, aðalfundi eða aukaaðalfundi til að hægt sé að skipa nýjan mann í stjórn.

Heimilt er að dæma stjórnarmenn til sektargreiðslna eða fangelsisvistar allt að ári ef stjórn félags sinnir ekki skyldum sínum í kjölfar dóms þar sem stjórnarmaður missir hæfi til stjórnarsetu, segir í svari fyrirtækjaskrár.

- bj

Hægfara veirusjúkdómur:

Sýking á minkabúi í Skagafirði

DÝRALÍF Sjúkdómurinn plasmacytósa hefur komið upp á minkabúi í Skagafirði. Þetta kemur fram á heimasíðu Matvælastofnunar. Sjúkdómurinn er skilgreindur sem A-sjúkdómur í íslenskum lögum. Það þýðir að krafist er niðurskurðar á bústofni greinist hann, líkt og gert er þegar riðuveiki greinist í sauðfé.

Plasmacytósa er hægfara veirusjúkdómur. Helstu einkenni hans eru lystarleysi, þorsti, blóðleysi og blæðingar úr nefi og munni. Sjúkdóminn er ekki hægt að meðhöndla með lyfjum, né fyrirbyggja með bólusetningu.

- hhs

Óttast samfélagsleg áhrif niðurskurðar

Niðurskurði hjá heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni fylgir uppbrot samfélaganna sem í hlut eiga, er mat forstöðumanna. Hreinlegast að hverfa til ársgamals launaumhverfis. Tíu prósent flatur niðurskurður er ekki útilokaður.

HEILBRIGÐISMÁL Stórtækur niðurskurður heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni getur þýtt uppbrot samfélaga og fólksflótta. Afturhvarf til ársgamals launaumhverfis er nefnt sem hugmynd til að spara þá upphæð sem heilbrigðisstofnunum er gert að skera niður.

Fjármálaráðuneytið hefur látið þau boð út ganga að öll ráðuneyti reyni að skera niður kostnað um tíu prósent af ársveltu. Í tilfelli heilbrigðisráðuneytisins þarf að skera niður um tólf milljarða króna. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um að allar stofnanir heilbrigðiskerfisins, eða önnur ráðuneyti, þurfi að beita flötum niðurskurði um tíu prósent. Það er hins vegar ekki útilokað, samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu.

Guðjón Brjánsson, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Akraness, segir að uppsagnir starfsfólks komi aðeins til greina sem neyðarúrræði. „Það er vegið að stoðum þessara stofnana. Það sem ég tel einfaldast og heiðarlegast er að fara inn í það launaumhverfi sem var hér fyrir einu ári. Það væri um það bil tíu prósent niðurskurður. Ef þetta yrði gert kæmumst við hjá því að breyta grunnuppbyggingu þessara stofnana.“ Guðjón telur að niðurskurðurinn geti þýtt uppbrot í þeim samfélögum sem í hlut eiga og fer fram á að heilbrigðisráðherra kynni sem fyrst sína niðurstöðu. „Fyrst og síðast er um pólitíska ákvörðun að ræða. Þetta hvílir þungt á stjórnendum jafnt sem starfsfólki og nauðsynlegt að línur skýrist strax á næstu dögum.“

SKURÐAÐGERÐ Skurðstofu á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja hefur verið lokað, níu starfsmönnum var sagt upp störfum. Skerða þarf starfsemi fæðingardeildarinnar vegna niðurskurðar.

> Það sem ég tel einfaldast og heiðarlegast er að fara inn í það launaumhverfi sem var hér fyrir einu ári.
>
> **GUÐJÓN BRJÁNSSON,** FORSTJÓRI HEILBRIGÐISSTOFNUNAR AKRANESS

Magnús Skúlason, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, segir að tíu prósenta niðurskurður þýði að leggja verði af starfsemi og skerða þjónustu. Nefnir hann lokun skurð- og fæðingardeildar sem dæmi í því samhengi. „Það leiðir svo einfaldlega til þess að fólk flytur til Reykjavíkur á læknastofur þar eða á Landspítalann. Kaupið verður greitt úr öðrum vasa en jafnframt veldur þetta meiri kostnaði og óþægindum fyrir íbúa Suðurlands. Það blasir við.“

Víkurfréttir segja frá því að skurðstofu Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja hafi verið lokað, samkvæmt fyrirmælum frá ráðuneytinu. Þar hafa tvær nýjar skurðstofur verið innréttaðar með öllum tækjum nýlega. Ljóst þykir að starfsemi fæðingardeildarinnar muni skerðast mikið frá því sem nú er. Borgarafundur um alvarlega stöðu stofnunarinnar er í undirbúningi.

svavar@frettabladid.is

Lögreglan á Suðurnesjum gómaði tvo stórtæka þjófa í Grindavík:

Fann þýfi fyrir tugi milljóna

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Suðurnesjum hefur fundið gríðarlegt magn þýfis í Grindavík. Verðmæti þess er áætlað nema tugum milljóna króna.

Þýfið var í tveimur bílskúrum svo og húsnæði sem tveir menn höfðu til umráða. Þeir sátu í gæsluvarðhaldi í viku en hefur nú verið sleppt. Þessi fundur lögreglu hefur leitt til þess að hátt í tíu innbrot og þjófnaðarmál á Suðurnesjum og Suðurlandi hafa verið upplýst í kjölfarið.

Að sögn Öldu Hrannar Jóhannsdóttur, fulltrúa lögreglustjórans á Suðurnesjum, voru bílskúrarnir tveir sem mennirnir höfðu yfir að ráða troðfullir af þýfi. Sama máli gegndi um leiguhúsnæðið sem þeir höfðu til umráða. Einkum var um að ræða ýmis vinnutæki, svo sem loftpressur, borvélar, hæðarmæla, hellur, tvær kerrur og annað í þeim dúr. Þá fannst mikið magn af olíu í tunnum sem mennirnir höfðu tekið ófrjálsri hendi hvar sem fyrir þeim varð. Í sumum tilvikum höfðu þeir tappað olíu af vinnuvélum. Í öðrum tilvikum tóku þeir brúsa og tunnur sem þeir komu höndum yfir. Stórtækastir voru þeir þó þegar þeir stálu heilu olíutönkunum á hjólum. Sjö til níu tankar fundust í þýfissúpunni. Heildarmagn olíunnar sem fannst í geymslum mannanna var nær 2.500 lítrar, eða eitt og hálft tonn.

HLUTI ÞÝFISINS Meðal þess sem mennirnir stálu voru eitt og hálft tonn af olíu, borvélar og hæðarmælar svo fátt eitt sé nefnt.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Talsvert af þýfinu er talið koma frá verktökum sem unnu við Reykjanesbraut og Helguvík. Þjófnaðarmálin sem upplýstust í kjölfar fundar þýfisins komu öll upp á þessu ári.

Alda segir að verið sé að vinna í málinu með tryggingafélögunum. Hluti af þeirri vinnu sé að ákvarða verðmæti þýfisins. Þá hefjist mikil vinna við að koma munum í hendur eigenda sinna. Það muni taka tíma því yfir hundrað tól og tæki hafi verið haldlögð. Það lýsir umfanginu best að lögregla varð að fá allmarga flutningabíla til að safna því saman.

Mennirnir tveir eru á þrítugsaldri. Þeir hafa báðir komið við sögu lögreglu áður.

- jss

Xibit. Barborð. Espressólituð, olíuborin eik 120x120 cm. H. 91 cm. Verð 134.500,- **NÚ 107.600,-** Fæst einnig sem borðstofuborð. 90x160/260 cm. Verð 129.900,- **NÚ 103.920,-** 90x220/320 cm. Verð 134.900.- **Nú 107.920.-** *Stækkunarplötur seldar sér.* Stækkun 90x76 cm. Verð 12.450,- **NÚ 9.960,- Glamour.** Barstóll úr glæru akrýlefni með krómfótum. H. 72 cm. Verð 24.900,-

borðstofuborð
159.920-
SPARAÐU 39.980,-



Silon. Borðstofuborð. Gegnheil olíuborin eik. 96x230 cm. Verð 199.900,- **NÚ 159.920,-** *Stækkunarplötur seldar sér.* Stækkun 96x50 cm. Verð 19.900,- **NÚ 15.920,- Silon.** Borðstofustóll, eik/hvítt leður. H. 103 cm. Verð 54.900,-

borðstofuborð
159.920,-
SPARAÐU 39.980,-



Anon. Borðstofuborð. Gegnheil handunnin reyklituð eik. 96x230 cm. Verð 199.900,- **NÚ 159.920,-**
Anon. Borðstofustóll,svart leður/handunnin reyklituð eik. H. 103 cm. Verð 54.900,-

borðstofuborð
79.920,-
SPARAÐU 19.980,-

Brescia. Borðstofuborð, antíkhvítt 110x160/260 cm. Verð 99.900,- **NÚ 79.920,-** *Stækkunarplötur innifaldar.*
Lecce. Borðstofustóll, antíkhvítur m/örmum. H. 92 cm. Verð 39.900,-
Borðstofustóll antíkhvítur án arma H.92 cm. Verð 32.900,-

borðstofuborð
63.920,-
SPARAÐU 15.980,-

Lyon. Borðstofuborð, gegnheil olíuborin eik. 90x180 cm. Verð 79.900,- **NÚ 63.920,-** *Stækkunarplötur innifaldar.*
Luci. Borðstofustóll, leður/ómeðhöndluð eik.
Einnig til brúnn H. 99 cm. Verð 19.950,-

HAFLIÐI RAGNARSSON
CHOCOLATIER

Vaffla m/rjóma og kaffi alla helgina
490,-

Meira úrval í verslun - tilboð gilda til 28. nóv.
sendum um allt land - verslaðu á www.ilva.is

ILVA Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík **s:** 522 4500
mánudaga - föstudaga **11-19** laugardaga **10-18** sunnudaga **12-18**

VEISTU SVARIÐ?

1. *Hverjir hlupu naktir í kringum Hallgrímskirkju í gær?*
2. *Hvaða stjórnmálamaður þykir líklegastur til að verða utanríkisráðherra Baracks Obama?*
3. *Hvaða íslenska hljómsveit mun hita upp fyrir Cold War Kids á tónleikaferð um Evrópu?*

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 62

Niðurstaða hóps sérfræðinga sem fjölluðu um hvítabjarnakomur síðasta sumar er afdráttarlaus:

Skynsamlegast að skjóta hvítabirnina

UMHVERFISMÁL Skynsamlegast er að fella hvítabirni sem koma hingað til lands í framtíðinni, að mati hóps sérfræðinga sem fjallaði um bjarnakomur hingað til lands.

Tveir birnir gengu á land síðasta sumar og voru þeir báðir felldir. Reynt var að ná síðari birninum lifandi til að flytja hann á ísbreiðuna, en fallið frá því þegar hætta þótti stafa af honum.

Þeir sérfræðingar sem hópurinn leitaði til voru á einu máli um að fella ætti hvítabirni sem kæmu hingað til lands.

„Jafnvel var tekið það djúpt í árinni að eina rökrétta viðbragðsáætlunin hér á landi ætti að vera að fella dýrin enda þau langt frá heimkynnum sínum, ógni öryggi og gætu mögulega verið sýkingavaldur fyrir önnur dýr hér á landi," segir í skýrslunni.

Hópurinn, sem skilaði niðurstöðum sínum í lok september, segir að talið sé að um 22 þúsund dýr séu í ísbjarnarstofninum.

Vísað er til þess að birnirnir séu veiddir bæði á Grænlandi og í Kanada. Samtals eru veidd um 800 dýr á ári, þar af milli 50 og 60 á Grænlandi. Þá er bent á að birnirnir sem rata hingað til lands séu yfirleitt í fremur slæmu ástandi, magrir og hungraðir.

- bj

VILL KVÓTA FYRIR FELLDA HVÍTABIRNI

Margvíslegan lærdóm má draga af atburðum sumarsins, segir Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra. Hún segir lög skýr, hvítabirnir séu friðaðir hér á landi, nema hætta sé talin stafa af þeim.

Komið verður á laggirnar viðbragðshópi vegna komu bjarna hingað til lands.

„Í hvert skipti sem hvítabirnir koma hingað til lands er það óvenjulegur atburður og ber að meta hvert og eitt skipti fyrir sig. Við vitum að það eru miklar líkur á því að fella þurfi skepnuna svo ekki stafi hætta af henni," segir Þórunn. Hún segir að koma verði á samstarfi við grænlensk yfirvöld og náttúruverndarsamtök vegna hvítabjarna. Ef fella þurfi dýr hér á landi eigi stjórnvöld að kaupa kvóta fyrir veiðum á birni frá Grænlandi, til að tryggja að ekki sé gengið of nærri stofninum.

ESB-aðild sem köld vatnsgusa í Noregi

Norðmenn hafa áhyggjur af inngöngu Íslendinga í Evrópusambandið og afleiðingum þess fyrir norska hagsmuni. Meirihluti Norðmanna er andvígur aðildarviðræðum. Ísland gengur til samninga sem þrotabú, að mati norsks prófessors.

NOREGUR Norðmenn hafa þungar áhyggjur af áhuga Íslendinga á Evrópusambandsaðild og snýst umræðan einkum um það hvaða afleiðingar það hefði fyrir Norðmenn ef Íslendingar gengju í ESB. Strax og það gerðist myndi það skapa vandamál fyrir Norðmenn, að mati Janne Haaland Matlary, prófessors í stjórnmálafræði við Háskólann í Ósló, í norska blaðinu Aftenposten.

Haft er eftir Percy Westerlund, sendiherra framkvæmdastjórnar ESB gagnvart Íslandi og Noregi, að búast megi við að Íslendingar sæki um aðild að ESB jafnvel fyrir jól. Áhersla verði á snögga afgreiðslu og hugsanlega aðild strax árið 2010. „Fiskur verður á dagskrá samningaviðræðna og ESB hefur sínar kröfur sem hratt munu koma hreyfingu á norska hagsmuni. Ísland mun semja úr stöðu hins deyjandi manns, í raun sem þrotabú," segir Matlary í Aftenposten og veltir fyrir sér hvaða áhrif þetta hafi á norskan sjávarútveg sem sé ekki hluti af EES-samningnum.

Matlary bendir jafnframt á að EES-samningurinn sem slíkur verði einnig fyrir áhrifum. Liechtenstein hafi aðeins 34 þúsund íbúa og flokkist varla sem fullgildur aðili að samningnum. Norsk stjórnmál standi á þeim grunni sem EES-samningurinn gefi. Strax og Íslendingar sæki um í ESB komi brestir í þann grunn og það þurfi norskir stjórnmálamenn að horfast í augu við og ræða. Annars komi raunveruleikinn eins og köld vatnsgusa framan í þá.

Áslaug Haga, þingmaður utanríkisnefndar stórþingsins, er sammála því að innganga Íslands í ESB hafi áhrif á sambandið milli Noregs og ESB og leggur til að Norðmenn geri tvíhliðasamning beint við ESB í staðinn fyrir EES-samninginn.

KEMUR HREYFINGU Á NORSKA HAGSMUNI Norskur prófessor í stjórnmálafræði, Janne Haaland Matlary, telur að það komi sem köld vatnsgusa framan í norska stjórnmálamenn þegar raunveruleikinn og norsk innanríkispólitík mætast við inngöngu Íslands í ESB.

VILL ANNAN SAMNING Áslaug Haga, þingmaður utanríkisnefndar Stórþingsins, vill gera tvíhliðasamning beint við ESB í stað EES-samningsins.

Norðmenn eiga í samningaviðræðum við ESB um framlög í þróunarsjóð fyrir árin 2009-2013. ESB hefur krafist verulegrar aukningar en Norðmenn vilja draga úr þessum framlögum. Leiðarahöfundur Dagbladet vill nota efnahagsástandið á Íslandi, auknar líkur á uppsögnum í norsku atvinnulífi og hátt vaxtastig sem rök gegn fjárstuðningi EFTA-EES-landanna við þróunarsjóði ESB.

Tæplega 70 prósent Íslendinga eru fylgjandi því að láta reyna á aðildarviðræður við ESB. Í Noregi er meirihluti kjósenda andvígur aðildarviðræðum. ghs@frettabladid.is

Rjúpnaveiðin er frekar dræm en helst sjást stórir hópar fyrir norðan og austan:

Magnveiði heyrir sögunni til

VEIÐAR „Það sem er fréttnæmast af rjúpnaveiðinni þetta árið er að siðbót veiðanna hefur fest sig í sessi," segir Davíð Ingason, varaformaður Skotveiðifélags Íslands. „Það er einfaldlega ekki lengur í tísku að stunda magnveiðar." Davíð segir að veiðin sé frekar dræm en töluvert sjáist af fugli, helst á Norður- og Austurlandi.

Davíð segir að þeir veiðimenn sem hann hafi samband við séu á einu máli um að rjúpnaskyttur sætti sig við ráðlagða veiði upp á sjö til tíu fugla. „Þegar menn eru komnir með þessa veiði hætta menn einfaldlega. Þetta er mjög ánægjulegt og þessi siðbót sem við höfum barist fyrir undanfarin ár hefur náð eyrum manna."

Davíð segir að líflegast sé á Austfjörðum og á Norðausturlandi. „Menn hafa komist í stóra hópa í Djúpinu líka og í Eyjafirðinum. Töluvert sást í Bröttubrekku fyrir stuttu. Víðast hvar hafa veiðimenn getað glaðst yfir reitingi af fugli, en láta sér nægja að veiða í matinn fyrir sig og sína."

Óvænt þróun hefur orðið í rjúpnastofninum að mati Náttúrufræðistofnunar. Fækkunarskeið er afstaðið eftir aðeins tvö ár, kyrrstaða er um landið vestanvert en á austari hluta lands er fjölgun í stofninum. Að mati stofnunarinnar gætir hér hugsanlega áhrifa af þeirri miklu sóknarskerðingu sem ákveðin var haustið 2006 en veiðidögum var þá fækkað í átján. Einnig er talið að veiðimenn hafi hlýtt hvatningu um að sýna hófsemi í veiðum. Náttúrufræðistofnun ráðleggur að heildarveiði á þessu ári fari ekki yfir 57 þúsund rjúpur. - shá



RJÚPUR Í KJARNASKÓGI Yfirgnæfandi meirihluti veiðimanna sættir sig við að veiða í matinn fyrir sig og sína.

FRÉTTABLAÐIÐ/KK

Vinsælar jólagjafir
í Hagkaup

ÁRITAR OG SPILAR
Smáralind kl. 15:00 í dag



Guðrún Gunnars
- Umvafin englum

ÁRITA OG SPILA
Smáralind kl. 16:00 í dag
Smáralind kl. 16:00 sunnud.

Buff

ÁRITUN í dag
Smáralind kl. 14:00

Ragnheiður Gröndal
- Bella & her black coffee

100 Erlend Jólalög

KK
- Svona eru menn

Sprengjuhöllin
- Bestu kveðjur

Páll Óskar
- Silfursafnið DVD og CD

Lay Low
- Farewell good night´s sleep

Baggalútur
- Nýjasta nýtt

Bubbi og Stórsveit Reykjavíkur
- DVD og CD

Sálin hans Jóns míns
- Hér er draumurinn

Gildir til 23. nóvember eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Þrír menn í yfirheyrslum hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu:

Hálsbrotinn eftir hópslagsmál

LÖGREGLUMÁL Karlmaður um þrítugt hálsbrotnaði í hópslagsmálum í Breiðholti í fyrrinótt. Hann fékk áverka og sprungu í hálslið. Áverkinn var þó ekki alvarlegri en svo að hann fékk að fara heim af sjúkrahúsi eftir að gert hafði verið að meiðslum hans í gærdag. Hann mun sleppa með skrekkinn og er talið að hann muni ná sér að fullu eftir einhvern tíma.

Upphaf þessa máls er það, að fimm mönnum laust saman utan dyra í Breiðholtinu í fyrrinótt. Lögregla var kölluð á staðinn. Hún lagði hald á sleggju og golfkylfu.

Tildrög átakanna voru ekki með öllu ljós í gærkvöld. Mennirnir þekktust frá fyrri tíð. Talið er að einhvers konar uppgjör hafi átt sér stað, en það mun vera angi af eldra máli, þar sem peningar komu, ásamt fleiru, við sögu.

Lögregla handtók þrjá menn, sem sættu yfirheyrslum í gær. Ekki hafði verið ákveðið síðdegis í gær hvort farið yrði fram á gæsluvarðhald yfir þeim eða þeim sleppt.

BREIÐHOLT Slagsmálin áttu sér stað í Breiðholti.

MYNDIN ER ÚR SAFNI.

Allir mennirnir hafa komið við sögu lögreglu áður, misjafnlega mikið. Þeir eru í kringum þrítugt. - jss

FRÉTTASKÝRING: Átök í Samfylkingunni

Hávær krafa um kosningar eðlileg en líklega ótímabær

Búast má við miklum umræðum á flokksstjórnarfundi Samfylkingarinnar í dag. Formaður flokksins segir ekki tímabært að ræða kosningar, á sama tíma og tveir ráðherrar flokksins taka undir með fjölda flokksmanna og tala fyrir kosningum í vor.

UMRÆÐUR Líklegt er talið að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir fari yfir stöðu mála í ræðu sinni á flokksfundinum í dag og opni svo fyrir umræður. Óvenjulangur tími er ætlaður í umræður á fundinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Umræða um kosningar í vor er ekki tímabær, sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, að loknum ríkisstjórnarfundi í gær. Hún sagði ekki rétt að skipta um stjórn í slysavarnarfélagi í miðjum björgunarleiðangri.

Þannig brást hún við því að tveir ráðherrar Samfylkingarinnar, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Björgvin G. Sigurðsson, tóku undir kröfu fjölda félagsmanna um að boðað verði til þingkosninga í vor.

Með þessu er Ingibjörg ekki að útiloka að kosningum verði flýtt, enda má líta svo á að mesta björgunarleiðangrinum verði lokið í vor, segir Einar Mar Þórðarson, stjórnmálafræðingur hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Þess vegna er ekki hægt að segja að hún sé í mótsögn við þá sem vilja kosningar.

Lok björgunarleiðangursins

Undir þetta taka viðmælendur Fréttablaðsins úr hópi áhrifafólks í Samfylkingunni. Einn orðaði það svo að stóra spurningin sé hvenær Ingibjörg Sólrún vilji meina að björgunarleiðangrinum ljúki.

Þrátt fyrir það er það eðlileg krafa að kosið verði í vor, enda gjörbreyttar aðstæður í samfélaginu frá því stjórnarflokkarnir fengu sitt umboð, segir Einar. Sér í lagi verði það gjörbreytt staða ákveði Sjálfstæðisflokkurinn að setja stefnuna á aðildarviðræður að Evrópusambandinu á landsfundi í lok janúar.

Einar segir þó Ingibjörgu sennilega lesa stöðuna rétt. Óheppilegt væri að gefa það út nú að kosið verði í vor, enda myndi slíkt koma flokkunum í ákveðinn kosningaham. Þá myndi það veikja stjórnina verulega.

Vandsetið í ríkisstjórn

Líta má á kröfu Björgvins og Þórunnar um kosningar sem svo að með því séu þau að lýsa því yfir að þau styðji ekki sitjandi ríkisstjórn. Staða þeirra verður í það minnsta afar veik ef ríkisstjórnin ákveður ekki að halda kosningar í vor. Einar segir að vandséð sé að þau geti setið áfram í ríkisstjórninni verði það niðurstaðan.

Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði að loknum ríkisstjórnarfundi í gær að allir væru frjálsir sinna skoðana, og hann teldi ekki að Björgvin og Þórunn þurfi að víkja. Skilja má þau orð hans svo að geri ráðherrarnir tveir ekkert til að krefjast kosninga skipti ummæli þeirra ekki máli. Á endanum skiptir mestu hvað fólk gerir, ekki hvað það segir.

Þingmenn og annað áhrifafólk í Samfylkingunni sem rætt var við í gær sögðu það heilbrigðismerki á Samfylkingunni að ólíkar skoðanir fái að heyrast. Engu að síður er ekki útséð með að harðar umræður verði á fundinum í dag, þótt líkur séu á því. Fjögur félög Samfylkingarinnar hafa ályktað mjög harðort um kosningar og stjórn Seðlabankans. Komist umræður um það á flug gæti forysta flokksins lent í erfiðri umræðu.

Einar Mar segir afar litlar líkur á því að umræðan í dag verði Ingibjörgu Sólrúnu jafnerfið og umræða á sambærilegum fundi var fyrir forystu Framsóknarflokksins. Enn ólíklegra, og nær útilokað, sé að hún hrökklist frá í kjölfarið, eins og Guðni Ágústsson, fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins.

Undir það tekur samfylkingarfólk sem rætt var við. Flokksstjórnarfundir flokksins eru sjaldnast átakafundir og meira hugsaðir sem samráðsfundir við grasrótina.

Bent er á að Ingibjörg Sólrún geti valið þann kost að slá á óánægjuraddir með harðorðri yfirlýsingu í ræðu sinni. Líklegra sé þó að hún fari yfir stöðu mála og opni svo fyrir umræður fundarmanna. Óvenjulangur tími er ætlaður undir umræður á fundinum, sem þýðir að líklegt er að ætlunin sé að leyfa flokksmönnum að hreinsa andrúmsloftið.

Telja má víst að það að Sjálfstæðisflokkurinn hefur að nokkru leyti opnað á möguleika á aðild að Evrópusambandinu, með því að setja á laggirnar Evrópunefnd, hafi róað marga í grasrótinni gagnvart stjórnarsamstarfinu.

Armar flokksins takast á

Krafan um að Davíð Oddsson víki sem formaður bankastjórnar Seðlabankans er þó orðin býsna hávær og vandfundinn sá samfylkingarmaður sem ekki vill skipta bankastjórninni út. Viðhorf áhrifafólks í flokknum var yfirgnæfandi það að þolinmæðin gagnvart Davíð sé á þrotum og Ingibjörg Sólrún verði að sýna styrk sinn með því að taka af skarið með seðlabankastjórann.

Sumir benda þó á að Davíð sjálfum þyki ekki leiðinlegt að vera átakapunktur í samstarfi Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks og Ingibjörg Sólrún eigi erfitt með að setja þrýsting á samstarfsflokkinn vegna hans.

Viðmælendur telja flestir ólíklegt að stórra tíðinda sé að vænta af flokksstjórnarfundinum í dag. Einhverjir telja sig þó sjá gamalkunnar undiröldur í flokknum, þar sem armar Ingibjargar Sólrúnar annars vegar, og Össurar Skarphéðinssonar hins vegar, takist á.

FRÉTTASKÝRING
BRJÁNN JÓNASSON
brjann@frettabladid.is

KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ
kolbeinn@frettabladid.is

Sukk á sunnudegi

Fóru með Glitnispeninga eins og sína eigin
Ítarleg fréttaskýring Agnesar Bragadóttur

Helga Braga og Ingveldur Ýr
Systur og vinkonur, söngkonan og magadansmærin

Hoppar og skoppar
Ást og hatur á hinni ófyrirsjáanlegu krónu

Fíton/SÍA

Nýtt og ferskara helgarblað

Njóttu sunnudagsins til fulls.
Fáðu þér áskrift á ***mbl.is/askrift***
eða í síma ***569 1122***

Morgunblaðið
SUNNUDAGUR
Fáðu þér áskrift

20% afsláttur
af öllum útiseríum um helgina

GARÐHEIMAR

heimur skemmtilegra hluta og hugmynda

Stekkjarbakka 6 - sími 540 3300 - www.gardheimar.is

Jóla leikur barnanna

hver fær verðlaun?

Í ÞÝSKALANDI Svanahirðar á ánni Alster í Hamborg í Þýskalandi höfðu nóg að gera nýverið þegar kom að árvissum flutningi svana yfir í upphitaða tjörn. Á sumrin eru þeir hins vegar á ánni.

NORDICPHOTOS/AFP

Norska ríkisstjórnin gerir upp hug sinn um orrustuþotukaup:

Bandaríska þotan hafði betur

NOREGUR Norska stjórnin tilkynnti á fimmtudag að hún hefði ákveðið að mæla með því að þingið staðfesti að keyptar skyldu bandarískar F-35 „Joint Strike Fighter"-orrustuþotur (JSF) í stað F-16-orrustuþotuflota norska flughersins, sem á að úrelda á árabilinu 2015-2020.

Undirbúningur ákvörðunarinnar um þessi umfangsmestu hergagnakaup Norðmanna í marga áratugi átti sér langan aðdraganda, en aðeins tveir framleiðendur enduðu með að taka þátt í útboðinu, Lockheed-Martin sem framleiðir JSF-þotuna, og Saab-flugvélaverksmiðjurnar sænsku sem buðu orrustuþotuna Gripen.

F-35 JSF „Það var ekki mögulegt að velja Gripen þar sem sú vél uppfyllir ekki kröfur okkar," sagði Stoltenberg.

NORDICPHOTOS/AFP

„JSF er eina vélin sem uppfyllir allar kröfur sem við gerum. Hún mun eiga þátt í að tryggja öryggi á stórum hafsvæðum og hún er hagstæðust í innkaupum, rekstri og endingartíma," sagði Jens Stoltenberg forsætisráðherra.

Samkvæmt frétt Aftenposten er innkaupsverð hverrar JSF-þotu 18 milljarðar norskra króna, miðað við samning upp á kaup 48 þotna. „Líftímakostnaður" hverrar slíkrar þotu – það er samanlagt innkaupsverð, vopnabúnaður, íhlutaframleiðsla, hugbúnaður, innviðir, útgerð og rekstur til 30 ára – er sagður nema 145 milljörðum norskra króna á verðlagi ársins 2008. Á núverandi gengi samsvarar sú upphæð 2.900 milljörðum íslenskra króna.

Óánægja er með ákvörðunina í röðum Sósíalíska vinstriflokksins, flokks Kristinar Halvorsen fjármálaráðherra. - aa

Samfylkingin í Garðabæ:

Niðurskurður óásættanlegur

STJÓRNMÁL Samfylkingin á frekar að hætta í stjórnarsamstarfi með Sjálfstæðisflokki en sætta sig við að krafa um flatan niðurskurð stefni velferðarkerfinu í hættu. Þetta kemur fram í ályktun aðalfundar félags Samfylkingarinnar í Garðabæ.

Samfylkingin á að leiða hreinsun í stjórn- og fjármálakerfinu og beita sér fyrir því að stjórn og bankaráð Seðlabankans víki. Þá verði að hraða rannsókn á hruninu og eðlilegt að allir sem ábyrgð beri, hvar í flokki sem þeir standa, axli sína ábyrgð, segir í ályktuninni sem samþykkt var á aðalfundi á miðvikudag. - bj

Setti slys strik í þinn reikning?

Slys breyta aðstæðum í lífi okkar og starfi.
Fáðu greiddar þær bætur sem þú átt rétt á.

Við könnum rétt þinn á bótum!

FULLTINGI
slysa- og skaðabótamál

Fulltingi þér við hlið / www.fulltingi.is / sími 533 2050

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

Áhugi á heilbrigðisþjónustu á Íslandi

Leiðandi sjúkrastofnun í Bandaríkjunum hefur áhuga á því að vinna víðtækt starf hér á landi. Róbert Wessman segir ýmis tækifæri geta skapast.

HEILBRIGÐISMÁL „Grunnurinn hér á landi fyrir rannsóknartengda heilbrigðisþjónustu er geysilega góður. Það er ekki spurning," segir Róbert Wessman, fyrrverandi forstjóri Actavis og eigandi fjárfestingafyrirtækisins Salt Investments, sem vinnur að því að ná samningum við eina af leiðandi sjúkrastofnunum Bandaríkjanna í rannsóknarsamstarfi við Háskólann í Reykjavík og íslenskar heilbrigðisstofnanir.

RÓBERT WESSMAN

Róbert minnir á að samningum hafi ekki verið náð enn en von sé á ákvörðun innan tíðar. Heilbrigðisstofnunin sé með fjóra aðra mögulega samningsaðila til skoðunar. Hann sé þó bjartsýnn enda Ísland löngum verið tengt heilbrigði auk fjölda annarra kosta málinu tengdu.

Róbert fór ásamt konu sinni í heimsókn á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja í gær. Hann segir heimskóknina hafa verið tengda hugsanlegu verkefni. Það hafi þó einnig tengst því að hann hafi lengi haft áhuga á flestu því sem tengdist heilbrigðismálum. Hann og kona hans hafi til að mynda styrkt rannsóknarverkefni í tengslum við brjóstakrabbamein. Von sé á niðurstöðum úr því innan skamms. Sigurður Ýr Jensdóttir, læknir á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, hafi kynnt þeim aðstæður á stofnuninni.

Róbert segir að náist samningar gætu atvinnuskapandi tækifæri skapast á Íslandi. Eigi að stefna að því að fjöldi útlendinga leiti sér lækninga hér á landi og skapa efnhagslegan ávinning um leið þurfi að byggja upp starf sem þetta áður. Hann sagði erfitt að tjá sig nákvæmlega um hugmyndir að samstarfinu strax en þær væru á fremur víðtæku sviði.

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu þarf að draga saman útgjöld í heilbrigðiskerfinu um tólf milljaða eða um tíu prósent af ársveltu. Samkvæmt Víkurfréttum á Suðurnesjum þýðir niðurskurðurinn að Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þurfi að draga saman kostnað um 200 milljónir, þá þurfi að loka skurðstofu auk þess sem þjónusta á fæðingardeild verði skert mjög.

„Það væri mjög gleðilegt að koma að uppbyggingu starfs sem þessa hér á landi," segir Róbert og bætir við að það sé sérstaklega mikilvægt í ljósi stöðunnar sem nú blasir við íslensku samfélagi.

karen@frettabladid.is

FLEIRI NORÐURLANDABÚAR VILJA LÆKNINGU Á ÍSLANDI

Björn Zoëga, forstjóri lækninga, segir að möguleikar á útflutningi íslenskarar heilbrigðisþjónustu hafi verið til athugunar. Landspítalinn verði þó fyrst og fremst að huga að heimamarkaðnum. Svigrúm sé þó fyrir einhvern útflutning á þjónustu og sé þegar í gangi svo sem fyrir Færeyringa og Grænlendinga. Báðar þjóðirnar vilji að læknisverkum sem hægt sé að sækja hingað til lands sé fjölgað svo þjóðirnar þurfi í minni mæli að leita lækninga í Kaupmannahöfn. Grænlendingar hafi óskað eftir tvöfalt fleiri læknisverkum en þeir hafa áður fengið hér á landi. Þá sé von á hópi lækna frá Færeyjum í byrjun desember sem ætli að kanna aðstæður með það í huga að fjölga þeim verkum sem þeir geti sótt hingað til lands. „Við lítum okkur því næst fyrst," segir Björn. Hann bætir auk þess við að Íslendingar hafi gert nokkrar aðgerðir á offeitum Norðmönnum með góðum árangri og ábata fyrir íslenskt samfélag.

BJÖRN ZOEGA

ÝMISAR ÞREIFINGAR Í GANGI

Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra segir ýmsar þreifingar í gangi við að flytja inn sjúklinga annars staðar frá. Til að mynda hefur danska blaðið Berlingske Tidende fjallað um áhuga lækna á að flytja hingað inn sjúklinga. Hér sé þjónustan góð og eftir efnhagshrunið sé hægt að fá hér mun ódýrari þjónustu en í Danmörku. Guðlaugur segir að þessi verði gætt að fjölgun slíkra aðgerða bitni ekki á íslenskum sjúklingum og þeir muni ekki niðurgreiða þessa þjónustu. Þá geti fjölgun aðgerða haft í för með sér aukna hagkvæmi á ýmsum sviðum. Nefnir hann sem dæmi að hér á landi sé þekking og tækifæri til mun fleiri nýrnaígræðslna en nú er og fjölgun þeirra verði til þess að hver þeirra verði hlutfallslega ódýrari. Þá felist tækifæri í fjölgun á bæklunar- og augnaðgerðum.

Gengi evru er 119 kr. hjá okkur *
Gerðu verðsamanburð !!

Chevrolet Captiva
7 manna sjálfskiptur sportjeppi

VERÐ 4.782.000,-

VIÐ AUGLÝSUM EKKI VERÐ FRÁ
www.benni.is

Hluti af staðalbúnað:

- **DCS -** Eykur öryggi niður brekkur
- **Tölvustýrð miðstöð og loftkæling**
- **ESP -** Stöðugleikastýring (aftengjanleg)
- **Hraðastillir** (Cruise control) Stjórnað í stýri
- **Kæling í hanskahólfi**
- **Tenging fyrir MP3 spilara**
- **Bakkskynjari**
- **ARP -** Veltivörn
- **Tölvustýrð spólvörn**
- **Aksturstölva**
- **Sjálfvirkur birtustillir**
- **Fjöldiskaspilari**
- **18" Álfelgur**
- **LRS -** Heldur hæð við hleðslu
- **TOD -** Sjálfvirk drifstýring
- **Áttaviti og útihitamælir**
- **ISOFIX -** festing fyir barnastól
- **Og margt fleira....**

Til samanburðar við samkeppnisaðila

Samkvæmt verði frá sölumönnum umboða 19.11.2008

OPIÐ Í DAG
Líttu við í kaffi og piparkökur

Huyndai Santa Fe dísel 5 manna
Verð kr. 6.720.000,-

Nissan X-Trail dísel 5 manna
Verð kr. 5.750.000,-

Volkswagen Tiguan dísel 5 manna
Verð kr. 5.730.000,-

* Eigum nokkra Chevrolet bíla tollafgreidda á gengi EUR 119

Bílahúð Benna www.benni.is
Tangarhöfða 8-12 • Sími 590 2000

Egilsstaðir	Akureyri	Reykjanesbær
Bílasala Austurlands	Bílasalan ÓS	Bílahornið hjá Sissa
Fagradalsbraut 21-23	Njarðarnesi 1	Brekkustíg 38
Sími 471 3005	Sími 462 1430	Sími 420 3300

CAPTIVA er glæsilegur sportjeppi sem tekið er eftir. Bíllinn er hannaður til að mæta kröfum evrópskra ökumanna og er útkoman áberandi glæsilegur bíll. Kraftmikil túrbo dísilvél, 5 þrepa sjálfskipting og þú getur valið 5 eða 7 manna bíl. Komdu við hjá okkur, við erum á Tangarhöfðanum - Alltaf heitt á könnunni.

Chevrolet gæði
frábært verð.

CHEVROLET

Dvergarnir úr

Skilaboðaskjóðunni

heimsækja Jólalandið í dag kl.14:00

HÚSASMIÐJAN

Kaffi Garður

Heitt súkkulaði með rjóma
og íslensk smákaka
milli kl. 14:30-17:00
alla helgina
190kr

ÍSLENSK
SVEPPASÚPA
m/brauði
190 kr
milli kl. 11:30-14:00
alla helgina
í Skútuvogi

ÍS
10 kr
í Blómavali
Skútuvogi

Jól og fjör í Skútuvogi

Jólastjarna
999 stk

Gjöf
sem nýtist

Gjafakort
Húsasmiðjunnar/Blómavals

Jólakúlur
12 stk í pk
999

Sýpris
399 stk

Eva Solo
fæst í
EGG
Blómavali

Eva Solo
hvítlaukspressa

ótrúlegt verð
299 kr/m

Slönguljós
2701576

SAMA VERÐ
ALLAR JÓLASERÍUR Á SAMA VERÐI OG Í FYRRA



Blick

yfir 20 ára reynsla
í Húsasmiðjunni/Blómavali

ódýrt
Hefðbundnar inni og útiseríur, hagkvæmar og fallegar.

inniseríur

10 ljósa	199
20 ljósa	299
35 ljósa	459
50 ljósa	589
100 ljósa	999

útiseríur

40 ljósa	879
80 ljósa	1.399
120 ljósa	2.239
200 ljósa	3.999

Chrissline
útiseríur

Frábær “warmwhite” ljósasería sem endist lengur.

verð frá
1.990
50 ljósa

Betra verð fyrir jólin

frábært verð
899

Aðventuljós
hvít, viðar og rauð
5899631-3

699

Grenilengja
9 ft x 8”
2718500

1.299

Aðventukrans
2705536

Gjöf sem nýtist á góðu verði

GJÖF SEM NÝTIST

blómaval

Hleðsluskrúfvél 6.999
3.6V, LI-ON rafhlaða.
5246008

Herraúlpa 7.999
Aquatex m/öndun
5869734-48

Samlokujárn 3.849
~~4.799~~
Bomann Estate
1840843

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

OMX ÍSLAND 15
635 **+0,05%**

Fjöldi viðskipta: 61
Velta: 32 milljónir

MESTA HÆKKUN

ATLANTIC PETROL.	10,16%
BAKKAVÖR	0,49%

MESTA LÆKKUN

FØROYA BANKI	1,48%
EIMSKIPAFÉLAGIÐ	0,76%
ÖSSUR	0,51%

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR: 238,2 +0,13%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 3,70 +0,00% ... Atorka 0,50 +0,00% ... Bakkavör 2,07 +0,49% ... Eimskipafélagið 1,31 -0,76% ... Exista 4,62 +0,00% ... Icelandair Group 13,05 +0,00% ... Kaupþing 0,00 +0,00% ... Marel Food Systems 76,90 -0,26% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 7,08 +0,00% ... Össur 97,00 -0,51%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Jónas Friðrik í Markaðnum

Jónas Friðrik Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, hefur sáralítið tjáð sig í fjölmiðlum síðustu vikurnar um ástæður og afleiðingar hruns fjármálakerfisins. Í dag verður hann hins vegar aðalgestur í Markaðnum hjá Birni Inga á Stöð 2 og mun þar ræða Icesave-innlánsreikningana, ábyrgð stjórnvalda og eftirlitsaðila, starfsemi skilanefnda bankanna, sem starfa á ábyrgð Fjármálaeftirlitsins, og þá hörðu gagnrýni sem fram kom í ræðu Davíðs Oddssonar, formanns bankastjórnar Seðlabankans, á morgunverðarfundi Viðskiptaráðs á dögunum. Ætla má að margir leggi við hlustir enda standa nú mörg spjót á Jónasi og annar hver maður sérfróður um fjármálaeftirlit eftir fall bankanna.

Buiter orðinn banki, vill peninga!

Willem Buiter, prófessor við London School of Economics, sem skrifaði umtalaða skýrslu um íslensku bankana í sumar, lýsir því yfir á bloggsíðu sinni á Financial Times að hann og eiginkona hans séu nú orðin bankastofnun. Buiter bendir á að fjöldi fyrirtækja sem ekki geta talist til banka, þeirra á meðal General Motors, hafi að undanförnu sótt um að vera vottuð sem bankar, í þeim tilgangi einum að fá aðgang að björgunarsjóðum bandarískra stjórnvalda.

Buiter viðurkennir að hann skorti reynslu af bankarekstri, en spyr um leið hvort sé vitlausara að treysta sér fyrir milljörðum af skattfé almennings eða afhenda þá mönnum sem hafa þegar tapað tugum milljarða og gert stórfyrirtæki gjaldþrota. Krafa hans er samhljóða kröfum annarra ofurlaunastjórnenda á einkaþotum: „Gefðu mér peninga."

Gott flug á Færeyingunum

Hagnaður færeyska flugfélagsins Atlantic Airways nam 13,7 milljónum danskra króna á þriðja ársfjórðungi. Þetta jafngildir rúmum 320 milljónum íslenskra á núverandi gengi krónu. Hagnaður félagsins á sama tíma í fyrra var rúmum fjórum milljónum danskra meiri.

Rekstrarhagnaður nam 37,9 milljónum danskra króna á tímabilinu sem er tæpum átta milljónum meira.

Haft er eftir Magne Arge, forstjóra Atlantic Airways, í afkomutilkynningu að hann sé ánægður. Félaginu hafi tekist að haga seglum eftir vindi en útlit sé fyrir erfiðleika á næsta ári. **- jab**

Heildarendurskoðun banka í gangi

Skilin milli nýrra banka og gamalla voru rædd utan dagskrár á Alþingi í gær.

Viðskiptaráðherra hefur skipað nefnd um heildarendurskoðun á bankamarkaði. Þetta kom fram í umræðum utan dagskrár á Alþingi í gærmorgun. Meðal annars skoðar nefndin reglur um viðskipti starfsmanna við fjármálafyrirtæki, veðsetningu hluta í fjármálafyrirtækjum, eignarhald, stórar áhættuskuldbindingar og krosseignatengsl.

Álfheiður Ingadóttir, þingmaður Vinstri-grænna, var málshefjandi í umræðunum og beindi spurningum til Björgvins G. Sigurðssonar, viðskiptaráðherra. Hún sagði allt óljóst varðandi stefnu og fyrirætlan stjórnvalda hvað bankana varðaði og taldi spurningar hafa vaknað um getu þeirra til að sinna þjónustu við fólk og fyrirtæki. Álfheiður benti á yfirlýsta fyrirætlan stjórnvalda um að einkavæða bankana jafnskjótt og auðið væri og kvaðst vara við öllum flýti í þeim efnum, líta bæri til reynslu Svía og Norðmanna þar sem ríkið sé eigandi á bankamarkaði.

Á ALÞINGI Álfheiður Ingadóttir beinir spurningum til Björgvins G. Sigurðssonar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELMS

Björgvin G. Sigurðsson segist telja bankana vel í stakk búna til að sinna einstaklingum og fyrirtækjum í landinu, en í byrjun næsta árs verði lokið endurskoðun á eignastöðu þeirra. Hann telur jafnframt vert að skoða í fullri alvöru aðkomu erlendra aðila að bönkunum. „Ég legg þó áherslu á að ekkert hefur verið ákveðið í þá veru þó rætt hafi verið við kröfuhafa um slíka aðkomu. Við það eru bæði kostir og ágallar." Björgvin segist jafnframt áður hafa lýst þeirri skoðun að ríkið haldi einhverjum hlut í bönkunum þegar losað verði um þá hluti síðar. „En auðvitað verður að standa allt öðru vísi að einkavæðingu á bönkunum en gert var síðast," segir hann, en jafnframt kom fram í máli Björgvins að hann efaðist um gildi þess að sameina bankana og minnti í þeim efnum á að samkeppnisstofnun hafi áður lagst gegn sameiningu Landsbankans og Búnaðarbankans. Þá segir hann starfshóp að störfum vegna vanda minni fjármálafyrirtækja. „Við vonumst til að lokið sé þrotahrinu fjármálafyrirtækja hér." **- óká**

FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN

Aukaársfundur
Frjálsa lífeyrissjóðsins

Aukaársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins verður haldinn 16. desember nk. kl. 17.15 í höfuðstöðvum Kaupþings, Borgartúni 19.

Dagskrá:

1. Ávarp stjórnarformanns
2. Rekstur og ávöxtun ársins 2008
3. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
4. Önnur mál

Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins verða birtar á www.frjalsilif.is og verða aðgengilegar í höfuðstöðvum Kaupþings tveimur vikum fyrir aukaársfund. Stjórn sjóðsins hvetur sjóðfélaga til að mæta á fundinn.

KAUPÞING

Markaðir vestanhafs hrynja

Ellefu og hálft ár hafa þurrkast út úr kauphöllinni í New York. Botni virðist ekki náð á fasteignamörkuðum. Nýbyggingar ekki færri síðan mælingar hófust.

UPPGEFINN VERÐBRÉFASALI Hlutabréfaverð tók kipp uppávið í gær eftir að hafa fallið um nærri 14 prósent í vikunni. MARKAÐURINN/AFP

Hlutabréfamarkaðir um allan heim lækkuðu mikið í vikunni en dæmi eru um að hækkun heils áratugar hafi orðið að engu eftir fall síðustu daga. Helstu vísitölur í Asíu gengu þó til baka í gær. Evrópumarkaðurinn var enn á niðurleið á meðan bandarískar vísitölur vógu salt beggja vegna núllsins í byrjun dags.

S&P 500 hlutabréfavísitalan bandaríska, sem mælir verð 500 stærstu fyrirtækja landsins er álitlegri mælikvarði á ástand markaðarins en Dow Jones, sem inniheldur einungis þrjátíu umsvifamestu fyrirtækin, féll um 12,5 prósent. Við lokun markaða á fimmtudag hafði lokagildi hennar ekki verið lægra síðan í apríl 1997. Við það þurrkuðust ellefu og hálft ár úr kauphöllinni í New York.

Helstu ástæður dýfunnar vestra eru afleitar hagtölur og svört hagspá Seðlabanka Bandaríkjanna fyrir næstu mánuði. Í fundargerð stjórnar bankans sem gerð var opinber á miðvikudag er talið að efnahagskreppunni muni ekki létta fyrr en í fyrsta lagi um mitt næsta ár og ekki megi útiloka að teygjast muni úr henni.

Þá voru tölur um atvinnuleysi ekki til að blása kjarki í brjóst manna. Þær sýndu óvænta aukningu á nýjum umsóknum um atvinnuleysisbætur og hafa ekki verið fleiri á atvinnuleysisskrá í 16 ár. Hagspá seðlabankans gerir ráð fyrir að fækka muni í röðum atvinnulausra eftir þrjú ár, eða um svipað leyti og hagvöxtur eykst.

Þá vegur þungt að fá ef engin merki eru um að fljótlega glitti í botninn á á fasteignamörkuðum vestanhafs. Talið er víst að það sé lykilatriði áður en viðsnúningur geti hafist að ráði í efnahagsmálum þar í landi. Tölur bandarísku hagstofunnar um nýbyggingar í október endurspegla ástandið ágætlega. Samdráttur var í byggingum nýrra húsa upp á 4,5 prósent á milli mánaða og fór hann við það í 38 prósent miðað við sama tíma í fyrra. Nýbyggingar hafa ekki verið færri síðan mælingar hófust, árið 1959.

Útlitið framundan er svart, því umsóknum um nýbyggingarleyfi fækkaði enn meira milli mánaða, eða um 12,1 prósent. Ástæðan er offramboð íbúðarhúsnæðis, en nóg er af óseldum nýbyggingum á markaði til að svara 10 mánaða eftirspurn.

Tölur landssamtaka fasteignasala sýna að verðlækkun fasteigna hefur nú dreifst til fleiri borga en áður, en á þriðja ársfjórðungi var hún um 9 prósent miðað við sama tíma í fyrra. Ástæða verðlækkunarinnar er ekki síst talin fjölmargar nauðungarsölur sem fjölgaði um 5 prósent í október og voru 25 prósentum fleiri en á sama tíma í fyrra. Nú er svo komið að 35–40 prósent af öllum seldum eignum eru nauðungarsölur.

Bandaríkjamenn eru síður en svo þar einir á báti því nýjustu upplýsingar af stöðunni benda til að ástandið sé litlu betra hjá frændum þeirra Bretum, sem horfðu á 11.300 fasteignir teknar upp í skuldir vegna vanskila á þriðja ársfjórðungi. Þetta er tólf prósenta aukning á milli mánaða, samkvæmt gögnum Samtaka breskra húsnæðislánafyrirtækja. Eins og til að bæta gráu ofan á svart eru engar tölur til um samanburð á milli ára enda þetta fyrsta árið sem samtökin taka saman tölur sem þessar.

msh@markaduirnn.is/ - jonab@markadurinn.is

Skýrslan til eftir helgina

Skýrsla starfshóps Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem unnin var í tengslum við lán sjóðsins til íslenska ríkisins (svokallað *staff report*) verður birt í byrjun næstu viku. Í viljayfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um áform stjórnvalda vegna fjárhagslegrar fyrirgreiðslu hjá sjóðnum er tekið fram að sjóðnum sé heimilt að birta skýrsluna og önnur gögn.

Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabankanum er skýrslan á forræði sjóðsins og birt þegar sjóðurinn er tilbúinn til þess. Upplýsingafulltrúi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins segir alla jafna nokkra daga líða frá umfjöllun stjórnar sjóðsins þar til skýrslur sem þessar eru birtar.

Kristján Kristjánsson, upplýsingafulltrúi forsætisráðuneytisins, segir unnið að „smávægilegum textaleiðréttingum" á vegum sjóðsins í Washington og þýðingu skýrslunnar á íslensku. Þessu starfi ljúki líklega í byrjun næstu viku. **-msh/óká**

SÖNN SPENNUSAGA OG DRAMATÍK

Aðfararnótt 23. janúar 1973. Jörð skelfur, eldstrókar rísa með hvellum og drunum ... 5.300 íbúar Heimaeyjar eru í hættu. **Hér lýsa Eyjamenn flóttanum mikla og einstakri samstöðu.**

ÞEGAR BÖRNIN TÝNDUST

Nú kemur í fyrsta skipti fram **einstaklega áhrifarík saga níu manna fjölskyldu á Heimaey** þegar hjón **týna fjórum barna sinna** í tæpa tvo sólarhringa. Þegar síðasti bátur fer úr höfn neyðast foreldrarnir til að sigla til lands **án barnanna sinna.**

Við fylgjumst einnig með **„stríðsástandinu“** – örlagaatburðum í febrúar og mars. Vikurstórhríðinni, ógnum hraunstraumsins, hundruðum húsa sem brunnu og hetjulegri baráttu Eyjamanna. Í bókinni eru 130 ljósmyndir.

3. sæti
Penninn / Eymundsson
METSÖLULISTI

Útkallsbækur Óttars Sveinssonar hafa verið í efstu sætum metsölulistanna í hálfan annan áratug og hafa verið gefnar út víða um heim. Lesendur gleyma sér í spennandi frásögn - þar sem höfundurinn og söguhetjurnar lýsa sönnum atburðum.

ÚTKALL
Sími 562 2600



Nýsir

EINSTÖK OG SÖNN SAGA

Þegar Corinne er í fríi í Kenía með kærastanum **gerist hið óvænta**

STÓRA ÁSTIN

SÖNN SAGA KONU SEM LÉT HJARTAÐ RÁÐA FÖR

„Þarna situr hávaxinn, dökkbrúnn og framandi karlmaður á ferjunni. Guð minn góður hvað hann er fallegur.“

Frá þessari stundu **breytist líf Corinne** ... hún ákveður að finna masaíann aftur eftir að hann hverfur í mannþröngina. Þegar fríinu lýkur fer hún heim til Evrópu, **slítur sambandinu við kærastann, selur verslunina sína, leigir íbúðina út og heldur aftur til Kenía.** Bókin hefur verið þýdd á 30 tungumál og kvikmynd hefur verið gerð eftir henni.

Þetta er sönn saga um ást, ævintýri og örlög í framandi heimi.

HEFUR SELST Í YFIR FJÓRUM MILLJÓNUM EINTAKA

ÚTKALL
Sími 562 2600



Nýsir

skoðun

greinar@frettabladid.is

Brot í hugmyndafræði Íslendinga.

Í deiglunni býr nú fjölbreytileiki

SVANBORG SIGMARSDÓTTIR SKRIFAR

Fyrir fáum vikum síðan voru mun meiri höft á því hvað hægt var að segja, svo tekið væri mark á því. Þetta átti til dæmis við þá sem voru taldir standa nokkuð um of til vinstri, í fornum tímum kommúnismans sem ætti ekki við lengur, og því var hægt að dæma þá orðræðu úr leik. Það sem hefur gerst á þessum örfáu vikum síðan allt fór á hvolf er ótrúleg gróska umræðunnar. Í kjölfarið hafa girðingar, sem áður höfðu það hlutverk að stjórna umræðunni, fallið. Áfram er reynt að stjórna því hvað telst eðlilegt að segja og hvað ekki. Þolinmæði landsmanna gagnvart þeim tilmælum er bara mun minni en áður.

Þessi „lausung“ á umræðunni er ekki einsdæmi í sögunni. Líkt og áður mun þessi gluggi frjálsrar og óheftrar umræðu lokast. Eftir skamma hríð, þegar þjóðin er aftur lent, mun aftur myndast forræði ákveðinnar orðræðu sem útilokar aðrar og það þrengist að því sem er hægt að segja án þess að vera ýtt út í jaðarinn. Mörkin sem aðskilja jaðarinn munu færast til, sem aftur mun hafa veruleg áhrif á starf stjórnmálaflokka, ætli þeir ekki að úreldast hratt.

Það er fyrirsjáanlegt að um tíma muni almenningur hafa aukinn vara á sér hvað varðar einkavæðingu og einkarekstur. Krafist verður frekari ábyrgðar einkaaðila sem ætla að sinna þjónustu fyrir hið opinbera. Á sama hátt verður gerð krafa til hins opinbera um hvernig brugðist verði við gjaldþroti einkaaðilanna. Krafa sem ekki hefur farið hátt hingað til, því einhvern veginn var ekki gert ráð fyrir því að slík fyrirtæki gætu rúllað.

Með hruni bankakerfisins fengu stjórnvöld aukin völd, sem þau höfðu áður gefið frá sér. Rökin voru þau að ríkið eigi ekki að standa í samkeppnisrekstri og að einkaaðilar geti mun betur rekið banka en ríkið. Einnig kom til vantraust almennings sem hafði um áratugaskeið upplifað pólitíska misnotkun á bönkunum, meðal annars í gegnum lánveitingar. Eitt af vandamálum bankanna nú – og stjórnvalda – er að traust á einkaaðilum í bankarekstri hefur tapast og traust á ríkisvaldinu í bankarekstri hefur ekki áunnist. Meðal þess sem nú verður að ræða, og nást einhver sátt um, er takmörkun á völdum ríkisvaldsins. Á ríkisstjórnin til dæmis að hafa möguleikann á því, í nafni neyðarráðstöfunar, að víkja frá almennum reglum réttarríkisins eins og hún virðist hafa gert á undanförnum mánuði?

Á tímum lausungar og neyðarástands getur myndast sú staða að sökum óðagots, eða falskrar trúar á fáa valkosti, brjóti Alþingi og ríkisstjórn gegn grundvallarmannréttindum almennings. Ástandið getur jafnvel haft þau áhrif að meirihluti þjóðarinnar trúi því að það sé nauðsynlegt að gefa afslátt af slíkum réttindum. Þetta er staða sem Vesturlandabúar upplifðu í kjölfar árásarinnar á Tvíburaturnana í New York og samþykktu í kjölfarið takmarkanir á borgaralegum réttindum. Þeim sem mótmæltu skerðingu réttinda var ýtt á jaðarinn. Í umræðunni nú þarf að gæta þess að þessi staða komi ekki upp aftur. Það verði varðstaða um réttindi landsmanna og réttarríkið Ísland. Frá því má ekki hvika, jafnvel þó svo einstaka reiðar raddir kalli eftir því að lög landsins eigi ekki alltaf við og frá þeim verði að víkja.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Spurt í þinginu

Tvær fyrirspurnir voru lagðar fram í þinginu í gær. Í annarri spyr Kristinn H. Gunnarsson viðskiptaráðherra um samskipti hans og Fjármálaeftirlitsins og í hinni vill Árni Þór Sigurðsson vita um fjölda og aðbúnað íslenskra fanga í fangelsum í útlöndum. Þá var lögð fram þingsályktunartillaga þingmanna úr öllum flokkum um að þingfundum verði útvarpað um allt land (í greinargerð er ekki gerð grein fyrir hvað slíkt kostar) og að útsendingar hefjist eigi síðar en næsta haust.

Marklaust?

Allt væri þetta gott og blessað ef gjörvöll stjórnarandstaðan, í nafni formanna stjórnarandstöðuflokkanna, hefði ekki líka lagt fram í gær tillögu um vantraust á ríkisstjórnina, þingrof og kosningar. Er ekkert að marka þá tillögu? Er hún bara lögð fram til að komast í útvarpið? Vill stjórnarandstaðan ekki ríkisstjórnina frá og nýjar kosningar? Ætlast hún þá til að það verði síðustu verk ríkisstjórnarinnar og þess þings sem nú starfar að leita að Íslendingum í fangelsum í útlöndum og ráðast í tugmilljóna króna uppbyggingu á útvarpsdreifikerfi?

Maður ársins

Í heitu pottunum er nú skrafað um hvern hlustendur Rásar 2 kjósa mann ársins 2008. Eins og sakir standa eru Bjarni Harðarson, Egill Helgason og Hörður Torfason helst taldir koma til greina. Svandís Svavarsdóttir var maður ársins í fyrra og Ómar Ragnarsson árið þar áður. Í gegnum árin hafa svo menn á borð við Ólaf F. Magnússon, Garðar Sverrisson og Ólaf Ragnar Grímsson verið menn ársins á Rásinni.

bjorn@frettabladid.is

Sjálfbær afturbati

Alþjóðlega efnahagskreppan sem nú steðjar að stafar ekki einungis af hræðslukasti í fjármálaheiminum heldur einnig af mun dýpri óvissu um framtíðarstefnu alþjóðlegra efnahagsmála. Neytendur draga úr kaupum á húsnæði og bifreiðum, ekki aðeins vegna þess að þeir hafa orðið fyrir fjárhagslegu tjóni út af lækkandi verði hlutabréfa og húsnæðis, heldur einnig vegna þess að þeir vita ekki hvert þeir eiga að halda. Ættu þeir að taka áhættuna af því að kaupa sér nýja bifreið þegar bensínverð gæti hækkað upp úr öllu valdi á ný? Verður þeim kleift að afla sér matar eftir hinar hrikalegu matvöruverðshækkanir sem orðið hafa á þessu ári?

Ákvarðanir um fjárfestingar fyrirtækja eru enn erfiðari. Fyrirtæki eru treg til að fjárfesta þegar eftirspurn neytenda hrapar og þau standa frammi fyrir meira áhættutjóni en áður hefur þekkst vegna lántökukostnaðar. Þau standa einnig frammi fyrir gríðarlegri óvissu. Hvers konar orkuver munu teljast boðleg í framtíðinni? Verður þeim leyft að losa jafn mikið af koltvísýringi og áður? Munu Bandaríkin áfram hafa efni á úthverfalífi þar sem íbúðahverfum er dreift um allar grundir sem krefst daglegra langferða á bifreiðum?

Að stórum hluta mun efnahagsbati ráðast af mun skýrari sýn en áður á framtíð efnahagslegra breytinga. Þetta er einkum verkefni stjórnvalda. Eftir hina óljósu og misráðnu forystu Bush-stjórnarinnar þá þarf Barack Obama, nýkjörinn forseti, að byrja á því að leggja drög að framtíðarstefnu fyrir bandarískan efnahag. Bandaríkin eru þó ekki eina hagkerfið í þessari jöfnu. Við þurfum alþjóðlega sýn um sjálfbæran efnahagsbata sem felur í sér að forystan komi meðal annars

JEFFREY SACHS

Í DAG | Endurreisn efnahags

frá Kína, Indlandi, Evrópu, Suður-Ameríku og jafnvel frá Afríku, sem hefur lengi verið á útjaðri alþjóðlegs efnahagslífs, en er svo sannarlega partur af því núna.

Innan um óvissuna og glundroðann eru nokkrir fastir punktar sem augljósir mega teljast. Í fyrsta lagi geta Bandaríkin ekki haldið áfram að fá lán frá öðrum löndum eins og undanfarin átta ár. Vöruskiptajöfnuður Bandaríkjanna þarf að verða hagstæðari, sem þýðir að vöruskiptajöfnuður Kína, Japans og fleiri umframframleiðsluríkja þarf að verða óhagstæðari. Í öðru lagi þarf að vega upp á móti minnkandi neyslu Bandaríkjamanna að hluta til með aukinni fjárfestingu. Á hinn bóginn munu einkafyrirtæki ekki fjárfesta meira nema skýr stefna sé fyrir hendi í efnahagsmálum. Obama hefur lagt áherslu á „grænan endurbata“, það er efnahagsbata sem er byggður á sjálfbærri tækni en ekki aðeins á eyðslu neytenda.

Í þriðja lagi verður efnahagsbati Bandaríkjanna ekki trúverðugur nema einnig sé fundin leið til að koma ríkisfjármálunum í lag. George W. Bush hafði þá efnahagsstefnu að lækka skatta þrisvar sinnum en auka útgjöld til stríðsrekstrar. Útkoman varð gríðarlegur fjárlagahalli, sem verður orðinn hreint tröllslegur á næsta ári (hugsanlega þúsund milljarðar dala) þegar ofan á hann leggjast auknar byrðar vegna samdráttar, björgunaraðgerða fyrir bankana og skammtímainnspýtingar í efnahagslífið. Meðal annars þarf að hætta stríðsrekstri í Írak, auka skatta á auðmenn og smám saman taka upp nýja neysluskatta.

Í fjórða lagi verður að líta á hin fátæku svæði heimsins sem fjárfestingartækifæri en ekki sem ógn eða staði sem þarf að forðast. Meðan helstu grunnkerfisfyrirtæki Bandaríkjanna, Evrópu og Japans búa við mikla umframgetu, þá ættu Alþjóðabankinn og aðrir alþjóðasjóðir að fjármagna stórar grunnkerfisframkvæmdir í Afríku, til að leggja vegi, reisa orkuver, byggja upp hafnir og símakerfi.

Í venjulegum viðskiptasveiflum eru löndin yfirleitt látin sjálf um að ná sér á strik. Í þetta skiptið þurfum við á alþjóðlegri samvinnu að halda. Til þess að efnahagsbati náist er nauðsynlegt að verulegar breytingar verði á viðskiptaójafnvægi, tækniþróun og ríkisfjárlögum. Þessar víðtæku breytingar þarf að samhæfa milli stærstu hagkerfa, ef ekki í smáatriðum þá að minnsta kosti með óformlegum hætti. Hvert ríki þarf að átta sig á meginstefnu breytinganna sem gera þarf bæði innanlands og á heimsvísu, og öll ríki þurfa að taka þátt í því að notfæra sér nýja sjálfbæra tækni og sameiginlegri fjármögnun alþjóðlegra verkefna, eins og til dæmis aukna fjárfestingu í grunnstoðum Afríkuríkja.

Við erum komin á þann stað í sögunni að samvinna leiðtoga á vettvangi alþjóðastjórnmála er orðin mikilvægari en nokkru sinni. Til allrar hamingju hafa Bandaríkin tekið stórt skref fram á við með því að kjósa Obama. Nú þarf að hefja verkið.

Höfundur er prófessor í hagfræði við Kólumbíuháskóla. ©Project Syndicate, 2008

Vandinn er heimatilbúinn

UMRÆÐAN

Eiríkur Bergmann Einarsson skrifar um EES

Íslensk stjórnvöld hafa látið í veðri vaka að hrun bankakerfisins eigi einna helst orsök í óviðráðanlegum ytri aðstæðum. Annars vegar vegna alþjóðlegu fjármálakreppunnar og hins vegar vegna kerfisvillu í evrópsku reglugerðaverki um innstæðutryggingar. Þetta er einkar heppileg skýring fyrir innlend stjórnvöld því þar með bera þau enga ábyrgð. Hvítþvotturinn gengur jafnvel svo lagt að í máli sumra er látið sem skuldbindingar um tryggingar á reikningum í erlendum útibúum íslenskra banka hafi á einhvern hátt komið á óvart. Efast má um hæfni efnahagsyfirvalda sem halda slíku fram enda hefur þessi staða legið fyrir frá því Ísland undirritaði EES-samninginn. Kerfisvandinn sem varð Íslandi að falli var heimatilbúinn. Við opnuðum fjármálamarkaðinn inn á 500 milljóna manna innri markað ESB en örgjaldmiðillinn okkar var áfram varinn af aðeins þrjú hundruð þúsund Íslendingum. Í slíka stöðu hafði ekkert ríkjanna á Evrópska efnahagssvæðinu komið

EIRÍKUR BERGMANN EINARSSON

sér og við þessu óráði var margvarað. Fjöldi fræðimanna hefur þráfaldlega varað við að blessuð krónan gæti ekki staðið undir starfi bankanna á galopnum evrópskum fjármálamarkaði.

Það er engin tilviljun að með Maastrict-sáttmálanum sem undirritaður var sama ár og EES, 1992, voru teknar tvær ákvarðanir samtímis. Annars vegar að fullklára opnun fjármálamarkaða og hins vegar að verja fjármálakerfið með sameiginlegri mynt, evrunni, og sameiginlegum seðlabanka sem yrði lánveitandi til þrautavara. Á þeim tíma óraði engan fyrir að tiltekin ríki myndu taka sig út úr því ráðslagi, eins og síðar varð raunin þegar Danir, Bretar og Svíar ákváðu að halda um sinn í eigin gjaldmiðil. Öll ríkin gerðu þó viðhlítandi ráðstafanir til að verja sína mynt. Norðmenn eru varðir af olíusjóðnum og öll nýju aðildarríki ESB hafa tekið skref til varnar. Aðeins Ísland þverskallaðist við. Eins og glöggur maður nefndi var krónan of lítil fyrir bankana en evran of stór fyrir íslenska stjórnmálamenn. Því fór sem fór.

Höfundur er dósent og forstöðumaður Evrópufræðaseturs Háskólans á Bifröst.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

JÓLATILBOÐ

30% AFSLÁTTUR!

REKKJUNNAR

CHERY
Leðurrúmstæði með heilsudýnu (160x200). Innifalið botn, rammi og gafl. Hægt er að velja um fjórar tegundir af heilsudýnum.

Áður 349.850 kr.
NÚ 244.895 kr.
= 104.955 kr.
AFSLÁTTUR!

PRIME
Leðurrúmstæði með heilsudýnu (160x200). Innifalið botn, rammi og gafl. Hægt er að velja um fjórar tegundir af heilsudýnum.

Áður 247.181 kr.
NÚ 173.027 kr.
= 74.154 kr.
AFSLÁTTUR!

VIKTORIA
Rúmstæði með heilsudýnu (160x200). Innifalið botn, rammi og gafl. Hægt er að velja um fjórar tegundir af heilsudýnum.

Áður 339.900 kr.
NÚ 237.930 kr.
= 101.970 kr.
AFSLÁTTUR!

GEFÐU GÓÐA NÓTT Í JÓLAGJÖF Í ÁR

Í REKKJUNNI FÆRÐU GJÖF HANDA ÞÍNUM NÁNUSTU SEM GERIR HVERJA NÓTT GÓÐA NÓTT

20% AFSLÁTTUR!

HEILSUKODDAR
í miklu úrvali
á einstöku jólatilboði
VERÐ FRÁ 5.900 KR

KAUFFMANN
Hitajöfnunar dúnsængurnar frá Kauffmann sem hafa farið sigurför um heiminn.

10% AFSLÁTTUR!

Verð frá
25.920 kr.

MIKIÐ ÚRVAL AF SÆNGURFÖTUM Á ÓTRÚLEGU JÓLATILBOÐI

20% AFSLÁTTUR
Verð frá
4.240 kr.

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

FERSKT GRÍSAKJÖT- GOTT VERÐ !

ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR **499 kr./kg.**

ALI REYKTUR GRÍSABÓGUR **698 kr./kg.**

ÍSLANDSGRÍS KÓTILETTUR 1069 kr./kg.
MERKT VERÐ 1779 KR./KG.

ÍSLANDSGRÍS RIFJASTEIK 598 kr./kg.
MERKT VERÐ 998 KR./KG.

ÍSLANDSGRÍS LUNDIR 1498 kr./kg.
MERKT VERÐ 2498 KR./KG.

BÓNUS HAMBORGARHRYGGUR
959 kr./kg. MERKT VERÐ 1198 KR./KG

Þykkvabæjar

ÞYKKVABÆJAR KARTÖFLUGRATÍN
600g 298 kr.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARD: 10.00-18.00 SUNNUD. 12.00-18.30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR

HOLTA FERSKAR PÍRI PÍRI KJÚKLINGABRINGUR
1869 kr./kg. MERKT VERÐ 3398 KR./KG.

BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1554 kr./kg. 30% afsláttur MERKT VERÐ 2220 KR./KG

ALI FERSKUR HEILL KRYDDAÐUR KJÚKLINGUR
659 kr./kg. MERKT VERÐ 1098 KR./KG.

FROSNIR BLANDAÐIR KJÚKLINGABITAR
299 kr./kg. 40% afsláttur MERKT VERÐ 499 KR./KG.

KOFAREYKT HANGILÆRI M/BEINI **1424 kr./kg.** MERKT VERÐ 1898 KR./KG.

KF KOFAREYKT FOLALDAKJÖT M/BEINI
399 kr./kg. MERKT VERÐ 664 KR./KG.

KS LAMBALÆRI Í SNEIÐUM **1155 kr./kg.** MERKT VERÐ 1359 KR./KG.

498

NAUTAVEISLU
NAUTAHAMBORGARAR
4 STK M/BRAUÐI
498 kr.

BÓNUS GÓU KONFEKT 800g **998 kr.**

Með fyrirvara
um prentvillur eða
uppseldar vörur.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARD: 10.00-18.00 SUNNUD. 12.00-18.30

Athugasemdir við grein Helga Hjörvars

UMRÆÐAN
Ingimundur Friðriksson skrifar um stjórn Seðlabanka Íslands

INGIMUNDUR FRIÐRIKSSON

Í grein í Fréttablaðinu 21. nóvember 2008 rekur Helgi Hjörvar alþingismaður 23 atriði sem hann telur sýna fram á stjarnfræðilegt vanhæfi yfirstjórnar Seðlabankans. Hér skal aðeins í örstuttu máli brugðist við athugasemdum Helga í sömu töluröð og þær voru í grein hans.

1. Seðlabankinn er ekki gjaldþrota. Líkt og margir aðrir er líklegt að Seðlabankinn verði fyrir tjóni vegna hruns bankanna en stærð þess liggur ekki fyrir. Seðlabankinn bauð innlendum bönkum upp á áþekka fyrirgreiðslu og seðlabankar í öðrum löndum og tók að veði hliðstæð verðbréf og aðrir seðlabankar, þ.m.t. skuldabréf útgefin af bönkum. Hið sama gerði t.d. Seðlabanki Evrópu. Hægt hefði verið að búa svo um hnúta að veð Seðlabankans hefðu verið tryggð í uppskiptingu bankanna í október. Kosið var að fara þá leið sem farin var til þess að kröfuhafar sætu allir við sama borð og að ekki yrði sköpuð tilefni til málssóknar af hálfu erlendra kröfuhafa vegna mismununar.

2. Seðlabankinn hefur ræki lega gert grein fyrir gjaldeyrisforða sínum í ritum sínum og annars staðar. Í minnisblaði sem birt var á heimasíðu bankans 9. október sl. var gerð grein fyrir viðleitni hans til þess að stækka forðann í ár. Gagnrýni Helga er hafnað.

3. Ekki er rétt að bankanum hafi staðið til boða lán frá JP Morgan á góðum kjörum sl. vor, hvað þá í þeirri fjárhæð sem Helgi gefur í skyn.

4. Það er rangt að bankinn átti sig ekki á hlutverki sínu í fjármálastöðugleika. Hann hefur kappkostað að sinna því hlutverki af kostgæfni eins og endurspeglast m.a. í ritum hans. Þá hefur hann beitt reglum um gjaldeyrisjöfnuð og lausafjárkvöð og vakað yfir hvoru tveggja. Lækkun bindiskyldu árið 2003 var síðasti áfanginn í að skapa innlendum fjármálafyrirtækjum sömu rekstrarskilyrði og fjármálafyrirtæki bjuggu við á evrópska efnahagssvæðinu. Það var í samræmi við stefnu sem mótuð var á árinu 1998. Frá árinu 2003 voru bindiskyldureglur Seðlabanka Íslands nánast samhljóða reglum Seðlabanka Evrópu.

5. Seðlabanki Íslands náði verðbólgumarkmiði sínu á fyrri hluta verðbólgumarkmiðsskeiðsins. Rækilega hefur verið gerð grein fyrir því hvers vegna erfitt var að ná markmiðinu á síðustu misserum og fer því fjarri að þar sé við Seðlabankann einan að sakast. Framvinda opinberra fjármála, skattabreytingar, fyrirkomulag húsnæðislána, opinberra og annarra, stórðiðjufjárfestingar, miklar launahækkanir o.fl. urðu þess valdandi að þensla varð meiri en ráðið var við með stjórntækjum peningamála einum.

6. Svar við 5. lið á að nokkru leyti við í 6. lið. Kynnt var undir neyslu og fjárfestingargleði með ónógu aðhaldi á öðrum sviðum efnahagslífs en peningamála.

7. Þessi liður er tæpast svaraverður. Gjaldeyrisforði þjóðarinnar er ávaxtaður samkvæmt reglum sem um það gilda, í traustum skuldabréfum og á innlánsreikningum í alþjóðlega viðurkenndum og traustum fjármálafyrirtækjum.

8. Seðlabankinn hafði ágæta mynd af stöðu bankanna á fyrri hluta þessa árs eins og endranær. Það sem kristallaðist fyrr á þessu ári var mat alþjóðlegra fyrirtækja á hve langvinn alþjóðlega fjármálakreppan yrði og hversu erfið hún gæti orðið bönkum sem reiddu sig í þeim mæli sem íslenskir bankar gerðu á fjármögnun á alþjóðlegum lánamörkuðum.

9. Lækkun bindiskyldu á erlendum útibúum íslenskra banka fyrr á þessu ári fól í sér að bindiskyldureglurnar voru lagaðar að því sem gildir í Seðlabanka Evrópu. Í regluverki hans eru innstæður í útibúum evrópskra banka á Evrópusvæðinu en utan heimalands ekki háðar bindiskyldu.

10. Því er alfarið hafnað að fjármálastöðugleikaskýrslan frá því í maí sl. feli í sér villandi upplýsingagjöf. Þar er framvindan rakin ítarlega og gerð grein fyrir veikleikum í stöðunni. Skýrslan talar best sínu máli, rétt eins og fyrri skýrslur bankans um fjármálastöðugleika. Einnig má vitna til umsagna annarra, svo sem matsfyrirtækja og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fyrr á þessu ári. Rétt er að minna á að hamfarir riðu yfir alþjóðlega fjármálamarkaði eftir að skýrslan var gefin út í maí sl., einkum nú á haustmánuðum.

11. Viðbragðsáætlanir höfðu verið gerðar í Seðlabankanum.

12. Um vaxtabreytingar í október var fjallað í fréttatilkynningu bankans og Peningamálum nú í nóvember og engu við að bæta.

13. Seðlabankinn keppti ekki við viðskiptabankana um fjármagn með skuldabréfaútgáfu og lánalínum. Hann samdi fyrir hönd ríkissjóðs um lán með milligöngu þýsks banka í ágúst sl. Í þeim viðræðum kom aldrei fram og var aldrei nefnt að lánveiting til ríkissjóðs myndi hafa áhrif á önnur viðskipti þeirra banka á Íslandi. Annað kom á daginn og kom öllum á óvart.

14. Bankinn hefur áður svarað því af hverju hann átti ekki aðild að samningum norrænna seðlabanka við bandaríska seðlabankann. Ekki var unnt að greina frá þeim á meðan þær stóðu yfir. Fráleitt er að halda því fram að þar hafði verið um viðvaningshátt að ræða. Aftur er vitnað til minnisblaðs bankans frá 9. október sl.

15. Það var ríkisstjórnin sem ákvað að taka yfir Glitni. Ákvörðunin var ekki stórslys. Um aðra kosti var ekki að velja eins og málum var þá komið.

16. Um miðjan október fetaði Seðlabankinn og önnur stjórnvöld sig inn í nýtt umhverfi eftir hrun bankanna. Gengi krónunnar var ekki fest heldur var um milliáfanga að ræða þar til það fyrirkomulag var valið sem fylgt hefur verið í meginatriðum síðan. Aðstæður kröfðust óvenjulegra en eins skipulegra viðbragða og unnt var.

17. Kastljóssviðtal við formann bankastjórnar hafði ekkert með fall Kaupþings að gera.

18. Tilkynning um lán rússneskra stjórnvalda var byggð á upplýsingum sem bankanum bárust á þeim tíma og ekki var ástæða að ætla annað en að þær væru fullkomlega áreiðanlegar.

19. Það er mat hvers og eins hvort ummæli af því tagi sem vitnað er til í 19. tölulið hafa sérstök áhrif á trúverðugleika íslensks fjármálakerfis. Ýmsir hafa tjáð sig í erlendum fjölmiðlum um íslenskt fjármálakerfi og ekki víst að það hafi allt verið hjálplegt.

20. Liðir 20. til 22. vísa til ræðu formanns bankastjórnar á dögunum og tengdra hluta og mun hann skýra þau sjálfur að því marki sem hann telur tilefni til.

23. Ég kannast ekki við að seðlabankastjóri hafi veitt seðlabankastjórum annarra ríkja tilsögn í mannasiðum.

Dylgjur um að Seðlabankastjórn muni verja lánum frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum á óeðlilegan máta eru ósmekklegar svo vægt sé til orða tekið og ekki svaraverðar. Er líklegt að lánveitendur, Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og aðrir, myndu veita lánin ef ástæða væri til að efast um að þeim yrði skynsamlega varið?

Óskandi væri að umræður um Seðlabankann og verk hans yrðu málefnalegri og mótuðust ekki af sjónarmiðum sem í engu snerta það mikilvæga viðfangsefni bankans að taka þátt í endurreisn þjóðarbúskaparins eftir áföll haustsins.

Höfundur er bankastjóri Seðlabanka Íslands.

Inntekk

Geymsludagar
frá 20.11 - 01.12

elfa hillur og vírkörfur, Halogen ljós, límtrésborðplötur hnota birki og beyki, skápahöldur, Hailo ruslafötur, hnífaparabakkar, búrskápar, hilluefni 30 og 40 cm og margt fleira.

40 - 60%
afsláttur

Opnunartími mán til föstudags 08.00-18.00
10.00-15.00 á laugardögum

Inntekk ehf Klettagarðar 6 104 Reykjavík • sími 580 6767
Fax 580 6768 • e-mail: inntekk@inntekk.is

Hér segir frá vondu fólki

UMRÆÐAN
Sighvatur Björgvinsson skrifar um stjórnmálaumræðu

SIGHVATUR BJÖRGVINSSON

Í hartnær fjóra áratugi hef ég fylgst náið með störfum Alþingis og umfjöllun um Alþingi og alþingismenn í fjölmiðlum og orðræðum þar um meðal fólks. Stundum sem áhorfandi. Oftar sem þátttakandi. Á þeim árum hef ég átt samskipti og samleið með fjöldanum öllum af konum og körlum, sem starfað hafa á Alþingi, komið þar og farið.

Ég man þó ekki eftir öðru en sú skoðun hafi ávallt verið mjög eindregin; jafnvel ríkjandi; að alltaf hafi á þessu tímabili valist til setu á þjóðþinginu vont fólk, vanhæft og spillt og á allt of háum launum. Þannig hefur a.m.k. umræðan verið Þó fólk af þessu tagi hafi jafnan horfið á braut í talsverðum hópum ekki síðar en á fjögurra ára fresti hefur aldrei neitt skárra fólk komið í staðinn. Í heil fjörutíu ár. Merkileg sú þjóð sem aldrei getur valið sér nema vont fólk til starfa á löggjafarsamkomu sinni. Eins og sagt er þó að mikið sé til af hæfu og góðu fólki sem sé miklu betur til starfans fallið en það fólk, sem þjóðin hefur valið. Meira að segja sá stóri hópur fjölmiðlafólks, sem setið hefur á Alþingi, hefur ekkert reynst vera skárra fólk en aðrir.

Slík er ógæfa þjóðarinnar að meira að segja úr hópi mestu gagnrýnendanna hefur aldrei tekist að velja nema versta fólkið. Meira en tímabært að spurt sé hvort ekki sé rétt að menn hætti að velja sér löggjafarsamkomu með þessum hætti. Hvort ekki muni gefa miklu betri raun að þjóðþingið sé einfaldlega skipað þeim, sem skipa sig bara sjálfir? Er ekki orðið fullreynt að brúka kosningar? Þær skila engu nema vondu fólki. Ólánssöm er sú þjóð sem sjálf getur aldrei valið sér nema vont fólk til forystu.

Bönnum rotnu og spilltu flokkana!

Þá er það flokkakerfið. Það hefur nú alltaf verið rotið og gegnumspillt. Þó hefur þjóðin alltaf af og til verið að reyna að stofna nýja flokka. Ég man í svipinn eftir Lýðræðisflokknum, Þjóðvarnarflokknum, Borgaraflokknum, Bandalagi jafnaðarmanna, 0-flokknum og Þjóðvaka; nýjum flokkum sem þjóðin hafnaði. Gömlu flokkunum langlífu; Alþýðuflokki og Alþýðubandalagi; sem nú eru dauðir. Íslandshreyfingunni, sem engu náði fylgi. Af fimm stjórnmálaflokkum, sem nú sitja á Alþingi, er einn á táningsaldri; Frjálslyndi flokkurinn; og tveir á barnsaldri; Samfylkingin og Vinstri grænir. Þrátt fyrir allar þessar tilraunir til þess að virkja félagafrelsið til þess að stofna nýja stjórnmálaflokka hafa þeir alltaf reynst vera rotnir og gegnumspilltir. Er ekki orðið fullreynt? Er ekki kominn tími til þess hreinlega að banna þessa flokkastarfsemi? Og þá að sjálfsögðu í nafni lýðræðisins.

Það hefur svo sem verið gert bæði fyrr og síðar í öðrum löndum. Að banna stjórnmálaflokka. Í nafni lýðræðisins.

Burtu með þingræðið!

Og ríkisstjórnin! Hafa ekki allar ríkisstjórnir í landinu brugðist? Ekki man ég betur en sú skoðun hafi verið mjög ofarlega; jafnvel efst á baugi og mjög almenn í þessi fjörutíu ár. Þessar ríkisstjórnir hafa verið sagðar selja sjálfstæði þjóðarinnar a.m.k. fjórum sinnum í mínu fjörutíu ára pólitíska minni og geri aðrar ríkisstjórnir betur! Að minnsta kosti jafnoft hafa þær verið skipaðar einstaklingum, sem þjóðarsálin jafnvel sakaði um landráð og landsölu. Svo ekki sé talað um svikarana, lygarana og ómerkingana.

Er nú ekki nóg komið? Er nú ekki fullreynt? Skipum utanþingsstjórn! Hvað er nú það? Það er jú stjórn skipuð fólki sem þjóðin hefur ekki kjörið á þing! Sum sé góðu fólki. En sú stjórn getur ekkert gert ef hún nýtur ekki stuðnings þingsins. Það er sú skipan mála, sem við Íslendingar höfum og kallast þingræði! Virkilega?!? Þá afnemum við þetta þingræði. Förum barasta fylktu liði inn í Alþingishúsið og hendum þessu þingliði út á götu. Lýðræðið þarf á því að halda!

Þetta á sér líka fordæmi frá öðrum þjóðum. Þar var það líka gert í nafni lýðræðisins.

Heimskan gegn vanhæfni og spillingu!

Á leiðinni í vinnuna í morgun hlýddi ég á unga menn ræða saman í útsendingu einnar útvarpsstöðvarinnar. Þeir töluðu til skiptis um lýðræði og lýðveldi og virtust halda að þau orð þýddu slíkt hið sama og hvorugt hafði hjá þeim þá merkingu, sem mér var kennt af vondu fólki að þau þýddu hvort um sig. Þessir ungu menn voru að gefa þjóðinni ráð í þrengingum hennar í krafti þekkingar sinnar. Þeir höfðu auðheyrilega ekki haft jafn náin kynni af því sem vont fólk aðhefst og vesalingurinn ég í mínu fjörutíu ára brambolti innan um slíkt fólk og þau heimskulegu viðhorf, sem þar eru höfð að leiðarljósi. Heimskan, sem minn gamli vinur og félagi Vilmundur Gylfason sagði að væri áttunda dauðasyndin.

Vonandi bætist nú sú höfuðsynd, heimskan, ekki ofan á spillingu og vanhæfni þess vonda fólks, sem þjóðin hefur valið úr hópi sínum til þess að leiðsegja sér það sem af er lýðveldistímanum. Fyrr má nú rota en dauðrota!

Höfundur er fyrrverandi ráðherra og alþingismaður.

NÓATÚN

Lambabógur
Verð áður 899

Úr kjötborði
698 kr. kg

Grísakótilettur
Verð áður 1.498

Úr kjötborði
998 kr. kg

Léttreykt lambakóróna
Nýtt í Nóatúni

Úr kjötborði
2.998 kr. kg.

KEA
Londonlamb

1.498 kr. kg.

SS Grand Orange
Helgarsteik

25% afsláttur

SS Slátur
Ósoðið og frosið

40% afsláttur

Ungnautaglóðaborgari
Ca. 120 g

Úr kjötborði
139 kr.stk.

Veisluuppskriftir
úr eldhúsi Nóatúns

250 blaðsíður af gómsætum forréttum, aðalréttum og eftirréttum.
Myndir af öllum réttum.

Til styrktar Fjölsmiðjunni
1.290kr.
Verð

Allt söluandvirði bókarinnar rennur til styrktar Fjölsmiðjunni sem er vinnusetur fyrir ungt fólk á aldrinum 16-24 ára.

Odense marsipan
Allt fyrir konfektgerðina

Kalkúnn
Frosinn

898 kr. kg

EXPO • www.expo.is

Baguette
Brauð

199 kr. stk.

Nóatúns smákökur
Súkkulaði- og mintukökur
Salthnetusmákökur m/ súkkulaði

599 kr. pk.

Appelsínur

179 kr. kg

NÓATÚN

www.noatun.is

Muniði hvað þetta var leiðinlegt?

UMRÆÐAN
Halldóra Thoroddsen skrifar um góðæri

HALLDÓRA THORODDSEN

Vitund tímabils veitir okkur sameiginlega sýn og þessi sameiginlega sýn verður svo fyrirferðamikil að hún lýstur okkur sameiginlegri blindu, skyggir á aðra sjónarhóla. Vitund tímabils er furðulegt fyrirbæri. Hún gengur undir ýmsum nöfnum svo sem tímadraugur, tíðarandi og jafnvel tíska. Verklagið á sennilega stærstan þátt í að lita hvert tímabil. Það má segja að við séum alltaf í álögum.

Eftir hrun kommúnismans í Evrópu tók við æsilegt frjálshyggjuskeið sem litað hefur líf okkar síðastliðna áratugi. Nú er þessi skrítni draumur á enda eftir harkalegan árekstur við veruleikann. Ég veit að margir eiga bágt og kvíða nú fátækt og basli. Þó hefur það komið mér á óvart undanfarna daga hvað mörgum er létt. Fólk hittist á götu (jafnvel ókunnugir) og spyr hvert annað um líðan og horfur en bætir svo gjarnan við í léttari tón „en varst þú ekki orðin þreytt á þessu?“

Þegar gömlu kommarnir fóru til Sovétríkjanna til að skoða sæluríkið forðum, komu þeir gjarnan heim dálítið miður sín. Jafnvel þeir sem enn trúðu á réttlæti í framkvæmd urðu að viðurkenna hvað þessi sýndarveruleiki þarna austur frá væri hundleiðinlegur. Kommúnismi og kapítalismi eru tvær hliðar sama draums. Kerfi sem gætu kannski gagnast okkur í syndlausum heimi. Ef veruleikinn væri öðruvísi. Kerfin eiga það þess vegna sameiginlegt að þurfa að útbúa sýndarveruleika svo að þau „gangi upp“. Þau útheimta að lífið sé einsleitt og fari bara fram undir ljósastaurnum.

Ég hef séð lýsingar á þessum leiðindum í nokkrum sendibréfum kaldastríðs-tímabilsins og get bara ekki komist hjá því að bera þau saman við þau leiðindi sem við höfum nú nýverið gengið í gegnum. Ekki má þó misskilja mig svo að ég sjái ekki hinn stóra mun, hér voru ekki milljónir drepnar, hér var enginn sendur í þrælkunarbúðir.

Í Sovétríkjunum átti alþýðan að vera glöð og njóta tilreiddra skemmtiatriða ríkisins. Í hverju ráði sátu sléttgreiddir litlir karlar sem höfðu bólgnað út af bitlingum og voru orðnir æði heimaríkir. Það voru þessir menningasnauðu nýríku karlar sem voru hliðverðir jafnt í listrænum efnum sem í almennri fyrirgreiðslu, settu verkefni á koppinn. Þeir byggðu sér villur með smekklausu dýru dótarí í bland við Steinway-flygla og skilerí eftir hirðmálara. Dót sem í þeirra huga túlkaði stétt þeirra og stand. Þessa rassa þurfti að sleikja til allra verka. Varla var haldinn viðburður svo ekki færi lunginn úr opnunarhátíðinni í að klappa aðalhvatamanninum lof í lófa. Ekki mátti gagnrýna neitt í þessum besta heimi allra heima, fólk þurfti að hvísla ólund sinni í eigin barm ef það átti ekki að hljóta verra af.

Þessu var auðvitað öðruvísi fyrir komið hér á skerinu meðan á æðinu stóð. En kerfið okkar fyrirskipaði líka þessa sömu gervigleði því hlutabréfin ganga fyrir bjartsýni. Og þeir sem gagnrýndu voru ekki sendir í þrælkunarbúðir en þeir voru stimplaðir „öfundsjúkir úrtölumenn“ eða bara beinlínis of leiðinlegir og áttu ekki upp á dekk. Þeir komust ekki í fjölmiðlana sem vildu vera léttir og skemmtilegir samkvæmt dagskipun. Fjölmiðlarnir stunduðu upplýsingaafþreyingu þar sem öllu var blandað saman í eina langdregna auglýsingu aðallega um eigið ágæti. Hið heilaga gamlársskaup þjóðarinnar var að lokum slitið í sundur með auglýsingum. Bjargúlfarnir voru ekki opinberir starfsmenn en voru nánast komnir í hliðvarðarstöðu jafnt í listum sem í almennum framkvæmdum. Vart mátti halda hér viðburð nema að vegsama kostunaraðila í bak og fyrir. Það mátti ekki setja niður hríslu án þess að montspjöld og fánar skyggðu á: „við kostuðum lundinn“ sögðu Essó og Glitnir. Ég þekki marga sem urðu aldrei fyllilega samdauna þessu montsamfélagi Þeir urðu feimnir og miður sín af því að þetta var í hrópandi ósamræmi við þau gildi sem þeir ólust upp við. Okkur var talin trú um að rótgróin ríkisapparöt eins og útvarp, sjónvarp, sjúkrahús og háskólar gætu ekki lengur starfað nema vegna kostunaraðila og allir áttu einhvern veginn að verða svo fegnir yfir þessu öllu. Sál okkar var farið að þyrsta í annars konar veruleika, fjölbreytilegri og sannari.

Krakkar, Þegar harðnar á dalnum á komandi árum, minnumst þess þá, okkur til huggunar, hvað þetta var hundleiðinlegur sýndarveruleiki.

Höfundur er rithöfundur.

Horft til framtíðar

UMRÆÐAN
Páll Magnússon skrifar um uppbyggingu atvinnulífsins

PÁLL MAGNÚSSON

Í nýlegri grein minni í Fréttablaðinu voru lagðar fram tillögur til að bregðast við stórauknum skuldum heimila og fyrirtækja. Þar var lagt til að skuldir yrðu afskrifaðar, gengið yrði til viðræðna við Evrópusambandið um inngöngu í það og breytingar gerðar á stjórn Seðlabanka Íslands. Hér eru lagðar fram tillögur um uppbyggingu atvinnulífs og nauðsynlega breytingu á starfsháttum í stjórnmálum.

Áhersla á nýsköpun

Fjölmargir hafa bent á þá leið sem Finnar fóru í atvinnuþróun fyrir nærri 20 árum. Mikilvægt er að stjórnvöld ljúki við þá stefnumótun, sem þegar hefur verið hafin hér að finnskri fyrirmynd. Hún hefur þegar að hálfu leyti verið farin hér. Með samþykkt laga um vísinda- og tækniráð árið 2003 var vísindarannsóknum og tækniþróun komið í svipaðan farveg og í Finnlandi, enda kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu að skipulag rannsóknarmála í Finnlandi hafi verið haft til hliðsjónar við gerð þess. Auk þessa voru sett ný lög árið 2003 um opinberan stuðning við vísindarannsóknir og opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun. Nýir sjóðir tóku til starfa, sem hafa yfir mun meira fjármagni að ráða til stuðnings vísinda- og tæknirannsóknum í landinu en áður hefur þekkst. Allar þessar breytingar voru gerðar með hliðsjón af reynslu Finna og reyndar var einnig horft til annarra þjóða sem hafa náð góðum árangri, eins og Íra, Skota, Dana og Ástrala. Gerðir hafa verið vaxtarsamningar, unnið að uppbyggingu þekkingarsetra og klasamyndun fyrirtækja – allt að finnskri fyrirmynd. Mikilvægt er að leggja meira fé til vísindarannsókna og í opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun og ljúka við að sameina stofnanir sem sinna atvinnuþróun í landinu.

Fjármagn til orkufyrirtækja

Skoða ber möguleika á því að lífeyrissjóðir eigi kost á að lána orkufyrirtækjunum fé til framkvæmda. Afar brýnt er að uppbygging orkumannvirkja haldi áfram enda slíkar framkvæmdir mannfrekar og leiða til útflutningsverðmæta síðar meir. Aðgangur orkufyrirtækja að lánsfjármagni er takmarkaður í þeirri lánsfjárkreppu sem nú ríkir á heimsvísu. Þá hefur lækkandi lánshæfismat íslenska ríkisins neikvæð áhrif, a.m.k. á Landsvirkjun.

Styrking sveitarfélaga

Sveitarfélögin í landinu munu gegna lykilhlutverki næstu misseri. Aukið atvinnuleysi mun koma mjög við þeirra starfsemi, m.a. félagsþjónustu þeirra. Þá er afar mikilvægt að þyngri rekstur hafi ekki þau áhrif að þjónustugjöld hækki. Hækkun þeirra skilar sér beint í verðlag og heldur uppi verðbólgu. Hlutdeild sveitarfélaga í tekjuskatti þarf að auka um 1% gegn skuldbindingu um óbreytt þjónustugjöld. Með þessu ásamt aðgangi að ódýru fjármagni geta sveitarfélögin ráðist í ýmsar mannaflsfrekar framkvæmdir á næstu árum og unnið þannig gegn auknu atvinnuleysi.

Breytingar á lýðræðisháttum

Kallað er eftir breytingum. Ekki aðeins á háttum viðskiptalífsins heldur ekki síður á stjórnarháttum hins opinbera. Pukur og leynd yfir ákvörðunum ríkisstjórnar, þar sem Alþingi virðist ekki einu sinni haft með í ráðum, leiðir til aukinnar tortryggni í garð ríkisstjórnar og yfirvalda og vantrúar á ákvarðanir þeirra. Nýja Ísland verður ekki reist með því að klastra aftur upp rústunum eftir hrunið í síðasta mánuði. Reisa á nýtt Ísland á nýjum gildum þar sem helmingaskiptum, geðþótta og pólitískri samtryggingu er gefið langt nef. Skipun pólitískra bankaráða nýju bankanna sýnir að stjórnmálamenn dagsins í dag skynja ekki kall fólksins í landinu eftir breytingum. Slíkt ætti að heyra sögunni til og virkar nánast eins og ögrun gagnvart þjóðinni. Það verður að auka þátttöku almennings í lýðræðislegum ákvörðunum m.a. með lagasetningu um þjóðaratkvæðagreiðslu. Það verður að stórauka vald Alþingis á kostnað framkvæmdarvaldsins, gera landið að einu kjördæmi til að brjótast út úr landlægu hagsmunapoti en ekki síður til að jafna vægi atkvæða í landinu. Í dag sitja ungar fjölskyldur í landinu á rökstólum og ræða hvort flytja skuli búferlum til annarra landa. Verði ekki vart við breytingar til batnaðar á Íslandi hverfur margt okkar besta fólk. Skynji íslensku stjórnmálaflokkarnir ekki kröfu breytinga þarf nýtt fólk í forystu þeirra, ellegar nýja flokka.

Höfundur er stjórnsýslufræðingur og bæjarritari í Kópavogi.

Má bjóða þér að kynnast töfrum Suður-Grænlands?

Þér er boðið á sýningu í Norræna húsinu í dag 22. nóvember

- Húsið opnað kl. 12.00
- Kl. 13.00: Edda Lyberth, ferðafrömuður í Bröttuhlíð, segir frá sögu Suður-Grænlands
- Kl. 13.30: Fyrirlestur um torfhús og byggingu þeirra
- Kl. 14.00: Trommudansari leikur listir sínar
- Kl. 14.30: Edda Lybert kynnir grænlenska matargerð
- Kl. 15.00: Pálmi Gunnarsson segir frá veiði á Suður-Grænlandi
- Kl. 15.30: Emil Guðmundsson kynnir ferðir fyrir eldri borgara um fornar byggðir Íslendinga í Eystribyggð á Suður-Grænlandi. Friðrik Brekkan segir frá ferð sinni með rússneskum ísbrjót og sýnir myndina „Í fótspor víkinganna til Grænlands og Vesturheims“.
- Kl. 16.00: Trommudansari tekur sporið á ný

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

Destination South Greenland

NORRÆNA HÚSIÐ

Við komum pakkanum þínum til skila

Þarftu að láta sækja og senda til fyrirtækja eða einstaklinga?

Láttu Pósthúsið sjá um að koma pakkanum þínum til skila og sparaðu fyrirtækinu þínu tíma, fé og fyrirhöfn.

Nánari upplýsingar gefa sölufulltrúar í síma 585 8330

Pósthúsið
Ódýrari valkostur

Pósthúsið | Suðurhrauni 1
Garðabæ | www.posthusid.is

Europris

ÓDÝRT FYRIR ALLA!

MIKIÐ fyrir LÍTIÐ

Opið frá kl. 10 til 19 á virkum dögum og frá kl. 10 til 18 um helgar

Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Baldursnesi 8, Akureyri

www.europris.is

FRÁBÆR TILBOÐ í Krónunni!

1698 kr. kg
Krónu kjúklingabringur

50% afsláttur

849 kr. kg
Bautabúrs grísagúllas magnpakkning

40% afsláttur

897 kr. kg
Bayonneskinka

50% afsláttur

849 kr. kg
Bautabúrs grísasnitsel magnpakkning

20% afsláttur

1678 kr. kg
SS rauðvínslegin helgarsteik

ódýr magnkaup

599 kr. kg
Forsteiktar fiskibollur og fiskborgarar

30% afsláttur

1498 kr. kg
Sambands Hangi-frampartur úrb.

25% afsláttur

1899 kr. kg.
Sambands hangilæri úrbeinað

449 kr. pk.
Grillborgarar með brauði 4 stk

529 kr. pk.
Nyakers piparkökur 625g

259 kr. pk.
MC vities Mini

170 kr. kg
Epli rauð ódýr

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl EXPO • www.expo.is

KRÓNAN
Ný kynslóð lágvöruverðsverslana

Opnunartímar í Krónunni:

Krónan Höfða	Krónan Lindum	Krónan Granda
alla daga 11-19	alla daga 11-19	alla daga 11-19

KRÓNAN fyrst og fremst ódýr

MEIRA FYRIR MINNA

99 kr. stk.
Jólablanda 0,5l

119 kr. stk.
Sprite og Sprite Zero 2 l.

579 kr. pk.
Te&Kaffi jólakaffi malað og baunir 400g

189 kr. pk.
Lindu smá Rísbuff

189 kr. stk.
Del Monte pastasósur 751 gr

419 kr. pk.
Lucky Charms 454 g

399 kr. tk.
Meistara kryddkaka

Diana dömubindi

758 kr. pk.
Lýsi heilsutvenna

999 kr. pk.
Pampers Blautklútar 3x 72 stk valdar tegundir

15% afsláttur
Colgate tannkrem valdar tegundir

Tvöfaldir Vildarpunktar!
16. okt.-30. nóv.
Gildir af allri veltu
Kortið sem kemur þér út
KREDITKORT

Krónan Breiðholti
virka daga 11-21
lau. 11-21 sun.12-21

Krónan Hafnarfirði
virka daga 11-21
lau. 11-21 sun. 12-21

Krónan Mosfellsbæ
virka daga 10-20
helgar 10-19

Krónan Akranesi
alla daga 10-19

Krónan Vestmannaeyjum
alla daga 11-19

Krónan Reyðarfirði
virka daga 11-19
lau. 11-19 sun.12-16

MARGMENNI Á NASA Mikill fjöldi fundargesta var á Nasa á síðasta borgarafundi. Næst verður fundur í Háskólabíói. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Við höfum rödd, hlustið

Gunnar Sigurðsson er einn skipuleggjenda borgarafundanna sem haldnir hafa verið undanfarnar vikur. Þar hefur þjóðinni verið boðið að koma og ræða saman. Næsti fundur verður á mánudag í Háskólabíói og hefur ráðherrum, þingmönnum og seðlabankastjórum verið boðið að mæta og taka þátt í samræðunum. *Svanborg Sigmarsdóttir* sló á þráðinn til Gunnars.

Gunnar Sigurðsson, leikstjóri og verkefnisstjóri hjá EmmEss ís er einn þeirra sem staðið hefur fyrir borgarafundum undanfarnar vikur. Þar hefur þjóðinni verið boðið að koma og ræða ástand mála í þjóðfélaginu. „Ég byrjaði bara einn, en fékk svo í lið með mér Davíð nokkurn Stefánsson, dætur mínar og vinkonu dóttur minnar," segir Gunnar um upphaf borgarafundanna. „Við vorum fjögur til fimm sem skipulögðum fyrsta fundinn. Þá leigði ég bara Iðnó og greiddi fyrir það sjálfur." Nú er hópurinn mun stærri og segir Gunnar að það sé tuttugu til þrjátíu manna hópur sem skipuleggi borgarafundina.

Gegnsæja ákvörðunartöku

Gunnar er mjög ósáttur við hve lítið ríkisstjórnin hefur haldið þjóðinni upplýstri og þykir skorta mjög á gegnsæi í ákvörðunartöku í dag. Hann segir eina helstu ástæðuna fyrir því að blásið var til borgarafunda hafi verið til að fá upplýsingar, til að komast að borðinu þar sem ákvarðanir um framtíðina sem snerta okkur öll eru teknar og vegna þess að fólk hafi nú ríka þörf til að tjá sig.

„Ég hef aldrei verið pólitískur, aldrei verið að eltast við að skipta mér af landsmálum. En mér fannst bara nóg komið," segir Gunnar. „Ég stend í þeim sporum eins og fjöldi Íslendinga að lánin eru að rjúka upp úr öllu valdi. Ég var búin að setja mitt líf í farveg, réði við afborganir og það sem ég var að gera. Ég bara vann, borgaði mínar skuldir og stóð mig ágætlega í því. En það breytist verulega þegar allar skuldir hækka töluvert í hverjum mánuði. Og maður hefur ekkert um þetta að segja."

Gunnar segist vilja hafa áhrif á framtíð sína og landsins, þetta sé ekki bara ákvarðanataka stjórnvalda. „Það er ekkert verið að láta okkur vita, á einhverjum faglegum nótum, hvernig staðan er. Sérstaklega ekki með orðum sem við skiljum. Það gerir það að verkum að fólk finnur fyrir miklu óöryggi. Óöryggi skapar ótta og ótti skapar reiði. Það er kannski það sem við stöndum frammi fyrir í dag, að við vitum svo lítið."

Búa til rödd fyrir almenning

Sá fjöldi sem mætt hefur á borgarafundina, bæði í Iðnó og Nasa hefur ekki komið Gunnari á óvart. Fyrir næsta fund er búið að bóka Háskólabíó þannig að hann reiknar væntanlega með enn fleira fólki næst. „Með borgarafundunum erum við að reyna að búa til rödd fyrir fólkið, þar sem það getur komið saman og látið í sér heyra. Sumir þurfa líka að tala. Sumt af þessu fólki hefur engan til að tala við um þessi mál og skilur ekki hvað er að gerast. Viðbrögðin hafa verið mjög góð. Síðustu mótmæli á Austurvelli og síðasti fundur sem haldinn var á Nasa segja til um það. Það segir að fólk ætlar ekki og mun ekki taka þessu þegjandi og hljóðalaust. Ég veit ekkert hvernig heildarlausnin á þessu mun koma út, en það er lágmark að uppfræða okkur um hvernig og hvað er í gangi."

> Fólk finnur fyrir miklu óöryggi. Óöryggi skapar ótta og ótti skapar reiði. Það er kannski það sem við stöndum frammi fyrir í dag, að við vitum svo lítið

Vill sjálfur stjórnarskipti

Sjálfur vill Gunnar nýja ríkisstjórn, en leggur áherslu á að það sé hans skoðun, en ekki þess hóps sem stendur að borgarafundunum. Innan hópsins sé pólitískur þverskurður; sumir vilji kosningar og aðrir ekki, en allir vilji upplýsingar um almenna umræðu. „Við viljum upplýsingar og gegnsætt stjórnarfar hér á landi. Við viljum að fólki fái að fylgjast með því sem er að gerast. En stjórnvöld eru bara ekkert að tala við mig. Þess vegna krefst ég þess núna á mánudaginn að ríkisstjórn Íslands og alþingismenn mæti okkur í Háskólabíói, setjist hjá okkur og ræði við þjóðina."

Gunnar leggur áherslu á að staða fólksins verði skoðuð og hagur fjölskyldna verði settur í forgang. „Það kemur alltaf betur og betur í ljós að stjórnvöld, lífeyrissjóðir og verkalýðsfélög eru alltaf að taka stöðu með fjármagninu. Til dæmis að taka stöðu með verðtryggingu, með fjármagnseigendum á móti fólkinu sem er að lenda í vandræðum. Það er búið að reikna út tap lífeyrissjóðanna ef verðtrygging yrði fryst í nokkra mánuði. En það er ekki búið að reikna út tap heimilanna."

Nýjar lausnir en ekki sömu leið

Til að koma til móts við fjölskyldurnar þurfi að hugsa lausnir upp á nýtt, en ekki að fara sömu leið og hefur áður verið reynd. „Það á bara að fara nákvæmlega sömu leið og hefur alltaf verið farin, að gefa okkur einhvern slaka í greiðslum, en þá þarf að fara bónarleiðir í fimmtán stofnanir til að koma málunum í einhvern farveg og leggja þín mál fyrir allt og alla. Af hverju á bara almenningur að tapa á þessu?"

Ein leið í nýrri hugsun er að endurhugsa hugtök eins og lánskjaravísitölu og verðtryggingu og hvaða áhrif þau hafa. „Menn tala alltaf eins og lánskjaravísitala og verðtrygging séu bara eins og náttúrulögmál sem ekki megi hreyfa við. Við eigum bara að taka utan um hvert annað, gera okkar besta og standa saman. En ef við eigum að gera það, þá eiga allir að gera það. Líka stofnanir og ríkisvaldið. En þeir eru að gera hlutina alveg eins og þeir hafa alltaf gert. Þeir ætla að hundsa öll tilmæli frá almenningi og þeir ætla ekki að tala við neinn. Þeir kvarta meira að segja yfir því sjálfir að það sé ekki virkt lýðræði á Alþingi. Og við eigum að treysta þessu fólki fyrir lífi okkar í dag!"

Þannig að börnin verði stolt

„Við þurfum að fara að taka afstöðu með okkur sjálfum og hætta að segja að það sé ekki hægt að gera hluti, eins og með verðtrygginguna. Það er verið að búa til verðbólguskot þegar krónan er sett á flot, sem er algjörlega tilbúið eftir því sem mér er sagt. Þá verður einhver verðbólga sem hækkar lánin um æði mikið. Og við eigum bara að taka þessum skelli. Ég bara skil ekki þessa stefnu, að það sé endalaust hægt að horfa fram hjá því sem kæmi stærsta hluta almennings best."

GUNNAR SIGURÐSSON Finnst það réttara að Geir H. Haarde bjóði sér í bíó, en að hann sé að bjóða Geir í bíó. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Það verður líklega flókið að leysa þá erfiðu stöðu sem Ísland er komið í en það þarf að gera með sæmd. „Við þurfum að leysa þessi mál þannig að börnin okkar og barnabörnin geti verið stolt af okkur. Ég verð að segja eins og er að ég treysti ekki því fólki sem er núna til þess. Ég hefði viljað sjá miklu meiri umræður á Alþingi og gegnsærri afgreiðslu."

RAUNVERULEG SAGA UM ÍSLENSKA KRAKKA

Í þessari fallega myndskreyttu sögu fáum við að vita hvað varð um Eddu og systkini hennar, sem voru lengi viðskila við foreldra sína.

SÖNN SPENNUSAGA FYRIR BÖRN

Ný og sönn spennusaga úr eldgosinu í Heimaey 1973. Þegar íbúarnir flýja með fiskibátum til lands **týnir Edda, átta ára, foreldrum sínum**. Pabbi hennar fer með hana og Valda, Guðnýju og Lovísu niður á bryggju. Hann segir syskinunum að bíða þar á meðan hann sækir mömmu, Íbbu, Árnýju og Kalla litla. Þegar pabbi kemur aftur er eins og **jörðin hafi gleypt Eddu, Valda, Guðnýju og Lovísu.** Mamma og pabbi verða skelfingu lostin.

Herdís Egilsdóttir hlaut Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar á degi íslenskrar tungu 2008



ÚTKALL
Sími 562 2600

hér kemur DODDI™

ÍSLENSKT TAL

Vegleg sögubók með sex púslum

DVD diskar með átta teiknimyndum um Dodda

Fyrsti diskur: þættir 1–8

Annar diskur: þættir 9–16

Það eru komnar út sex bækur í nýju seríunni um Dodda og vini hans í þýðingu Guðna Kolbeinssonar – safnið þeim öllum

Kíkið á heimasíðuna mína krakkar

WWW.DODDI.IS

ÚTKALL
Sími 562 2600

Höfuðlausn

Fyrir fjórum áratugum var íslenskt samfélag í vanda. **Kári Stefánsson** minnist þess að hafa fylgt félaga sínum alblóðugum upp á slysavarðstofu, eftir að lögreglan lamdi hann í höfuðið með vasaljósi á verkfallsfundi. Enn á ný erum við í vanda. Kári telur skeytingarleysi um upplýsingaþörf fólksins lítið betra en barsmíðarnar fyrir 40 árum. En hvað er til ráða?

MÓTMÆLI Á AUSTURVELLI Við verðum einfaldlega að hætta að karpa um það hverjum vandinn sé að kenna. Hann er hvort eð er okkur öllum að kenna meira eða minna.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Það var Þorláksmessa og árið var 1968. Ég var 19 ára menntskælingur og mér fannst tilveran bæði óendanlega spennandi og ógnvekjandi í senn. Það var allsherjarverkfall í landinu og það var haldinn verkfallsfundur í Sigtúni, gamla sjálfstæðishúsinu, og síðan farið í kröfugöngu sem átti að fara upp Bankastrætið og Laugaveginn. Að mati skipuleggjenda átti þetta ekki að vera mikið mál því götunum tveimur var alltaf lokað fyrir bílaumferð á Þorláksmessu. Þess vegna kom það okkur á óvart þegar við rákumst á fylkingu lögregluþjóna, sem náði yfir Bankastrætið á móts við númer 0, fjögurra manna djúpa. Við gengum upp að þessari einkennisklæddu girðingu og þegar við vorum komin innan seilingar létu lögregluþjónarnir í fremstu röð höggin dynja á okkur með hnúum og vasaljósum en að öllum líkindum ekki með kylfum enda flestir eða allir þeirra gott fólk.

Ég var við hliðina á Leifi Jóelssyni, rauðhærðum komma og æskulýðsfylkingarforkólfi. Hann var barinn í höfuðið með stóru vasaljósi af myndarlegum lögregluþjóni sem bar viðurnefnið kótiletta en í þá daga þóttu kótilettur fínn matur. Leifur hlaut sár á hvirfilinn og það blæddi reiðinnar býsn úr honum. Ég fylgdi honum á Hreyfilsstöðina við rætur Arnarhóls og bað að hann yrði keyrður á slysavarðstofuna. Fyrstu viðbrögð voru neitun vegna þess að hann myndi skíta út bílinn með blóði sínu en fljótlega stóð upp eldri maður og sagði: „Auðvitað keyri ég hann upp á slysavarðstofu, helvítis kommarnir ykkar."

Þegar ég kom heim seint um kvöldið settist ég niður og orti ljóð um atburði dagsins. Ég var ofurliði borinn af tilfinningum, það man ég, en lítið man ég af ljóðinu utan síðasta erindið sem var svona:

Hugrekki vort okkar hrynjandi blóð
Þeirra högg sem veitt´engum grið
Verða stuðlar og rím sem við leggjum í ljóð
Um lífsins byltingu og frið.

Þetta var fyrir 40 árum, næstum nákvæmlega 40 árum og við vorum hnípin fátæk þjóð og áttum greinilega í erfiðleikum með að skipta því litla sem við áttum milli fólksins í landinu.

Og 40 árum síðar erum við hér og nú, hnípin þjóð í vanda. Bankarnir gjaldþrota og annað hvert fyrirtæki í landinu á leið í þrot. Það er býsna margt sem hefur gerst í sögu þessarar þjóðar síðan á Þorláksmessu 1968 og flest af því gott. Við lögðum hringveginn, kláruðum Hallgrímskirkju og ákváðum að láta hana standa. Við fórum að láta til okkar taka í tónlist úti í hinum stóra heimi. Við jukum frelsi í viðskiptum og urðum flinkari að ávaxta okkar pund. Og svo fórum við fram úr okkur sjálfum, langt fram úr okkur sjálfum.

Óheppnar útrásarhetjur – brigðult regluverk

Það er áleitin spurning hvers vegna bankarnir fóru á hausinn og við með þeim ofan í skítinn. Einfalda svarið við þessari spurningu er að bankakerfið hafi vaxið hagkerfi þjóðarinnar yfir höfuð. Flóknara svar er að við höfum enn einu sinni lent í vanda vegna þess að við sem þjóð eigum erfitt með að fara að reglum sem aðrir setja okkur og það sama eigi við um okkur sem einstaklinga. Því hefur gjarnan verið haldið fram að þessi anarkismi í sálinni á forfeðrum okkar hafi verið ástæða þess að þeir tóku sig upp og fluttust yfir á eyjuna fögru við ballarhaf. Eitt er víst að einhverra hluta vegna dugðu ekki þær reglur sem hafa dugað öðrum þjóðum til þess að halda íslensku hagkerfi, íslenskum bönkum og íslenskum athafnamönnum innan marka.

Þetta fór allt úr böndum og nú þegar horft er til baka lítur það út, sem við kölluðum útrás í augum útlendinga, sem víkingur þar sem við fórum mikinn og víða og rændum og rupluðum, ældum upp í gestgjafa okkar og svívirtum allt og alla. Þetta er ekki falleg mynd og ég held að hún sé alröng. Útrásarhetjurnar eru harðduglegt fólk og eiga hrós skilið fyrir afköst en að öllum líkindum ekki fyrir heppni. Nú hefur það hins vegar orðið að þjóðarsporti að skammast út í þess pilta fyrir óheppni þeirra og það er sjálfsagt í lagi að skamma menn fyrir óheppni en það skilar ekki miklu í þjóðarbúið.

> Ég held að það skipti íslenska þjóð miklu máli að hún vakni ekki eftir þær efnahagslegu björgunaraðgerðir sem stjórnvöld standa fyrir og átti sig á því að það sé búið að fjarlægja úr henni líffæri án þess að hún hafi verið vöruð við.

Það sem brennur á okkur er hins vegar sú staðreynd að regluverkinu, sem átti að halda utan um starfsemi bankanna og í gegnum hana utan um fjárfestingar útrásarstrákanna, lánaðist ekki að sjá til þess að áhættan sem þeir tóku væri á þeirra kostnað og þeirra einna en ekki allrar þjóðarinnar. Og þess vegna erum við í þeim vanda sem síst skyldi.

Hættið að hlífa okkur

Hvað er þá til ráða? Við verðum fyrst og fremst að læra af þessu. Einn lærdómurinn er sá að það er alltaf best að rækta garðinn sinn heima hjá sér. Ef fjárfestingar erlendis ganga ekki upp skilja þær ekkert eftir í okkar samfélagi. Ef fjárfestingar í íslensku samfélagi ganga ekki upp er alltaf sá möguleiki fyrir hendi að úr rústum þeirra megi byggja eitthvað nýtt og betra. Útrásin var einfaldlega langoftast fjárfesting erlendis á fé sem var tekið að láni með veði í íslensku samfélagi. Og þetta þótti okkur flott meðan önnur samfélög lögðu mikið á sig við að draga að sér fjárfestingar í stað þess að hreykja sér yfir því að þær færu annað.

Stjórnvöld verða að halda okkur vel upplýstum um hvað gerðist og hvað sé verið að gera í málunum. Það er réttur okkar, óyggjandi, að fá upplýsingar um það sem er að gerast meðan það er að gerast. Málið er nefnilega forsendur lífs okkar í þessu landi og okkar afkomenda. Það er of seint að tilkynna okkur þegar búið er að semja eða láta okkur lesa um örlög okkar í Financial Times.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að stjórnvöld eru að vinna í þessum málum af heiðarleika, dugnaði og útsjónasemi og ég er líka viss um að flæðið er svona lítið í upplýsingasprænunni vegna þess að stjórnvöld vilja hlífa okkur við erfiðum staðreyndum. En þetta gengur bara ekki. Við viljum enga miskunn. Við viljum vita hvar við erum, hvert ferðinni sé heitið og hvernig menn ætla að komast þangað. Við eigum rétt á því að vita þetta og óvissan og þögn stjórnvalda eru búin að baka ómælda reiði í garð þeirra sem síst skyldi eða þeirra sem eru að reyna að leysa vandann. Þessi þögn og skeytingarleysi um upplýsingaþörf fólksins er sínu verri en hnefahögg og vasaljós fyrir 40 árum.

„Það var að flækjast fyrir mér"

Að vissu leyti minnir þessi þögn stórnvalda á þær aðferðir sem skurðlæknar á fyrri hluta síðustu aldar beittu í samskiptum við sjúklinga. Sjúklingurinn kom og var skoðaður og síðan skorinn upp og vissi gjarnan ekki hvers vegna eða við hverju.

Ég varð fyrir því þegar ég var fimmtán ára að rífa á mér liðþófa á hægra hné og lenti inni á spítala þar sem ein af hetjum íslenskrar læknisfræði skar mig upp til þess að laga þetta. Í þá daga var gert að liðþófum með því að opna inn á liðinn og því fylgdi rúmlega í allt að þrjár til fjórar vikur. Í dag er þessi aðgerð hins vegar gerð í gegnum liðsjá og menn geta sippað og farið í París nokkrum dögum síðar. Slíkar hafa verið framfarir læknisfræðinnar á síðustu fimmtíu árum. Meðan ég var á spítalanum lá ég á sex manna stofu og kynntist alls konar karakterum sem deildu henni með mér um lengri eða skemmri tíma. Einn af þeim var maður milli tvítugs og þrítugs sem var lagður inn vegna kviðslits og skorinn upp. Nokkrum dögum eftir aðgerðina staulaðist hann í fyrsta skiptið fram á salerni og kom til baka í miklu uppnámi. Hann hafði greinilega gert uppgötvun sem honum líkaði heldur illa. Hann hringdi á hjúkrunarkonu. Á þeim tíma voru allar hjúkrunarkonur konur og enginn hafði heyrt heitið hjúkrunarfræðingur, hvað þá fest það á pappír. Þegar hjúkkan kom krafðist strákur þess að fá að tala við lækninn sem hafði skorið hann upp en hann hafði ekki sést síðan á aðgerðardaginn. Seint og um síðir kom skurðlæknirinn sem var eldri maður með fingur eins digra og úlnliðirnir á mér. Hann gekk rakleitt að rúmi stráks og sagði svo hátt að allir á stofunni heyrðu: „Ég tók úr þér annað eistað í leiðinni, það var að flækjast fyrir mér í aðgerðinni."

Rétturinn til að fylgjast með

Ég held að það skipti íslenska þjóð miklu máli að hún vakni ekki eftir þær efnahagslegu björgunaraðgerðir sem stjórnvöld standa fyrir og átti sig á því að það sé búið að fjarlægja úr henni líffæri án þess að hún hafi verið vöruð við. Það má vera að það þurfi að fjarlægja úr okkur líffæri meðan á aðgerðunum stendur en við viljum ekki þurfa að komast að því þegar við loksins staulumst á fætur.

Við viljum treysta stjórnvöldum, við erum í þeirra liði, við viljum fá að taka þátt, við viljum fá að fagna þegar vel gengur og ausa með stjórnvöldum þegar gefur á bátinn. En til þess að svo megi vera verða stjórnvöld að deila með okkur öllu því sem þau vita, vilja og ætla. Við getum tekið því, við eigum rétt á því. Þetta á líka við þegar stjórnvöld vita ekki. Við þurfum að vita það svo við getum stutt þau í óvissunni. Stjórnvöld þurfa líka það aðhald sem felst í því að fólkið í landinu fylgist með. Án þess aðhalds er hætta á því að það sem rísi úr öskunni verði ekki þjóðin sem slík heldur sukkið og svallið í höndum þeirra sem gerðu út á veikleika hennar fyrir hrunið.

Eignarhald á fjölmiðlum landsins gerir það að vísu að verkum að það er erfitt að koma óbeygluðum fréttum af ástandinu til fólksins í landinu. Það vill nefnilega svo til að fyrir utan ríkisútvarpið eru allir fjölmiðlar landsins í eigu þeirra sem eiga hvað mest undir því hvernig sagan er sögð. Ég er alls ekki að halda því fram að eigendur fjölmiðlanna séu viljandi að fikta í sögu líðandi stundar en vegna þess hvað þeir eiga mikið undir er á stundum erfitt að taka fjölmiðla þeirra alvarlega.

Erum þar sem við erum

Við verðum einfaldlega að hætta að karpa um það hverjum vandinn sé að kenna. Hann er hvort eð er okkur öllum að kenna meira eða minna. Sumir kreistu þúsund milljarða út úr bankakerfinu, sem er glæpsamlega há upphæð, aðrir dáðust að þeim fyrir það. Og engum tókst að gera nokkurn skapaðan hlut við því. Við erum þar sem við erum án tillits til þess hverjum það er að kenna. En staðurinn sem við erum á er vondur að flestra mati og við komumst ekki á betri stað með því að troða á sökudólgum. Við gerum það með því að snúa saman bökum, þjappa okkur saman, hlúa hvort að öðru, yrkja jörðina, stunda sjóinn og gera út á hugvit ungs fólks. Þetta kunnum við, þetta getum við.

Eins og stendur er myrkur úti og það eru alls konar skepnur í svölulíki fyrir utan gluggann okkar með hávaða og læti. Okkar verkefni er að hundsa þær eða hrekja þær í burtu og einbeita okkur að því að vinna okkur inn réttinn til þess að halda því höfði sem á herðum okkar situr.

Höfundur er forstjóri Decode.

Frábært verð

á heimilistækjum

Öll raftæki fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum

3.990kr
FRÁBÆRT VERÐ

Exido eldhúsvog 246021
- Úr áli
- Slekkur sjálfvirkt á sér eftir u.þ.b. 1 mínútu
- Mælir allt að 2kg

9.990kr
FRÁBÆRT VERÐ

Exido safapressa 244002
- Öflug safapressa
- Tekur hart grænmeti og heila ávexti
- Engin þörf á að taka fræin úr eða börkin af
- Tvær hraðastillingar
- 1,8 lítra matari
- Auðvelt að taka í sundur og hreinsa

Melissa samlokugrill 643096
- 750w
- Samlokugrill fyrir 2 sneiðar
- Litur: Hvítur

3.990kr
FRÁBÆRT VERÐ

Ideline heilsugrill 743179
- 800w
- 6 hitastillingar
- Safnar fitu og safa í bakka
- Litur: Silfur

5.990kr
FRÁBÆRT VERÐ

8.990kr
FRÁBÆRT VERÐ

Panasonic ryksuga MCE7113
- 1600W ryksuga
- 320W sogkraftur
- 4 filtera kerfi
- 5 metra snúra
- Þyngd 4.1 kg

Melissa baðvog 631039
- Flott baðvog úr gleri
- Stór skjár
- Sýnir allt að 150kg
- 100g kvarði
- +/- 0.5% nákvæmni
- Slekkur sjálfvirkt á sér
- Notar 4 x AAA rafhlöður

3.990kr
FRÁBÆRT VERÐ

Melissa hitapúði 631015
- Þægilegur hitapúði með 3 stillingum

4.990kr
FRÁBÆRT VERÐ

Melissa hársett 635085
- 1800w hárblásari
- Ion tækni sem afrafmagnar hárið
- 2 hraðastillingar ásamt köldum blæstri
- Sléttujárn með keramik húð
- Hitastillir frá 80° til 230°C
- Keramik krullujárn
- Stiglaus hitastillir
- Hárbursti fylgir

8.990kr
FRÁBÆRT VERÐ

United örbylgjuofn MWO7103
- 700w örbylgjuofn
- 20 lítrar
- Snúningsdiskur
- Afþýðingarmöguleiki
- Litur: Hvítur

8.990kr
FRÁBÆRT VERÐ

Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VIÐ ÍSLENDINGAR HÖFUM ALLTAF VERIÐ MEÐ BUXURNAR Á HÆLUNUM Veröldin hefur bara ekki vitað af þessu fyrr en núna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Keith Richards íslenskra rithöfunda

Út er komin Dimmar rósir, ný skáldsaga Ólafs Gunnarssonar. Hún gerist á hippaárunum, í forgrunni er ungt fólk og löðrandi rokk. Tónleikar Led Zeppelin í Höllinni 1970 spila til að mynda stóra rullu. *Dr. Gunni* hitti Ólaf yfir flatkökum á BSÍ.

Þar sem tveir Íslendingar koma saman í dag er fyrsta mál á dagskrá að tala um kreppuna. Ólafur er ekki fyrr búinn að leggja leðurfrakkann á stólbakið en að ég spyr hann: Ertu búinn að vera duglegur að mæta í mótmælin á Austurvelli?

„Ég er búinn að mæta, já," svarar hann. „Mér finnst samt eins og þetta hafi keyrt einhvern hring. Í þriðju mótmælunum var heit og ekta mótmælastemning, en síðast hefði nú mátt gera góðan bisness með pulsuvagn þarna og blöðrusölu. Stemningin var dálítið breytt. En við skulum sjá hvað verður."

Manstu eftir öðru eins ástandi og við erum í núna?

„Tja, ég man eftir ástandi eins og til dæmis árið 1956. Þá var bölvuð kreppa hérna og ég man eftir smjörlíkis-miðum sem mamma fór með í búðir. Ég átti heima í húsi sem stóð á horni Lindargötu og Frakkastígs og þar sem Lindargöturíkið var var ávaxtaeinkasala ríkisins. Um jól, þegar epli og appelsínur komu, voru karlarnir að taka af bílunum og stundum dúndruðu þeir kassa og kassa yfir vegginn og inn í portið hjá okkur. Þá braust maður úr kjallaranum og dró herlegheitin inn. Karlarnir gripu svo í tómt seinna þegar þeir ætluðu sjálfir að sækja góssið."

Ertu reiður?

„Ég var það ekki í byrjun, en þetta er aðeins farið að fara fyrir brjóstið á mér núna. Við Íslendingar höfum alltaf vitað sjálfir hvernig við erum. Við höfum alla tíð verið með buxurnar á hælunum og allt gengið upp og niður. Við höfum þetta fræga mottó: Þetta reddast. Hitt er svo annað mál að veröldin hefur ekki vitað af þessu áður. Nú veit allur heimurinn. Maður sem var að koma frá Kóreu sagði mér að þar vissu allir um ástandið hérna. Þeir höfðu reyndar ekki hugmynd um hvar Ísland er á landakortinu. Við erum því orðin allrækilega heimsfræg fyrir slóðaskapinn."

> Ef maður setur Metallica á fóninn og græjurnar í botn þá er það kannski ekki það sama og þegar maður var fimmtán, en það er helvíti gott engu síður.

Hvað gerðist eiginlega?

„Nú, ef menn hleypa tígrisdýrinu út úr búrinu er frekar líklegt að það labbi ekki bara um og sleiki fólk í notalegheitum."

Ekki í röðinni

Finnst þér þá ástæða til þess núna að þú sem skáld látir til þín taka í þjóðfélagsumræðunni?

„Mín afstaða til þjóðfélagsumræðna hefur verið sú að mér hefur leiðst hún. Ég man að faðir minn, sem átti mig þegar hann var um sextugt, horfði stundum á pólitískar umræður í sjónvarpi. Þegar vaðallinn hafði staðið lengi sagði hann: Hvernig endast mennirnir til að halda þessu áfram? Eftir að allar fréttir og blöð urðu full af því að einhver væri að selja hlutabréf fyrir tvo milljarða og kaupa þau síðan aftur daginn eftir, fannst mér þetta orðið mjög einhæft. Ég var hálfpartinn orðinn heyrnarlaus fyrir þessu. Ég hafði ekki smekk fyrir að taka eftir þessu og skipta mér af því."

Málið er, finnst mér, að þeir sem höfðu ekki brennandi áhuga á að græða peninga misstu af stemningunni. Og ef maður gagnrýndi þetta ástand hljómaði maður eins og einhver afturhaldskommatittur, eins og það var kallað.

„Já, einmitt, eins og einhver gamaldags leiðindapúki. Ef þannig vildi til að mér var boðið í kokkteilpartí sá ég oft að það voru fimmtán metra raðir að bíða þess að taka í hendurnar á þessum körlum."

Þú hefur ekki farið í röðina?

„Nei, og ég segi nú bara eins og Keith Richards sagði þegar hann var að pæla í allri þeirri aðdáun sem Maharishi Yogi fékk: I'm proud of that I never bowed my head to that shit."

ÓLAFUR GUNNARSSON - BEST Í HEIMI

Besta platan: Led Zeppelin 1

Besta lagið: Gimme Shelter af plötu Rolling Stones, Let it Bleed.

Bestu tónleikarnir: Led Zeppelin í Laugardalshöll, 22 júní 1970

Besta bókin: Glæpur & Refsing; Dostoevsky.

Besta tímaritið: Playboy 1965 - 1975.

Besti veitingastaðurinn: Hótel Chelsea í New York.

Besta bíómyndin: The Wild Bunch eftir Sam Peckinpah (1969)

Besta tækið: Fornbílinn minn; 1959 Pontiac Bonneville

Best í heimi: Félagskapur góðrar konu.

Ferskleikinn

Þannig að þú ert hálfgerður Keith Richards íslenskra rithöfunda?

„Ég skal ekkert um það segja."

Það er allavega meira rokk í nýju bókinni þinni en öllum hinum til samans, er það ekki rétt?

„Jú, jú. En ég hef alltaf verið mikill áhugamaður um rokktónlist. Ég man vel eftir þeim áhrifum sem það hafði á mig að kaupa fyrstu tveggja laga plötuna með Stones. Þá kom allt fyrst í Fálkann, jafnvel fyrr en í búðir í Englandi. Ég veit ekki hverslags díl Fálkinn hafði eiginlega. Maður var alltaf reddí steddí þarna uppfrá. Frændi minn, Björn Björnsson, var áskrifandi að Melody Maker og NME og varð síðar tónlistarmaður, trommaði með Pónik lengi. Við ætluðum að stofna band og ég átti að verða söngvari. Þegar við vorum aðeins byrjaðir að æfa barst honum tilboð um að vera með í Oríon. Það er ekki nema svona mánuður síðan hann sagði við mig: Mikið djöfulsins svikari var ég að rölta yfir í Oríon og skilja þig einan eftir. Þannig fokkaðist minn hljómsveitarferill upp, en tónlistaráhuginn var samt kominn til að vera. Ferskleikinn var svo gífurlegur. Ég get enn þá fundið tilfinninguna af þessum ferskleika sem Stones og Bítlarnir komu með, svo ég tali nú ekki um þegar Zeppelin komu með sína fyrstu plötu. Þetta varð til þess að ég varð fastakúnni í plötubúðum og hélt lengi áfram að fylgjast með. Ég var hrifinn af Guns N' Roses og Metallica."

En ferskleikinn er löngu farinn, eða hvað?

„Ef maður setur Metallica á fóninn og græjurnar í botn þá er það kannski ekki það sama og þegar maður var fimmtán, en það er helvíti gott engu síður. Ég á tvo unga syni sem voru alveg að gera út af við föður sinn með rappi. Rappið er kannski það eina sem ég hef ekki fílað í botn. Þeir búa beint fyrir ofan hausinn á mér í timburhúsi. Einn daginn þagnaði rappið og það kom sex vikna þögn. Svo einn góðan veðurdag: Zeppelin á fullu!"

Stórfengleg list

Að Dimmum rósum aftur. Í bókinni kýstu að blanda saman sagnfræðilegum staðreyndum og uppdiktuðum.

„Já, ég tók mér það bessaleyfi að mixa aðeins upp úr þessum heimi. Þetta er jú skáldsaga, ekki hart heimildarverk. Það gaf mér líka frjálsari aðkomu að verkefninu. Ég gat leikið mér aðeins með þetta. Gerði það sem mér hugnaðist. Ég hélt mig svona 95 prósent við það sem ég mundi, til dæmis af Zeppelin-tónleikunum."

Hvað spilar tímabilið stórt hlutverk í sögunni?

„Nokkuð stórt, en það má svo sem segja að flestar sögur – ef þær hafa sammannleg gildi – geti gerst á öllum tímum. Rokktímabilið hugnaðist mér vel til að segja þessa sögu því þar leið mér vel. Maður vinnur í því formi sem maður er hamingjusamur og glaður í."

Og rokkið, það lekur af blaðsíðunum?

„Já, og enn þann dag í dag finnst mér ekki nægur skilningur á því hversu merkileg list þetta er. Mér finnst þetta svo stórfenglegt. Eins og kemistrían hjá Zeppelin þegar þeir voru á toppnum. Þetta er stórfengleg list í sinni blöndu og kemistríu. Þetta er Picasso."

Allt kemur þetta frá Bandaríkjunum upphaflega. Þú ert frekar ameríkanseraður í áhugamálum þínum, Kádiljákarnir og ferðin sem þið karlarnir fóruð um Route 66.

„Jú, jú, en ég hef alltaf verið mjög hallur undir Rússana líka. Dostojevskí, Tolstoj og þeir eru í miklu uppáhaldi hjá mér. Ég er opinn fyrir öllum kúltúráhrifum. En ég er samt skíthræddur við Evrópusambandið. Eins og stendur í Egilssögu: Konungsgarður er víður inngöngu en þröngur útgöngu. Var það ekki í fréttunum í vikunni að Evrópusambandið hygðist engar tilslakanir gera vegna fiskimiðanna? Vilja Íslendingar missa sjálfstæðið? Einhver fugl stakk upp á því að við ættum að breyta stefnu sambandsins hvað varðar þessi mál þegar við værum gengin í það. Hver vitiborinn maður hlýtur að sjá að þetta er brjálsemi; svipuð heimspeki eins og að segja að gott væri að komast í helvíti vegna þess að maður gæti haft svo góð áhrif á djöfulinn."

JÓLABASAR WALDORFSKÓLANS í Lækjarbotnum er í dag. Eldbakaðar pizzur, súpa og töfrabrögð eru í skemmunni frá 11.30 til 17 og handverk, kaffisala, brúðuleikhús og tívolí í skólanum frá 12.00 til 17.00.

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447

Birkiaska
Umboðs- og söluaðili
Birkiaska ehf.
sími: 551 9239
www.birkiaska.is
BETUSAN

Patti lagersala VERÐHRUN
50% AFSLÁTTUR
af öllum rúmum út nóvember
Verðdæmi með afslætti:
90 x 200 cm Verð frá kr. 44.450,-
120 x 200 cm Verð frá Kr. 55.950,-
150 x 200 cm Verð frá Kr. 67.450,-
180 x 200 cm Verð frá Kr. 80.950,-

Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opnunartími : Mánudaga - Föstudaga frá 9 til 18 og Laugardaga frá 11 til 16

Ævintýralíf
Fyrirlesari: Benedikta Jónsdóttir
Lífið er ferðalag og þú getur stjórnað því hvort þú lendir í spennandi ævintýrum og lætur drauma þína rætast eða festist í gráum hversdagsleikanum. Ekki fresta því að koma á hnitmiðaðan **fyrirlestur** um hvernig hægt er að hafa ótrúleg áhrif á daglegt líf þitt.
Verð: 1.900 kr. Skráning: 699-6416 eða madurlifandi@madurlifandi.is
Fyrirlestur í Maður lifandi, Borgartúni 24, Þriðjudaginn 25. nóvember kl. 19:00 - 21:00

- Hvernig þú ferð á vit ævintýranna.
- Hvernig þú vinnur í draumum þínum og lætur þá rætast.
- Hvernig þú notar hugarafl þitt án hindrana og takmarkana.
- Hvernig þú lætur bjartsýni og jákvæðni stýra lífi þínu.
- Hvernig þú tekst á við óttann og snýrð ósigrum upp í sigra.

www.madurlifandi.is
maður lifandi

Á sunnudögum reynir Hrafnhildur bæði að slaka á og lesa blöðin og líka hreyfa sig eitthvað, annaðhvort fara í göngutúr eða sund.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Örnámskeið og afmæli

Morgunhanar sem hlusta á Rás 2 vita að Hrafnhildur Halldórsdóttir er jafnan komin í loftið klukkan 6.15 á virkum dögum. En hvernig ver hún helginni? Fær hún til dæmis að sofa út?

„Ég er ekki með alla helgina niðurnjörvaða en eitt er alveg fast. Ég byrja alla laugardagsmorgna á því að fara með sjö ára son minn á æfingar hjá Skíðadeild Fram og þegar snjólaust er byggir hann upp þrekið í íþróttahúsi Lindaskóla í Kópavogi. Æfingarnar hefjast klukkan tíu svo það er ekkert um það að ræða að sofa út heldur rífa sig upp ekki seinna en klukkan níu," segir Hrafnhildur glaðlega og heldur áfram að tíunda dagskrá þessarar helgar.

„Síðan þarf ég að vera tilbúin með köku til að fara með upp í Réttarholtsskóla þar sem dóttir mín er í námi. Þar ætlar foreldrafélagið að vera með örnámskeið og kaffihús til að hrista saman fjölskyldurnar." Þetta þarf hún að skýra aðeins nánar. „Á örnámskeiðunum kenna foreldrarnir eitthvað sem þeir eru flinkir í, skera út, hekla, perla eða hvað sem er og koma líka með eitthvað með kaffinu. Það kostar 250 krónur að taka þátt í svona námskeiði og bakkelsið er líka selt vægu verði."

Ekki býst Hrafnhildur sjálf við að verða með kennsluefni á námskeiðinu en þar kemur bóndinn til sögunnar. „Kannski mun maðurinn minn kenna fólki að brýna skíði og bera undir þau. Eitt er víst að þarna verður margt spennandi í gangi."

Eftir fjölskyldustundina í Réttó hyggst Hrafnhildur taka svolítið til heima og um kvöldið ætlar hún í afmæli hjá góðum vinum en hvað um sunnudaginn? „Á sunnudögum nýt ég þess að sofa út, horfa á Silfur Egils, lesa blöðin og vera á náttfötunum fram eftir degi. En reyni líka að hreyfa mig eitthvað, annaðhvort fara í göngutúr eða sund og það besta er svo að borða góðan mat með fjölskyldunni."

gun@frettabladid.is

SOLARAY - HEIMSÞEKKT VÍTAMÍN & BÆTIEFNI!

Vegna einstakra gæða nýtur SOLARAY sívaxandi virðingar og trausts um allan heim

Útsölustaðir: *Heilsuhúsið, Maður Lifandi, Yggdrasill, Fjarðakaup Lífsins lind í Hagkaup, Hagkaup Smáralind, Lyfja, Lyfjaval, Krónan, Blómaval, Nóatún Hafnarfirði og Heilsuhornið Akureyri.*

heilsa
-hafðu það gott

KUNG FU-SÝNING verður haldin í íþróttahúsi Kennaraháskólans á morgun, sunnudaginn 23. nóvember, klukkan 12.30. Drekinn, wushu-félag Reykjavíkur, sýnir. Sýningin er styrkt af kínverska sendiráðinu og aðgangseyrir er enginn.

Fjölmenningarlegt boð

Íbúar Norðurlands geta þegið hátíðlegt heimboð á fjölmenningarlega vísu í Ketilhúsinu í dag. Þar verður til dæmis hægt að líta inn í ekta pólska, þýska og indverska stofu og smakka ólíka þjóðarrétti.

Erlendir íbúar á Norðurlandi bjóða gestum og gangandi heim í stofu í Ketilhúsinu í dag milli 14 og 17. Þar mun ríkja hátíðarstemning og verður hægt að upplifa heimboð að hætti Filippseyinga, Indverja, Pólverja, Þjóðverja og Norðurlandabúa.

„Í pólsku stofunni mun til að mynda verða hægt að horfa á myndbandsupptöku úr pólsku sjónvarpi, hlýða á pólska útvarpssendingu, bragða pólskan mat og jafnvel glugga í pólska bók. Það sama gildir um hinar stofurnar en þar hefur hinum ýmsu munum sem einkenna hverja þjóð fyrir sig verið safnað saman til að gefa sem gleggsta mynd af dæmigerðum heimilum," segir Anna Guðný Guðmundsdóttir, verkefnastjóri Alþjóðahússins á Norðurlandi, sem hefur verið þessum ólíku þjóðarbrotum innan handar við undirbúninginn.

„Ég hef verið að hjálpa þeim að komast í samband við Fjölsmiðjuna sem selur notuð húsgögn og við að fá lánuð húsgögn og muni sem passa inn í hverja stofu fyrir sig. Þetta er þó fyrst og fremst framtak fólksins þótt við hjá Alþjóðahúsinu séum að hjálpa til og leiða þjóðirnar saman.

Erlendir íbúar frá hverri þjóð fyrir sig verða á staðnum, kynna það sem fyrir augu ber og bjóða upp á ólíka þjóðarrétti en auk þess verður Leikfélag Akureyrar með gjörning. Um kvöldið verður svo uppskeruhátíð en flest íslenskunámskeið fyrir erlenda íbúa eru að klárast um þessar mundir og ástæða til að lyfta sér upp.

vera@frettabladid.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Anna Guðný Guðmundsdóttir og Guðrún Kristín Blöndal, framkvæmdastjóri Margvís tungumálamiðstöðvar, eru í forsvari fyrir heimboðinu og hafa veg og vanda af því að leiða þjóðirnar saman.

Hver þjóð hefur sín sérkenni í húsgögnum, mat og menningu.

LAGERSALA
LAGERSALA

Opið hús í Heildverslun að Dalshrauni 17, Hafnarfirði, fimmtudaga frá kl. 12-18 og laugardaga frá kl. 12-15.

SKART • HÁRSKRAUT

TÖSKUR • HÚFUR

VETTLINGAR • SOKKAR

FATNAÐUR OG MARGT FLEIRA

KOMIÐ OG GERIÐ GÓÐ KAUP FYRIR JÓLIN

Stelpur Konur

Staðurinn - Ræktin

Nú er **Samstöðuvika** hjá Dansrækt JSB

Sjaldan hefur verið ríkari þörf fyrir að byggja okkur upp og efla andlegan og líkamlegan styrk okkar

Til þess að sýna samstöðu á erfiðum tímum bjóðum við:

- Frían aðgang í opna tíma og tækjasal **vikuna 18. – 25. nóvember**
- Besta verð ársins á öllum kortum
- Framlengingu á kort sem þegar eru fyrir hendi

Hlökkum til að sjá þig!

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is

Ansi óvenjuleg ástarsaga

Eitt af rómantískari athvörfum borgarinnar má finna í hinu forna leikhúsi Iðnó við Tjörnina, en umgjörð þess er sem sköpuð fyrir eldheitar ástarsögur. Þar dansa nú saman karl og kona í Leikhúsi andanna.

„Hjarta hvers leikhúss er sagan sjálf og hlutverk þess að draga áhorfandann inn í annan heim. Því eiga leikhúsgestir von á því að stíga inn í frásögn þar sem karl og kona lýsa upplifun sinni á ástinni í öðruvísi og óvenjulegri ástarsögu, sem talar beint inn í hjarta áhorfandans," segir Þórdís Elva Þorvaldsdóttir Bachmann, höfundur ástarsögunnar Dansaðu við mig, en Þórdís, ásamt fjórum öðrum, stofnaði síðsumars leikhópinn Leikhús andanna, sem líkast til er nýjasti leikhópur lýðveldisins.

„Í raun greip ég hugmyndina frá Höskuldi Sæmundssyni, sem leikur annað aðalhlutverk sýningarinnar, en hann spurði mig í upphafi ársins hvort ég hefði hug á að gera með honum sjálfstætt grasrótarverkefni. Þá hafði ég lengi verið með verkið Fýsn í mótun hjá Borgarleikhúsinu og fann að kitlaði mig hugmyndin um að taka smá sjálfstæða rispu," segir Þórdís Elva sem þykir ólíku saman að jafna að sýna leikverk hjá stofnanaleikhúsunum í samanburði við sjálfstæðar fjalir.

„Hjá stóru leikhúsunum selur maður verkið frá sér og setur í hendur annarra, en í þeim litlu fylgir maður því alveg í höfn, en hvoru tveggja er gaman. Í listalífinu er maður opinn fyrir samstarfi við sem flesta og alltaf opinn fyrir nýjum möguleikum, en vitaskuld þykir mér óskaplega vænt um leikhópinn minn litla," segir Þórdís Elva um Leikhús andanna sem frumsýndi Dansaðu við mig í Iðnó fyrr í haust.

„Þegar kreppan hófst var okkur sífellt vísað út úr Iðnó vegna ríkisstjórnarfunda og síðustu tvær vikurnar var þetta orðinn hálfgerður farsi, en þá var ég alvarlega farin að íhuga að skrifa Geir inn í verkið til að geta notað nærveru hans meira," segir hún hlæjandi og er afskaplega ánægð með viðbrögð áhorfenda og gagnrýnenda.

Þau eru rómantísk, vetrarkvöldin við Tjörnina og heitar tilfinningar sem bærast innan veggja Iðnós, en þar er nú sýnt nýjasta leikverk Þórdísar Elvu Þorvaldsdóttur Bachmann, sem ber nafnið Dansaðu við mig. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Við erum rífandi montin og á mínum ferli sýnist mér mesta hjartað búa í þessari sýningu. Slík er einlægnin, dugnaðurinn og vinnusemin. Það ríkir því mikil væntumþykja og hlýja í litla Leikhúsi andanna," segir Þórdís Elva.

Nú fer hver að verða síðastur að sjá frumraun leikhópsins í Iðnó, en ein af lokasýningunum verður í samstarfi við Unifem næstkomandi fimmtudagskvöld.

„Ég er einlæg áhugakona um afnám ofbeldis gegn konum og munu 1.000 krónur af hverjum miða renna óskiptar til Unifem. Við ætlum að bjóða gestum upp á kokkteil og lifandi tónlist, og munum einnig selja hljóðmyndina úr leikritinu, sem er einstaklega falleg og rómantísk, eftir Jarþrúði Karlsdóttur tónskáld. Það er svo gaman þegar íslensk nýsköpun elur af sér enn meiri nýsköpun."

Dansaðu við mig er sýnt í Iðnó í kvöld klukkan 20.

thordis@frettabladid.is

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ – Mest lesið

ALLT BÍLAR
Alla laugardaga

BÍLAR & FARATÆKI

Toyota Highlander Sport, Árg 2008,ek 10.þ.km,Einn með öllu, Glertopplúga, Handfrjálsbúnaður,Lofkæling, Raf í öllu, bakkmyndavél, 270 hestöfl, 5ára ábyrð, verð 5.990 Áhvílandi 100% Erlent hagstætt lán. Uppl hjá Netbilar.is s: 588-5300

Infiniti FX35,árg 2004, ek 55.þ.km, Einn með öllu hugsanlegum aukabúnaði,20"álfelgur,Boose hjómkerfi,leður,topplúga,raf í öllu. Ásett verð 4.400 áhv 4,200 , Uppl hjá Netbilar.is s: 588-5300

Netbílar.is
Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur
Sími: 588 5300
http://www.netbilar.is

Bílskúr óskast í langtímaleigu snyrtileg umgengni og öruggum greiðslum heitið. Uppl. í síma 897 2555.

Gisting

Þarft þú til Reykjavíkur fyrir jólin? Erum með fullbúna íbúð á góðum stað í skammtímaleigu. Uppl. í síma 867 4571 - www.123.is/gisting

Gisting í Kaupmannahöf
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Nánari uppl. á www.stracta.com eða í s. 822 7303, 891 8612, +4527111038 eða annalilja@stracta.com.

Gista.is / S. 694 4314
2ja-3jaherbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

ATVINNA

Atvinna í boði

Lækjarbrekka
Alltaf sígild - Alltaf ljúf

Lækjarbrekka
Rótgróið, þekkt veitingahús getur tekið að sér nema í matreiðslu.
Upplýsinga veitir Sigríður, 691 2435 milli 10-12 og 14-17 eða sigridur@laekjarbrekka.is

Netviðskiptaskóli Íslands
Námskeið að verðmæti 50þús. GEFINS í dag.Lærðu nýja tekjuleið í dag! Farðu á www.netvidskipti.is

Búðu þér til góðar tekjur á Netinu.
Rafrænt námskeið í netviðskiptum fyrir alla sem hafa áhuga á að búa sér til sjálfstæðar tekjur á Netinu.
Skoðaðu http://kennsla.com og fáðu allar frekari upplýsingar.

starf.is

Sölubörn óskast til að selja jólakort. Góð sölulaun. Uppl í s. 694 7768.

Hár-Stóll til leigu á Hársnyrtistofu. Skemmtilegt fólk. Uppl. á staðnum, Papillia Laugavegi 25.

Rizzo pizza
Vantar bílstjóra virka daga, milli kl. 17:00-22:00 Íslensku kunnátta æskileg. Uppl. á Rizzo Bæjarlind 2

Byggingarvinna Fyrir röskan mann ,þarf að geta byrjað strax , laun samkvæmt töxtum verkalýðsfélagana , svar sendist roskur@visir.is

Hraustir menn óskast í smíða og steypuvinnu. Reynsla skilyrði. mikil og erfið vinna í boði. Áhugasamir senda e-meil á gunnar@verkvik.is og greina frá reynslu og aldri.

Óska eftir tilboðum í uppslátt og járnabindingu fyrir 190fm2 gólf í einbýli. S 856 7207.

Vantar vanan hjólagröfumann s. 663 2333.

Óska eftir fólki til sölustarfa mjög góð sölulaun í boði. Aldur 25-70. S. 661 7595.

ATVINNA Á ÍSLANDI
Þú getur fiskað fyrir milljón eða meira á einum degi. Frjálsar smábátaveiðar munu veita þjóðinni þúsundir starfa. Aðalsteinn Agnarsson

Rafvirkjar
Óska eftir rafvirkjum til starfa á skipum og í Olíuiðnaði í Noregi. Góð laun í boði. Umsóknir sendist ásamt ferilskrá (CV) á norsku/dönsku/ensku auk staðfestingar á sveinsprófi á tölvupóstfang gudjon@elviraas.no

Duglegur 40 ára karlmaður óskar eftir vinnu úti góðum sveitarbæ S: 8650568

Atvinna óskast

Pólskur rafmagnsfræðingur óskar eftir vinnu. Talar 100% ensku og smá í Íslensku. Góð tölvukunnátta. Starfaði síðast við uppsettningu öryggis kerfa. Meðmæli ef óskað er. Margt kémur til greina. S. 895 0723 Bartek. S. 847 7763 Tómas (Túlkur)

Vanur rafvirki óskar eftir vinnu. Uppl. s. 662 8589

Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

TILKYNNINGAR

Tilkynningar

Oft var þörf... Doktorsnemi í viðskiptasiðfræði óskar eftir styrktaraðila að rannsókn sem snýr að ábyrgum viðskiptaháttum í hnattvæddum heimi. Einstakt tækifæri fyrir fyrirtæki, stofnanir eða einstaklinga til að stuðla að bættu siðferði í viðskiptum. Frekari upplýsingar: 552 7929/vidskiptasidferdi@gmail.com

Einkamál

Ungur og heitur
maður vill nauðsynlega kynnast karlmanni. Auglýsing hans er hjá Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535 9920 (kreditkort), augl.nr. 8589.

Kona vill kynnast
einhleypum karlmanni á aldrinum 54-65 ára með náin kynni í huga. Auglýsing hennar er hjá Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535 9920 (kreditkort), augl.nr. 8838.

Ný upptaka!
Ung kona nýtur sín í einrúmi. Frábær upptaka! Hlustaðu í síma 905-2002 (símatorg) og 535 9930 (kreditkort), upptökunr. 8145.

SÍMAÞJÓNUSTUR

Stefnumót
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
Spjall
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
Gay spjall
535-9988 (kreditkort)
Sögur
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
Spjalldömur
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

Tilkynningar

FÉLAGS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

TILKYNNING
Frestur til að óska eftir greiðslujöfnun fasteignaveðlána

Félags- og tryggingamálaráðherra hefur gefið út reglugerð um frest fólks til að óska eftir greiðslujöfnun vilji það nýta þetta úrræði í samræmi við nýsamþykkt lög um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga.

Lántakendur sem óska þess að greiðslujöfnun láns hefjist á gjalddaga í desember næstkomandi þurfa að koma beiðni um það til viðkomandi lánastofnunar eigi síðar en þriðjudaginn 25. nóvember. Berist beiðni lántakanda eftir þann tíma hefst greiðslujöfnun lánsins á næsta gjalddaga þar á eftir. Lánveitandi getur þó veitt lántakanda rýmri frest en hér segir.

Eftir næstu mánaðamót þarf beiðni um greiðslujöfnun að berast lánveitanda eigi síðar en 11 dögum fyrir gjalddaga eigi hún að hefjast þá.

Allir sem eru með verðtryggð fasteginaveðlán hjá opinberum lánastofnunum, lífeyrissjóðum eða öðrum fjármálafyrirtækjum með starfsleyfi hér á landi eiga rétt á greiðslujöfnun, uppfylli þeir skilyrði laganna.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið

Fasteignir

Spóahöfði 26 - Mosfellsbæ

Mjög falleg 208,4 fm efri sérhæð með innbyggðum bílskúr í útjaðri byggðar. Hús teiknað af Kjartani Sveinssyni. 4 svefnherbergi. Sérsmíðaðar innréttingar, vönduð eldhústæki. Náttúrusteinn og parket á gólfum. Glæsilegt útsýni er yfir golfvöllinn, niður að Leirvoginum og út á Faxaflóa og til Esjunnar. Mjög stórar verandir eru í kringum húsið. Heitur pottur.
Frábær staðsetning. V. 59,8 m.

OPIÐ HÚS Á MORGUN SUNNUDAG FRÁ KL 15:00 TIL 16:00 Í SPÓAHÖFÐA 26 Í MOSFELLSBÆ.

EIGNAMIÐLUN sala fasteigna í 50 ár
Síðumúla 21 • 108 Reykjavík • S. 588 9090 • fax 588 9095
www.eignamidlun.is • eignamidlun@eignamidlun.is
Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali

Fjárfestar

Fjárfestu í nýsköpun án áhættunnar

Lausnin
Lausnin er í tölvugeiranum og kemur til með að spara fyrirtækjum umtalsverðar fjárhæðir en flest fyrirtæki í Evrópu og Bandaríkjunum eru skyldug til að nota svona lausnir reglulega.

Fjármagnsþörf
Okkur vantar fjármagn í markaðssetningu og frágang skulda að upphæð 14 milljónir, með fasteignaveði, ef lausnin nær markaðshlutdeild geta fjárfestar margfaldað fjárfestinguna ef ekki eru þeir öruggir með að fá peningana til baka.

Staða
Lausnin er búin að vera í þróun síðustu fjögur ár og er nú tilbúin í sölu. Nokkrir virtustu sérfræðingar á þessu sviði í heiminum hafa gefið mjög jákvæð ummæli. Sölu og dreifileiðir eru klárar.

Sendu okkur tölvupóst á ragnar.info@gmail.com til að fá meiri upplýsingar

Jólakaffi

Orlofsnefnd húsmæðra í Reykjavík

Jólakaffi verður þriðjudaginn 25. nóv. Kl. 20 í Víkingasal Hótel Loftleiða, fyrir þær konur sem tóku þátt í ferðum okkar á árinu.

Hafið með ykkur myndir og góða skapið.

Nefndin

Til leigu

Laugavegur
Flott húsnæði til leigu

Til leigu í þessu glæsilega húsi.
Erum með til leigu götuhæðina (split level) í þessu glæsilega húsnæði. Húsnæðið er samtals 272 fm og er annað hvort til leigu í heilu lagi eða í hlutum.
Í húsnæðinu er í dag hárgreiðslu- og snyrtistofa og er möguleiki að sú starfsemi verði áfram að hluta til (snyrtistofan). Plássið er allt mjög vandað og flott, stórir gluggar og mikil lofthæð.
Hentar sérstaklega vel undir alla létta þjónustu- eða verslunarstarfsemi. Laust 1.12 nk.
Allar nánari upplýsingar í síma: 845 3083, Björn.

FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
Pétur Þ. Sigurðsson hrl. löggiltur fasteignasali
Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

Til Leigu

Við Héðinsgötu í Reykjavík 3140 m² skemma með góðri lofthæð t.d fyrir lager eða geymslu. Leigist í lengri eða skemmri tíma. Mjög hagstæð leiga. Upplýsingar í síma 693-7304 og 896-8750.

EVRUR TIL BAKA!

NÚ FÆRÐU ALLT AÐ 500 EVRUR TIL BAKA VIÐ KAUP Á PHILIPS AMBILIGHT SJÓNVARPI

www.cash-back.nu

SVONA VIRKAR PHILIPS AMBILIGHT TILBOÐIÐ
Þú kaupir PHILIPS sjónvarp með Ambilight baklýsingu hjá Heimilistækjum eða söluaðilum um land allt og passar upp á kvittunina. Ferð inn á www.cash-back.nu og prentar út beiðnina. Fyllir út beiðnina og sendir til PHILIPS ásamt kvittun og raðnúmeri, sem mun svo láta millifæra peninginn á þinn reikning.

32" PHILIPS	100 evrur
37" PHILIPS	100 evrur
42" PHILIPS	200 evrur
47" PHILIPS	300 evrur
52" PHILIPS	400 evrur
PHILIPS Aurea	500 evrur

TILBOÐIÐ GILDIR TIL 6. DESEMBER
HJÁ HEIMILISTÆKJUM OG SÖLUAÐILUM UM LAND ALLT

PHILIPS
sense and simplicity

REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRAUT 26
SÍMI 569 1500

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 36
460 3380

HÚSAVÍK
GARÐARSBRAUT 18A
464 1600

SELFOSS
EYRARVEGI 21
480 3700

Heimilistæki ht.is

Sjálf holdtekja íslenska rokksins

Algjör sjúkheit, tvöfaldur geislaplötukassi sem rekur feril Péturs Wigelund Kristjánssonar, kemur út eftir helgi. Pétur fæddist árið 1952 en lést 52 ára að aldri árið 2004. Hann var um árabil helstur íslenskra rokkara, gaf sig allan í málefnið og var óþreytandi í áhuga sínum. Hér rifja samstarfsmenn, vinir og ættingjar upp kynni sín af Pétri.

„Rokkaralega útlitið, djúpa röddin, orðaforðinn, bítlaskórnir og 18 grýlna jakkinn gerðu það að verkum að fólk var oft búið að ímynda sér pabba allt öðruvísi en hann var í raun og veru. Þegar fólk kynnist honum sá það að hann var mjög mjúkur, hlýr og einlægur maður, algjör húmoristi og stutt í prakkarann. Eftir Skaupið eitt gamlárskvöldið ákvað pabbi til dæmis að skella sér út á náttfötunum og sloppnum og sprengja eina svakalega bombu. Stórfjölskyldan fylgdist spennt með úr glugganum. Áður en hann kveikti í gerði hann sér lítið fyrir, gyrti niður um sig buxurnar og múnaði í áttina til okkar. Hversu margir nágrannar sáu þetta veit ég ekki en bomban var alltaf kölluð „kynbomban“ eftir þetta.“

Íris Wigelund Pétursdóttir, dóttir.

„Það væri að æra óstöðugan að rifja upp allar þær ljúfu samverustundir okkar félaga, hvað þá allar uppákomurnar, en Pétur bar með sér mikla gleðværð, stemningu og stuð hvert sem hann fór. Hann var þekktur fyrir orðaleiki sína, enda orðheppinn með eindæmum og ekki má gleyma „frösunum“, sem enn lifa góðu lífi. Einhverju sinni vorum við að fíflast sem oftar og þá datt úr úr mér nafnið Guðsteinn. Ég var þá að tala um herrafataverslunina sem enn er starfandi á Laugarvegi. Þetta nafn, Guðsteinn, heillaði Pétur óskaplega og hann yfirfærði það strax á allra heilagasta staðinn á karlmönnum og talaði eftir það alltaf um Guðstein, ef hann átti við þennan dýrmæta líkamshluta. Þegar Pétur var svo jarðsunginn, þá minntist presturinn á að Guðsteinn hafði verið Pétri mjög hugleikinn, en vissi auðvitað ekki hvað Guðsteinn var í huga Péturs. Allir kirkjugestir brostu út í bæði, þegar presturinn sagði að Guðsteinn hefði líklega verið hans besti vinur og þeir átt margar góðar samverustundir. Enginn þorði að leiðrétta klerkinn og kista popparans var borinn út við undirleik Væ̈ldarans, Wild thing, sem var einkennissöngur Péturs alla tíð. Guðsteinn var í sömu kistu, blessuð sé minning þeirra beggja!“

Hermann Gunnarsson var góður vinur Péturs. Hemmi tileinkar Pétri útvarpsþátt sinn á Bylgjunni í fyrramálið, fær til sín gesti sem unnu með Pétri og spilar gömul viðtöl við rokkarann.

„Undir það síðasta vorum við saman í hljómsveitinni Gargið og spiluðum mikið í Fjörukránni í Hafnarfirði. Pétur bjó í Grafarvogi og þar sem ég er hættur að drekka var ég hálfgerður einkabílstjóri hans. Hann var alltaf seinn, enda mjög óstundvís. Ég er alveg á hinum endanum, vil helst vera mættur of snemma. Ég var farinn að stúrdera það hvernig hann hálfpartinn einbeitti sér að því að vera alltaf of seinn. Þegar ballinu lauk hófst sama rútínan aftur. Oft þekkti hann helming gestanna og þurfti að kveðja alla með kossi, enda þótti honum vænt um vini sína. Þegar ég var farinn að ókyrrast brosti hann bara þessu fræga brosi sem bræddi alla, kyssti mig á kinnina og sagði: Eigum við að fara að koma okkur, kallinn minn. Við vorum báðir miklir mathákar og oft stofnuðum við til átveislu í Grafarvoginum þegar við komum loksins þangað eftir böll. Þótt það væri hávetur fór hann jafnvel út að grilla, enda kölluðu nágrannarnir hann „vorboðann“!“

Jón Ólafsson bassaleikari var með Pétri í ótal hljómsveitum í gegnum tíðina.

„Við Startarar vorum búnir að fá Pésa til liðs við okkur og hann mætti á sína fyrstu æfingu, of seint að sjálfssögðu – og á tréklossunum. Hann vildi heyra hvað við hefðum tilbúið og helst eitthvað „bönder-rokk“, eins og hann kallaði það. Man ekki hvaða lag ég söng, enda var maður ansi stressaður, en ég þandi barkann sem óður væri, og beið svo auðmjúkur eftir dómnum. Hann gekk að mér, tók mér um axlir og sagði: „Heyrðu kallinn minn, á hvaða vítamínum ert þú? Hvernig væri að deila með frænda?“ Dæmigerður Pétur þetta með að gera sig að „frænda“ svona við fyrstu kynni. Hann stal hjarta mínu þar og þá, og vináttu okkar fær ekki einu sinni dauðinn slitið.“

Eiríkur Hauksson var með Pétri í hljómsveitinni Start.

„Undir það síðasta vorum við saman í hljómsveitinni Gargið og spiluðum mikið í Fjörukránni í Hafnarfirði. Pétur bjó í Grafarvogi og þar sem ég er hættur að drekka var ég hálfgerður einkabílstjóri hans. Hann var alltaf seinn, enda mjög óstundvís. Ég er alveg á hinum endanum, vil helst vera mættur of snemma. Ég var farinn að stúrdera það hvernig hann hálfpartinn einbeitti sér að því að vera alltaf of seinn. Þegar ballinu lauk hófst sama rútínan aftur. Oft þekkti hann helming gestanna og þurfti að kveðja alla með kossi, enda þótti honum vænt um vini sína. Þegar ég var farinn að ókyrrast brosti hann bara þessu fræga brosi sem bræddi alla, kyssti mig á kinnina og sagði: Eigum við að fara að koma okkur, kallinn minn. Við vorum báðir miklir mathákar og oft stofnuðum við til átveislu í Grafarvoginum þegar við komum loksins þangað eftir böll. Þótt það væri hávetur fór hann jafnvel út að grilla, enda kölluðu nágrannarnir hann „vorboðann“!“

Jón Ólafsson bassaleikari var með Pétri í ótal hljómsveitum í gegnum tíðina.

„Það var aldrei leiðinlegt í kringum Pétur, hann var svo léttur og hafði góðan húmor fyrir öllu í kringum sig. Hann sagði einu sinni frá því að hann hefði verið í Ameríku með hljómsveit sem átti að „meika það“. Það var svo heitt að hann ákvað að kaupa sér stuttbuxur. Hann fann fínar skræpóttar buxur en eitthvað var nú skrítið hvað glápt var á hann, já eiginlega meira en venjulega, en skítt með það. Svo hló Pétur hátt þegar hann útskýrði „ég keypti óvart boxer nærbuxur“. Hann gekk semsagt í nærbuxunum út um allt og fannst það bara fyndið.“

Oddný B. Halldórsdóttir starfaði með Pétri í plötudeild Karnabæjar/Steinars á áttunda og níunda áratugnum.

„Ég man eftir óteljandi uppákomum sem sýna Krókinn í réttu ljósi. Þó langar mig að skjóta á ykkur samtali úr veislu sem Pétur og Linda héldu nokkrum vinum. Díalógurinn byggði á mónólógum Péturs og viðbrögðum Lindu, því Pétur sagði kannski: „Linda, skjóttu smá dúndri útá kantinn.“
Við þessi orð bætti Linda í glösin.
Og þá sagði Pétur: „Linda, skjóttu smá sjúkheitum á vænginn.“
Við þessi orð rétti Linda fólki meiri kartöflur.
Og Pétur sagði: „Linda, vippaðu dúndri útá kantinn.“
Þá stóð Linda upp og sótti sósu.
Og Pétur sagði: „Linda dúndraðu smá skoti á línuna.“
Þá bætti Linda í glösin.

Kristján Hreinsson skrifaði ævisögu Péturs í bókinni Pétur Poppari.

„Ógleymanleg er ferð okkar Eyjólfs Kristjánssonar til Rómar 1991 (Nína), en Pétur var þar í fylkingarbrjósti fyrir hönd útgáfunnar. Að vanda var hann hrókur alls fagnaðar og sópaði að honum. Einn daginn skoðaði hópurinn Péturskirkjuna. Pétur gekk röggsamleg fram við að smala liðinu inn í helgidóminn. En þegar röðin kom að honum að ganga yfir þröskuldinn meinuðu verðir honum inngöngu á þeirri forsendu að hann væri í Iron Maiden stuttemabol. Eins og þeir sem til þekkja, þá eru merki og íkon þeirrar sveitar allt annað en guðdómleg og reyndar frekar í hina áttina. Pétri voru settir þeir afarkostir að klæða af sér bolinn eða standa fyrir utan. Fyrst Pétur var kominn alla þessa leið, líkt og Guðríður forðum, þá afréð hann að fara að fyrirmælunum og hjúpaði sig gallaskyrtu, hnepptri upp í háls. En hneppti síðan lauslega frá þegar inn var komið og spókaði sig um á marmaranum með Járnfrúarskrímslið hálfhulið. Nafni hans, sá er kirkjan heitir eftir, hefði þó líkast til fyrirgefið honum þetta. Það var nefnileg erfitt að vera reiður Pétri. Það var í þessari sömu ferð sem Pétur keypti 18 grýlna jakkann sem hann átti eftir að skrýðast oft næstu árin. Og reyndar keypti hann annan 12 grýlna í sömu verlsun. Ég var með honum í þeim innkaupatúr. Það var líka gaman. En það er önnur saga.“

Stefán Hilmarsson söng „Krókinn“ með Pétri og Sálinni.

2.989 kr.

2.189 kr.

2.189 kr.

2.189 kr.

2.189 kr.

2.989 kr.

6.989 kr.

Verð á stk.

9.989 kr.

Verð á stk. PS3

Nýtt kortatímabil

Mesta úrvalið á landinu

Ferðatæki með CD

Lenco SCD25
Ferðatæki • FM útvarp • CD spilari • Spilar CD, CD-R/RW og MP3/WMA • Heyrnartólstengi • Góðir hátalarar

6.989 kr.

Með iPod vöggu

Panasonic SCEN38
2x8 míkrósamstæða • iPod vagga • CD spilari • Klukka með vekjara og svefnrofa • Útvarp með 30 minnum • USB • Hleður iPod í spilun • Spilar CD, CD-R/RW og MP3/WMA

29.989 kr.

Má festa aftan á sætispúða í bílnum!

Ferðatæki með CD

United DVD7046
7" TFT skjár • Upplausn: 480 x 234 • Format: 4:3 / 16:9 • Built-In Dolby Digital Decoder • Innbyggðir 2 x 1W hátalarar • Multi OSD • Anti Schock

12 og 220 volt

19.989 kr.

Fjölkerfa DVD spilari

Toshiba SD180
Fjölkerfa DVD spilari • Progressive Scan • Dolby Digital og DTS • Scart (með RGB), Component og CVBS tengi • Digital Coaxial tengi ofl.

10.989 kr.

Casio EXZ19PINK
9.1 millj. punkta uppl. • Auto Shutter • 3x Optical og 4x Digital Zoom • 2.7" TFT LCD skjár • Hreyfimyndataka • Tímastillir • Innb. hljóðnemi og hátalari • 18.6 MB innb. minni og rauf fyrir SDHC/MMC/MMCplus kort

9.1 milljón punkta upplausn

2 litir - bleik eða silfurlituð

24.989 kr.

Innbyggður DVD spilari

United TVD7056
19" LCD • Innb. DVD spilari • 1440x900 punkta uppl. • Skerpa: 500:1 • Nicam Stereó • Scart, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi • Textavarp • 12v og 220v

69.989 kr.

DVD myndir 3 fyrir 2

Keyptu tvær DVD og fáðu þriðju frían

Hundruðir DVD titla í boði!

989 kr.

Verð á stk.

OPNUNARTÍMI

Mánudaga	kl. 11-19	Föstudaga	kl. 11-19
Þriðjudaga	kl. 11-19	Laugardaga	kl. 11-18
Miðvikudaga	kl. 11-19	Sunnudaga	kl. 12-18
Fimmtudaga	kl. 11-19		

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA og í Holtagörðum

MAX RAFTÆKI

Gildir til þriðjudags eftir birtingu. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

Þolir ekki Atla Bollason

Snorri Helgason er syngjandi og spilandi meðlimur hljómsveitarinnar Sprengjuhallarinnar sem er nýbúin að gefa út sína aðra plötu. *Anna Margrét Björnsson* tók hann í þriðju gráðu yfirheyrslu

ÞRIÐJA GRÁÐAN

FULLT NAFN: Snorri Helgason

STARFSFERILL Í HNOTSKURN: Félagsfræðistúdent frá MH - leikskólaleiðbeinandi - skrifstofumaður - tónlistarmaður og framkvæmdastjóri FTT.

FÆÐINGARÁR OG HVAÐ GERÐIST MARKVERÐAST Á ÞVÍ ÁRI: 1984 og Damon Albarn kynnist Graham Coxon í barnaskóla í Colchester á Englandi.

Hvenær varstu hamingjusamastur? Ég myndi segja að ég hafi „peakað“ einhvern tímann í sumar.

Ef þú værir ekki tónlistarmaður, hvað myndirðu þá vera? Kannski leikskólakennari ef það væri ekki svona fáránlega illa borgað.

Hvað er það dýrasta sem þú hefur nokkurn tímann keypt þér? Nissan Micra árgerð '98 á 200 þ. kall. Ég er miklu frekar til í að eyða miklum pening í marga litla tilgangslausa hluti heldur en að kaupa mér eitthvað stórt og rosalegt.

Ef þú byggir ekki í Reykjavík, hvar myndirðu vilja búa? London eða í sumarbústað rétt fyrir utan Reykjavík.

Uppáhaldshljómsveit allra tíma og af hverju? Blur, því hún kenndi mér að dýrka tónlist.

Draumahelgin þín í einni setningu? Afslappelsi með steikum, góðu víni og vinum í sumarbústað í íslenskri sveit.

Hvert er versta starf sem þú hefur nokkurn tímann gegnt? Afgreiðslumaður í Skífunni. Ég fékk taugaáfall og hætti eftir ein jólin. Ég vorkenni Skífufólkinu þessi jólin. Ofan á allt nöldrið og stressið bætist vænn og grútleiðinlegur skammtur af krepputali.

Uppáhaldsstaðurinn þinn á jörðunni? Bóndabær föðurbróður míns, Kidda, við Olafstorp í Svíþjóð.

Hvers konar tónlist hefur mest áhrif á þig og hvaða lag hlustarðu mest á í dag? Sú tónlist sem hefur haft mest áhrif á mig í gegnum árin er líklega breskt popp og bandarískt folk. Það lag sem ég hlusta mest á þessa dagana er „Going to Acapulco“ með Bob Dylan & The Band.

Ef þú ættir tímavél, hvert myndurðu fara og af hverju? Ég myndi fara á tónleika með Bob Dylan & The Hawks á Englandstúrnum '65. Því það er einfaldlega rosalegasta live-rokkband sem ég hef heyrt í.

Er eitthvað sem heldur fyrir þér vöku á nóttunni? Já. Allt of margt. Aðallega tónlist. Mín eða annarra. Ég lá eina nótt andvaka yfir laginu Barbara Ann með Beach Boys. Það á ekki að vera hægt. Það er ekki svo flókið!

Ef þú gætir breytt einhverju í fortíð þinni, hvað myndi það vera? Ég hefði einbeitt mér að því að læra að skrifa. Ég skrifa eins og blint þriggja ára barn með riðu.

Hvenær fékkstu síðast hláturskast? Á útgáfutónleikum Sprengjuhallarinnar. Bergur var HEITUR það kvöld.

Áttu þér einhverja leynda nautn? Já, mér finnst The Killers vera svona alltílæ hljómsveit. Svo fæ ég mér alltaf ost ofan á túnfisksalat.

Uppáhaldsbókin þessa stundina? Ástarljóð Páls Ólafssonar, eins væmið og það hljómar.

En hvaða núlifandi manneskju þolirðu ekki? Atla Bollason. Er það ekki það heitasta í dag?

Uppáhaldsorðið þitt? Sprengjuhöllin.

Hvaða eitt atriði myndi fullkomna lífsgæði þín? Villa í St. Tropez, sanseraður sportbíll og 900 tommu flatskjár.

Hvaða eitt lag verður þú að taka „cover“ af áður en þú deyrð? Thunder Road með Bruce Springsteen.

Hvað er næst á dagskrá? Það er bara að spila á fullu og kynna nýju plötuna með Sprengjuhöllinni, sem heitir Bestu kveðjur. Svo ætla ég bara að reyna að njóta jólanna eftir bestu getu og hafa það gott.

SNORRI HELGASON TÓNLISTARMAÐUR „Uppáhaldsorðið mitt er Sprengjuhöllin.“

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Viltu gefa sparifötunum annan séns?

Sparifatasöfnun Rauða krossins

Nú leitum við eftir aðstoð almennings til að gefa okkur vel með farinn sparifatnað fyrir börn og fullorðna. Með því að gefa í söfnun Rauða krossins gerir þú fjölskyldum og einstaklingum kleift að eignast spariföt fyrir jólin í fataúthlutun Rauða krossins eða á hagstæðu verði í verslunum okkar.

Tekið verður á móti fatnaði hjá deildum Rauða krossins í dag - laugardaginn 22. nóvember milli kl. 11.00 - 15.00

- Reykjavík, Laugavegi 116 - gengið inn Grettisgötumegin, s. 5450400
- Reykjavík, Vífilfell hf. Stuðlahálsi 1- inngangur verksmiðjumegin
- Reykjavík, Menningarmiðstöðin Gerðuberg - hjólhýsi Rauða krossins
- Hafnarfjörður, Strandgötu 24 - inngangur frá Fjarðargötu, s. 5651222
- Kópavogur, Hamraborg 11, s. 5546626
- Garðabær, Hrísmóum 4, Garðatorgi, s. 5659494
- Álftanes, Haukshúsið á Álftanesi, s. 5650816
- Mosfellsbær, Þverholti 7, s. 8986065

Allar upplýsingar um verslanir og fataúthlutanir Rauða krossins er að finna á heimasíðunni www.raudikrossinn.is

Rauði kross Íslands

MÆLISTIKAN

Á uppleið

Þemapartí Allir eiga að hlakka til einhvers um helgar, þýðir ekkert að vera bara venjulegur. Nú er kominn tími til að klæðast eins og vampíra, Andy Warhol eða köttur.

Endurvinnsla sorps Finnar átu víst rusl upp úr tunnum í sinni kreppu. Hámarkinu endanlega náð í endurvinnslunni.

Rauður varalitur Gefur manni aukinn innri styrk og kynþokka, og hver þarf ekki á því að halda þessa dagana?



Rómantík Stjörnubjartur himinn, norðurljós og langar myrkar nætur gefa ástinni byr undir báða vængi.

Á niðurleið

Góði hirðirinn Eins sniðugur og hann er þá er bara ekkert eftir á þessum síðustu og verstu. Það er enginn lengur að henda öllu út og kaupa allt nýtt.

Skáldaröfl Nú koma allir rithöfundarnir fram og þykjast hafa séð þetta ástand allt fyrir. Henda fram hverri myndlíkingunni á fætur annarri og þykjast vera góðu gæjarnir sem tóku ekki þátt í góðærisfylleríinu.



Facebook Þegar Gugga sem þú vannst með í tvo mánuði árið 1991 er farin að hafa áhyggjur af heilsufari þínu og kommenta á fjölskyldumyndir er kominn tími til að taka til í snoppuskinnu.

Ofurhæpaðar hljómsveitir Magnað hvað þjóðin er tilbúin til að láta segja sér hvaða hljómsveitir hún á að fíla. Spurning um að finna eigin smekk?

VIÐ ERUM ÓDÝRASTIR!

„PS3: Gamestöðin er besti kostur neytandans. *Max koma illa út og eru dýrastir* í PS3 leikjunum.
Xbox360: Gamestöðin er undantekningarlaust ódýrari en *Elko er yfirleitt dýrastur*.
***Gamestöðin stóð sig best* í þessari verðkönnun...“**

Samkvæmt niðurstöðu verðkönnunar Gameover.is

PS3 **9.499,-**
Einnig fyrir PC, PS2, XB360, NDS, Wii

9.499,-
Aðeins fyrir PS3

PS3 **9.499,-**
Einnig fyrir PC, PS2, XB360, NDS, Wii

9.499,-
Fyrir XBOX 360
Einnig til í PC

9.499,-
Aðeins fyrir PS3

PS3 **9.499,-**
Fyrir PS3, PC og XBOX 360

9.499,-
Aðeins fyrir PS3

Aðeins í Gamestöðinni

9.499,-
Aðeins fyrir XBOX 360

KREPPULEIKIR!

- Allir spilaðir Playstation 2 leikir á 999,-

Frá **999,-**

SVONA VIRKAR GAMESTÖÐIN!

1 KOMDU MEÐ GÖMLU LEIKINA EÐA LEIKJATÖLVUNA

2 SKIPTU ÞEIM UPP Í... EÐA FÁÐU PENINGINN!

3 KAUPTU LEIKJATÖLVUR EÐA LEIKI Á ÓTRÚLEGUM KJÖRUM!

PLAYSTATION 3 OG XB360 LEIKIR

frá 2.999,-

Frá **2.999,-**

GAME STÖÐIN

SPILAÐU MEIRA - BORGAÐU MINNA!

Komdu með rispaða diska til okkar og við gerum þá eins og nýja
Virkar fyrir tónlistar-, leikja-, og DVD diska!

OPIÐ 12-22 ALLA DAGA · SKEIFAN 17 · 550 4400

GÓÐ VIKA / SLÆM VIKA

Góð vika...

...fyrir flóttamann Það er ekkert slor að geta yfirgefið jafnleiðinlega vinnu og að vera í stjórnarandstöðu á Íslandi, haska sér upp í þotu með konuna og ferðatöskurnar og flatmaga svo með fúlgur fjár í eilífri sól á Manna- og Klörubörum ensku strandarinnar á Kanarí. Guðna Ágústssyni tókst það sem okkur öll dreymir um að gera, en getum ekki, enda ekki höfðingjar á spikfeitum eftirlaunum.

...fyrir rithöfund Random House, hið virta bókaforlag, hefur gert samning við Auði Jónsdóttur um útgáfu nýútkominnar bókar hennar, Vetrarsólar. Að sögn var slegist um bókina á bókaráðstefnu í Frankfurt á dögunum og hleypur samningsupphæðin á milljónum. Ekki amalegt að gera góðan samning á krepputímum, ekki síst fyrir „blankan rithöfund sem er gengisflóttamaður á Íslandi“, eins og Auður orðar það.

...fyrir Tonnatak Kraftlyftingafélagið Metall kom sá og sigraði á heimsmeistaramótinu í kraftlyftingum sem fram fór í Austurrríki. Heimsmetin fuku og heimsmeistarar fæddust í stórum stíl. Enginn var þó flottari en Palli fermeter sem lyfti tonni samanlagt og sigraði heiminn.

Slæm vika...

...fyrir umdeildan seðlabankastjóra Davíð, Davíð, Davíð... Enn eina vikuna snýst allt í kringum Davíð Oddsson. Hann á að hafa lagt Dorrit og Ólaf í einelti og gloríurnar hans í Seðlabankanum halda áfram að velgja landsmönnum undir uggum. Það fækkar í aðdáendaklíkunni en þó er alltaf einn sem er sannur í aðdáun sinni, Geiri litli Haarde. Og það er nóg.

...fyrrum Idoldómara Fréttablaðið sagði í gær frá því að Idol-stjörnuleit færi aftur í loftið á Stöð 2 eftir áramótin. Þar var greint frá því að formaður dómnefndar verður Björn Jörundur Friðbjörnsson. Hins vegar er ekkert pláss fyrir kóngana Bubba Morthens og Einar Bárðarson sem margir töldu hafa staðið sig með mikilli prýði í dómnefndinni. Víst má telja að þeir séu ekki sáttir við þennan gjörning þótt ekki vilji þeir tala um það opinberlega.

...fótboltaþjálfara í Svíþjóð Sigurður Jónsson var rekinn úr starfi þjálfara sænska úrvalsdeildarfélagsins Djurgården á miðvikudag. Hann þjálfaði liðið í tvö ár. Fyrra árið gekk allt að óskum og Siggi var kóngurinn á svæðinu. Síðara tímabilið gekk honum allt í mót og höfðu sænskir fjölmiðlar spáð því að svona færi. Verst var fyrir okkar mann að uppsögnin kom í gegnum síma – akkúrat þegar hann var í fríi og að hlaða batteríin eftir erfitt mót.

HORFT ÚT Í HEIM

Vigdís Þormóðsdóttir

Hussein, Darwin og Hinrik áttundi heima í stofu

Fáar sjónvarpsþjóðir standa Bretum framar þegar kemur að því að færa sögu sína í sjónvarpsbúning. Ekki aðeins eru Bretar bandóðir í að búa til vandaðar heimildaþáttaraðir um sögu sinnar þjóðar og annarra; þeir eru einnig gjarnir á að færa söguna í leikinn búning og auka þannig talsvert á skemmtanagildi hennar. Tvær leiknar sagnfræðilegar þáttaraðir láta nokkuð á sér bera í sjónvarpsdagskrám Breta um þessar mundir: annars vegar þáttaröð sem byggir á ævi Saddams Hussein og hefur verið líkt við blöndu af Dynasty og The Sopranos og hins vegar nýjasta þáttaröðin um Hinrik áttunda, en við Íslendingar fáum reyndar að njóta hennar líka um þessar mundir, þökk sé framapoti Anitu Briem. Þessar þáttaraðir hafa þó báðar, Túdor-þættirnir reyndar í talsvert meiri mæli en Saddam-þættirnir, fengið á sig nokkra gagnrýni fyrir ónákvæma meðferð á sögulegum staðreyndum. Á móti má spyrja: hvernig dettur fólki í hug að gagnrýna leikna þáttaröð fyrir ónákvæmni? Hér er um að ræða leikið sjónvarpsefni; eðli málsins samkvæmt getur það ekki verið raunsætt, slíkar eru kröfur skemmtanaiðnaðarins. Áhorfendum er hollast að slaka bara á og njóta sjónarspilsins.

Sögulegar heimildaþáttaraðir þurfa sjaldnar að glíma við ásakanir um ónákvæmni; aftur á móti liggja þær oft undir ámæli fyrir að skorta skemmtanagildi. Guðleysinginn Richard Dawkins sprangar um þessar mundir um sjónvarpsskjái bresku þjóðarinnar og rekur ævi og störf snillingsins Charles Darwin. Dawkins er mikið niðri fyrir, enda er kenning Darwins um náttúruval eitt af hans helstu vopnum í baráttunni við ofsatrúarfólk hvarvetna í heiminum. Þættirnir hafa almennt hlotið nokkuð góða dóma breskra sjónvarpsrýna, en hafa þó legið undir ámæli fyrir þann pólitíska tón sem Dawkins viðhefur í frásögn sinni. Tónninn þykir óviðeigandi þegar mið er tekið af því að Darwin var sjálfur hógvær og friðsamur maður sem gerði sér fullvel grein fyrir hve eldfimar hugmyndir hans um þróun lífs á jörðinni voru. Til marks um varfærni hans má nefna að honum tókst að vera giftur strangtrúaðri konu í fjöldamörg ár án þess að kæmi til árekstra þeirra í millum vegna sköpunarsögunnar. Það má því setja spurningarmerki við túlkun ofsafengins trúleysingja á ævi Darwins.

vísir.is
“...ég sá það á vísi”

FRÉTTAGETRAUN VIKUNNAR

1. Hvaða kvikmynd hlaut sjö Eddur á Edduhátíðinni um síðustu helgi?
2. Hvaða alþingismaður sagði af sér þingmennsku í vikunni?
3. Hver skrifaði sögu forsetatíðar Ólafs Ragnars Grímssonar?
4. Á móti hvaða landsliðum er íslenska kvennalandsliðið í fótbolta að fara að keppa í Evrópukeppninni í Finnlandi?
5. Hver er að taka upp jólalag til að gefa færeysku þjóðinni?
6. Hvaða grunnskóli sigraði Skrekk 2008, hæfileikakeppni grunnskóla Reykjavíkur?
7. Hver mun leiða nýja dómnefnd Idol-stjörnuleitar?
8. Tvær konur hafa tekið þingsæti fyrir Framsóknarflokkinn að undanförnu. Hvað heita þær?
9. Hver er stjórnarformaður Fjármálaeftirlitsins?
10. Hver sagðist í vikunni hafa vitneskju um af hverju Bretar beittu hryðjuverkalögum gegn Landsbankanum og var fyrir vikið boðaður fyrir viðskiptanefnd Alþingis?
11. Hver hlaut verðlaun Jónasar Hallgrímssonar á degi íslenskrar tungu?
12. Hvar er leikverkið Steinar í djúpinu sýnt?
13. Margboðuð plata erlends stórsöngvara kemur loks út á mánudag, en talið er að kostnaður við gerð plötunnar sé um 13 milljónir bandaríkjadala. Hvað heitir söngvarinn?
14. Hvernig fór vináttulandsleikur Íslands og Möltu í knattspyrnu í vikunni?
15. Hvaða tveir ráðherrar hafa sagst vilja alþingiskosningar í vor?

Lausnir
1. Brúðguminn **2.** Guðni Ágústsson **3.** Guðjón Friðriksson **4.** Landsliðum Pýskalands, Noregs og Frakklands **5.** Geir Ólafsson söngvari **6.** Austurbæjarskóli **7.** Björn Jörundur Friðbjörnsson **8.** Helga Sigrún Harðardóttir og Eygló Harðardóttir **9.** Jón Sigurðsson **10.** Davíð Oddsson **11.** Herdís Egilsdóttir **12.** Hafnarfjarðarleikhúsinu **13.** Axl Rose **14.** 1-0 fyrir íslenska landsliðið **15.** Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra og Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra.

AUGNABLIK

Það er jafn gott að vera ekki lofthræddur við viðhaldsstarf á háhýsinu mikla við Smáratorg. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM.

FINNDU ORÐIN

O	K	Ó	B	R	Ú	G	L	E	L	Þ	N	Æ	M	H
B	Á	T	T	A	G	Ý	H	C	R	T	J	N	T	Đ
B	R	E	G	Ú	F	V	N	J	H	Í	Í	O	P	E
D	É	M	T	J	Y	N	Á	X	Þ	U	N	Ö	Ý	M
P	S	M	I	F	I	T	F	Ú	Í	N	M	T	D	B
F	Ó	I	B	E	Í	U	H	U	N	D	R	A	Đ	Æ
J	P	F	T	U	D	T	I	K	H	Þ	Æ	É	S	H
Ö	D	Đ	R	H	X	É	S	R	I	R	Ó	J	F	K
R	U	J	R	I	E	V	T	J	U	Í	Ý	H	Ö	D
U	Á	Ó	X	T	S	T	G	Í	Þ	R	O	Ý	V	M
T	S	E	G	Q	T	U	T	I	G	E	D	U	Ú	J
Í	G	Ó	S	J	Ö	M	É	U	Y	X	Æ	H	J	Ý
U	R	E	G	Đ	M	J	T	B	Í	M	V	N	N	Æ
Ó	E	A	P	I	R	P	U	G	U	T	T	U	T	N
É	P	D	F	H	Ú	S	G	K	K	V	Y	Ö	É	V

EINN
TVEIR
ÞRÍR
FJÓRIR
FIMM
SEX
SJÖ
ÁTTA
NÍU
TÍU
TUTTUGU
ÞRJÁTÍU
FJÖRUTÍU
FIMMTÍU
HUNDRAÐ

Orðin geta verið á ská, upp, niður, afturábak eða áfram.

DVD í Skífunni!

S·K·Í·F·A·N

Laugavegi · Kringlunni · Leifsstöð
www.skifan.is

Ein aðsóknamesta mynd ársins á Íslandi.
Brúðguminn vann til 5 Edduverðlauna.

Bjarni Haukur fer á kostum í mögnuðum einleik
sem 30.000 Íslendingar sáu á fjölunum.





BRESKI RITHÖFUNDURINN GEORGE ELIOT FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1819.

„Rósum rignir aldrei af himnum. Viljirðu fleiri rósir skaltu planta fleiri rósarunnum.“

George Eliot var rithöfundarnafn Mary Ann Evans. Hún var einn af þekktari höfundum á Viktoríutímanum í Englandi.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 22. NÓVEMBER 1975

Jóhann Karl konungur Spánar

Jóhann Karl fæddist í miðri borgarastyrjöldinni árið 1938. Hann var barnabarn Alfons XIII., síðasta konungs Spánar, sem hafði verið steypt af stóli 1931 þegar lýðveldi var stofnað. Eftir borgarastyrjöldina hafði Franco sagt að Spánn ætti að vera konungsríki. Honum leist þó ekki á að sonur Alfons, yrði konungur, taldi að fullorðinn ríkisarfi yrði ekki meðfærilegur. Franco leist betur á prinsinn unga, Jóhann Karl. Jóhann eldri lét því Jóhann Karl í fóstur hjá Franco árið 1948 þegar hann var aðeins tíu ára.

Lítið var vitað um skoðanir Jóhanns Karls þegar hann komst til valda enda hefði Franco líklega ekki lýst hann eftirmann sinn eins og hann gerði árið 1969 ef Jóhann Karl hefði haldið uppi skoðunum sem hefðu ekki verið Franco þóknanlegar.

Gagnrýni beindist að Jóhanni Karli úr báðum áttum: vinstri menn töldu hann handgenginn Franco og að hann myndi halda í sama horfinu. Hægri menn voru aftur á móti hræddir um að breytingar yrðu á stjórnarfyrirkomulaginu. Jóhann lýsti því fljótlega yfir þegar hann var orðinn konungur að hann ætlaði að koma á þingbundinni konungsstjórn á Spáni.

Lýðræði var aftur komið á með nýrri stjórnarskrá árið 1978 þrátt fyrir andstöðu margra gamalla stuðningsmanna Francos sem meðal annars reyndu að gera herforingjabyltingu árið 1981. Síðan hefur ekki verið reynt að koma á nýrri stjórnskipan og Jóhann Karl hefur áunnið sér virðingu á Spáni sem og erlendis.

MERKISATBURÐIR

1907 Giftar konur í Reykjavík fá kosningarétt og kjörgengi til sveitarstjórna.

1907 Ákveðið er með vegalögum að hér á landi skuli vera vinstri umferð. Helsta ástæðan er að söðlar kvenna snúa þannig að þær sitja með báða fætur á vinstri síðum hestanna.

1968 Koss Kirk og Uhura í Star Trek er fyrsti koss fólks af ólíkum kynþáttum í sjónvarpi.

1979 Í tilefni af ári barnsins sjá börn að mestum hluta um dagskrá Ríkisútvarpsins.

1990 Margaret Thatcher tilkynnir að hún láti af störfum sem forsætisráðherra Bretlands.

Flóamarkaður og kökubasar

Áskirkja í Reykjavík efnir til flóamarkaðar og kökubasars á morgun, sunnudag, til ágóða fyrir gluggasjóð kirkjunnar. Þar er nýlegur fatnaður og mikill fjöldi góðra muna til sölu að ekki sé minnst á gómsætar kökurnar sem eflaust eiga eftir að renna ljúflega niður.

Skrautmunir, málverk og búsáhöld eru meðal muna á flóamarkaði Áskirkju.

Í FORDYRI HALLGRÍMSKIRKJU „Ljúf og hrífandi tónlist er góð fyrir sálina,“ segir Inga Rós og stillir sér upp við mynd af heilagri Sesselju sem er verndardýrlingur tónlistarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

DAGUR HEILAGRAR SESSELJU: HALDINN HÁTÍÐLEGUR Í HALLGRÍMSKIRKJU

Listastund til að efla andann

„Það er bara opið hús fyrir alla og Mótettukórinn ætlar að baka súkku-laði-kökur þannig að það verður boðið upp á kaffi og kökur að lokinni stuttri tónlistardagskrá,“ segir Inga Rós Ingólfsdóttir og er að lýsa listfagnaði sem Mótettukór og Listvinafélag Hallgrímskirkju halda í dag klukkan 13.30. Tilefnið er dagur heilagrar Sesselju sem er verndardýrlingur tónlistarinnar.

Inga Rós er framkvæmdastjóri Listvinafélags Hallgrímskirkju og hún hefur orðið áfram. „Við ætlum að kynna í tali og tónum stóra óratoríu sem heitir Cecilía og er eftir Áskel Másson. Það er umfangsmikið verk. Mótettukórinn flytur tóndæmi úr því, ásamt Birni Steinari Sólbergssyni organista og Áskell segir sjálfur frá verkinu. Thor Vilhjálmsson, sem samdi textann, les líka upp brot úr honum. Verkið verður svo frumflutt sama dag að ári í nýenduruppgerðri kirkjunni því áætlað er að ljúka viðgerðum á henni í lok október 2009. Þetta er því eiginlega bara upphitun. Okkur langar að gefa fólki forsmekk að því sem er í vændum og ástæðu til að gleðjast því það verður stórkostlegt að eiga sérstaka tónlist fyrir þennan dag.“

Páll á Húsafelli ætlar að leika á steinahörpu sína heilagri Sesselju til dýrðar og hann og Thor Vilhjálmsson eru með sýningu í fordyri kirkjunnar sem lýkur í næstu viku. Fleira er á dagskránni því nýr diskur er að koma út með Mótettukórnum og flutt verða lög af honum líka í kirkjunni. „Diskurinn heitir Ljósið þitt lýsir mér og við teljum það nafn vel valið á þessum síðustu og verstu tímum,“ segir Inga Rós og fer nokkrum orðum um efni disksins. „Verkin eru öll eftir íslensk tónskáld og þau völdu efnið sjálf svo útkoman er skemmtileg og fjölbreytt. Þetta er ljúf og hrífandi tónlist og góð fyrir sálina.“

Gestir Hallgrímskirkju í dag geta líka fræðst um væntanlega viðburði á vegum Listvinafélagsins því nýtt starfsár er fram undan, það 27. í röðinni. „Þegar eiginmaður minn, Hörður Áskelsson, réðist hér til starfa árið 1982 eftir framhaldsnám og störf í Þýskalandi vildi hann byggja upp öflugt bakland fyrir listalíf kirkjunnar,“ útskýrir Inga Rós spurð út í tilurð félagsins. „Hann stofnaði Mótettukórinn og var einn af aðalhvatamönnum að stofnun Listvinafélagsins sem ber ábyrgð á starfi kóranna og allri dagskrá í kirkjunni. Fram undan er óvenju glæsileg jólatónlistarhátíð sem byrjar 30. nóvember og stendur til 3. janúar. Svo verður haldið upp á 250 ára ártíð Händels um allan heim árið 2009 og við hefjum árið með hátíðartónleikum á nýársdag og 3. janúar þar sem við tökum fyrir hans frægasta verk, Messías. Ég held það sé nýtt í Reykjavík að halda stórtónleika á nýársdag. Þá eru galaböll og ljúfir dansleikir en við erum vongóð um að fólk vilji líka gera sér glaðan dag á þennan hátt.“

En í dag er það heilög Sesselja sem allt snýst um. „Dagskráin hefst klukkan 13.30,“ segir Inga Rós. „Allir eru velkomnir og við gleðjumst yfir að fá sem flesta.“

gun@frettabladid.is

†

Móðir okkar ,

Marta. B. Markúsdóttir

frá Sæbóli í Aðalvík,

er látin. Útförin fer fram frá Lágafellskirkju í Mosfellsbæ föstudaginn 28. nóvember kl. 13. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeir sem vilja minnast hennar láti Rauða Kross Íslands njóta þess.

Fyrir hönd aðstandenda,

Kristín, Gréta og Trausti Aðalsteinsson

†

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Svanhildur Stefánsdóttir

Aratúni 22,

andaðist 19. nóvember á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útförin fer fram frá Garðakirkju miðvikudaginn 26. nóvember kl. 13.00.

Guðmundur Rúnar Magnússon
Steinn Logi Guðmundsson
Kristbjörg Guðmundsdóttir
Sigurjón Guðmundsson
Hrönn Guðmundsdóttir
Stefán Magnús Guðmundsson
og ömmubörn.

Ingibjörg Erna Sveinsdóttir
Magnús Árnason
Kristbjörg Elídóttir
Ásgeir Þór Eiríksson
Alda Ragna Þorvaldsdóttir

†

Elskuleg móðir okkar,

Pálína Ragnhildur Benediktsdóttir

frá Efra-Núpi, fyrrverandi húsfreyja á Hrafnagili,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri aðfaranótt 20. nóvember. Útförin verður auglýst síðar.

Fyrir hönd aðstandenda

Bergur Hjaltason, Þóra Guðrún Hjaltadóttir, Ingibjörg Hjaltadóttir, Benedikt Hjaltason og Ragnhildur Hjaltadóttir.

†

Þökkum auðsýndan hlýhug og samúð við andlát og útför móður okkar, fósturmóður, tengdamóður og ömmu,

Bjargar Erlingsdóttur

Grýtubakka 22, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks líknardeildar Landakots og Karitas-systra fyrir góða umönnun.

Ellen Ásthildur Ragnarsdóttir
Þorkell Ragnarsson
Kristín Þórdís Ragnarsdóttir
Ingunn Ragnarsdóttir
Guðmundur Birgir Ragnarsson
Soffía Ragnheiður Ragnarsdóttir
Ásþór Ragnarsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Friðþjófur Bragason

Sigurjón Sigurjónsson
Símon Wiium
Bettý Stefánsdóttir

Kolbrún Kjartansdóttir

†

Þökkum auðsýndan hlýhug og samúð við andlát og útför móður okkar, tengdamóður og ömmu,

Ólafíu Sigríðar Sigurðardóttur

Sérstakar þakkir til starfsfólks Eirarholts fyrir góða umönnun undanfarin ár.

Jóhann Jónsson
Margrét Jónsdóttir
Sigurður Stefán Jónsson
Hildur Ýrr Jóhannsdóttir
Sigríður Vala Jóhannsdóttir
Jón Víðir Jóhannsson
Daði Ólafur Elíasson
Leifur Jón Elíasson
Stefán Þór Sigurðsson

Sigurveig Víðisdóttir
Elías Halldór Leifsson
Kristín Þóra Guðbjartsdóttir

Arney Hrund Viðarsdóttir

NÝJAR DVD MYNDIR

Gildir til 26. nóvember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

ÞAKKARGJÖRÐAR
KALKÚNN
Á HÓTEL CABIN

Hin rómaða þakkargjörðarveisla Hótel Cabin verður haldin dagana 27. og 28. nóvember.

Í hádeginu 27. og 28. nóvember.
Fimmtudagskvöldið 27. nóvember
og föstudagskvöldið 28. nóvember.

Verð einungis: **2.550** kr. í hádeginu
2.950 kr. á kvöldin

Léttir djasstónar verða leiknir yfir borðhaldi
á föstudagskvöldinu.

Borðapantanir í síma 511 6030

Stærri hópar (50 manns eða fleiri) geta fengið salinn á 7. hæð út af fyrir sig.

HOTEL CABIN

GÍTARINN
HLJÓÐFÆRAVERSLUN
Opið:
Mán-Fös: 10-18
Lau: 11-16

Þjóðlagagítar
m/Pick-up & innb. stillitæki

10W Magnari • Poki • Ól
Snúra • Auka strengjasett
eMedia kennsluforrit í tölvu

Kr. 39.900,-
Verð áður kr. 58.770,-

Stórhöfða 27 • Sími: 552-2125 • www.gitarinn.is • gitarinn@gitarinn.is

NOKKUR ORÐ
Ragnheiður Tryggvadóttir

Welkomin í frumskóginn

Feisbókin svokallaða er merkilegt fyrirbæri. Allir virðast vera þar inni og maður er ekki viðræðuhæfur nema eiga sér feisbókarsíðu á netinu. Við þvottadrengurinn stóðum lengi vel utan við þetta allt og hneyksluðumst jafnvel á þeim sem báru einkamál sín á borð fyrir allan heiminn. Ég hélt líka að þarna væru bara unglingar og hnakkar. Þó kom að því að þvottadrengurinn setti upp síðu og hékk svo á henni öllum lausum stundum. Safnaði vinum eins og óhreinum sokkum og stundaði keilueinvígi við ólíklegasta fólk. Ég sá ekki annað fært en að koma mér sjálfri þarna inn, ef ég ætlaði að eiga einhver samskipti við drenginn. Metingur kom strax upp á milli okkar um hver ætti fleiri vini og áður en við vissum af vorum við komin á kaf í netheima. Hneykslun okkar á opinberun einkamála var með öllu horfin og við kepptumst um að láta veröldina vita hvað við borðuðum í kvöldmat, hvernig skapið væri þá og þá stundina og hvort við værum enn á náttbuxunum eftir hádegi eða ekki. Þarna hitti ég gamlar töntur og gamla grunnskólafélaga. Einhver skólafélaginn var svo sniðugur að setja inn skemmtilegar gamlar myndir af bólugröfnum unglingum með hárbönd og krumput-eygjur. En þegar myndir af mér með vöfflur í hárinu fóru að birtast hætti þetta að vera fyndið. Mig langar ekkert að deila með veröldinni fatasmekk og danstöktum síðan Axl Rose átti hjarta mitt. Snarlega hefur því dregið úr hangsi mínu á feisbókinni en þvottadrengurinn skemmtir sér sem aldrei fyrr.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

sigur rós

LAUGARDALSHÖLL

SUNNUDAGUR 23. NÓVEMBER

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA NÚNA

Ath kl. 14

á morgun mun Halldór Björn Runólfsson safnstjóri vera með leiðsögn á sýningunni Ást við fyrstu sýn í Listasafni Íslands. Hann mun fjalla sérstaklega um verk þjóðverjans Gerhards Richter sem talinn er einn helsti listmálari samtímans en jafnframt beina sjónum sínum að einstökum verkum á sýningunni.

menning

menning@frettabladid.is

Tónlist Thad á Rósenberg

Stórsveit Reykjavíkur heldur tónleika á Café Rosenberg, Klapparstíg 25, annað kvöld, og hefjast þeir kl. 20. Þar mun hljómsveitin flytja stóra efnisskrá verka eftir Thad Jones (1923–86), einn helsta meistara „big band"-tónlistar síðustu áratuga.

Jones var trompetleikari með hljómsveit Count Basie á árunum 1954–63. Ásamt trommuleikaranum Mel Lewis stofnaði hann árið 1965 The Thad Jones/Mel Lewis Jazz Orchestra, en sú hljómsveit leikur enn á hinum þekkta jazzklúbbi The Village Vanguard í New York undir nafninu The Village Vanguard Jazz Orchestra. Jones yfirgaf sveitina árið 1978 og flutti til Danmerkur. Þar stjórnaði hann m.a. Stórsveit danska ríkisútvarpsins og stofnaði Eclipse-stórsveitina.

Eftir lát Count Basie árið 1984 tók Thad Jones við stjórn þeirrar sveitar og starfaði með henni til dauðadags árið 1986. Thad Jones er almennt talinn í hópi mikilvægustu tónskálda stórsveitasögunnar og hafa tónsmíðar hans og útsetningar haft gríðarleg áhrif. Kraftmikil og áleitin tónlist hans hefur oft skapað magnaða stemningu, ekki síst á klúbbum. Sigurður Flosason stjórnar nú hljómsveitinni í fyrsta sinn á heilum tónleikum.

> Ekki missa af …

síðustu sýningarhelgi á firnagóðri yfirlitssýningu á verkum Gylfa Gíslasonar í Ásmundarsal við Freyjugötu sem bætir mann og kætir.

Indjánaleikurinn

Kammertónleikaröð Sinfóníunnar er haldið áfram í dag. Þar ætlar slagverksdeildin að spila tónlist eftir tvö amerísk tónskáld sem sækja innblástur sinn til indjána Mið- og Suður-Ameríku. Það eru þeir Lou Harrison (1917-2003), Bandaríkjamaður sem sækir í tónmál Asíu og indjána, og mexíkóska tónskáldið Carlos Chavez. Quetzalcoatl var guð sköpunarinnar hjá Aztekum og varð Harrison yrkisefni í mögnuðum slagverksþætti sem fluttur er í dag.

Mexíkóska tónskáldið Carlos Chavez notaði einnig Azteka-stef í verkum sínum, svo hér gefst skemmtilegt tækifæri til að heyra suður-ameríska slagverkstóna með indjánaívafi. Þátttakendur eru þeir Árni Áskelsson, Eggert Pálsson, Frank Aarnink, Kjartan Guðnason, Pétur Grétarsson og Steef van Oosterhout. Tónleikarnir í dag hefjast klukkan 17.

- pbb

DAGUR HARMONIKUNNAR

Verið velkomin á tónleika Harmonikufélags Reykjavíkur í Ráðhúsi Reykjavíkur á morgun, sunnudag, kl. 15:00.

Harmonikufélag Reykjavíkur

ÞJÓÐLEIKHÚSID

Þjóðleikhúsið

Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Utan gátta
Sigurður Pálsson
Snarskemmtileg sýning. ★★★★ JVJ, DV
lau 22/11, örfá sæti laus
Sýningum lýkur 13. desember!

Hart í bak
Jökull Jakobsson
Verk sem snertir okkur öll. ★★★★ EB, FBL
lau. 22/11 uppselt
Aukasýningar í sölu

Sá ljóti
Marius von Mayenburg
Er hægt að vera of fallegur? ★★★★ EB, FBL
lau. 22/11 örfá sæti laus, **síðasta sýning**

Skilaboðaskjóðan
Þorvaldur Þorsteinsson og Jóhann G. Jóhannsson
sun. 23/11, örfá sæti laus
Síðustu sýningar

Leitin að jólunum
Aðventusýning Þjóðleikhússins
Sýningar hefjast 29/11
Tryggðu þér sæti

Gefum góðar stundir
Kardemommubærinn
Jólatilboð á gjafakortum
Sætið á aðeins 2.000
(fullt verð 2.800)

GJAFAKORT Á KARDEMOMMUBÆINN

Til heiðurs Jóni Ásgeirssyni

Á morgun heldur Sardas-strengjakvartettinn tónleika í 15:15 tónleikasyrpunni í Norræna húsinu til heiðurs Jóni Ásgeirssyni sem nýverið átti áttræðisafmæli. Á tónleikunum verður fluttur 2. strengjakvartett Jóns, auk strengjakvartetts Beethovens nr. 15 í a moll, op. 132. Tónleikarnir hefjast kl. 15.15.

Sardas-strengjakvartettinn var stofnaður 1996 og ætlaði sér að koma fram við athafnir og hátíðlegar uppákomur. Efnisskrá kvartettsins telur yfir 1.500 titla. Þar er að finna ýmsar tegundir tónlistar, allt frá fegurstu tónsmíðum höfuðsnillinga tónlistarsögunnar til frægustu popp- og söngleikjalaga veraldar. Núna í kreppunni er lítið framboð af fínum veislum og uppákomum svo kvartettinn snýr sér að alvarlegri

tónlist. Sardas skipa að þessu sinni Martin Frewer og Kristján Matthíasson fiðluleikarar Helga Þórarinsdóttir víóluleikari og Arnþór Jónsson sellóleikari.

Jón Ásgeirsson hefur sagt um fjórþættan strengjakvartett nr 2: „Eftir að hafa notað og útsett íslensk þjóðlög í strengjakvartett nr 1, er

kvartett nr. 2 eins konar uppgjör við það sem kalla má íslensk þjóðlög. Aðalstefið í fyrsta þættinum er í lýdískri tóntegund og að miklu leyti í 7/8-takti en lagferlið snýst mjög um trítónus-tónbilið (stækkuð ferund) sem einnig er kallað tónskratti. Annan þátt má líta á sem fortíðareftirsjá. Þriðji þátturinn er vikivaki og eins og í þeim fjórða er lýdíska tóntegundin mjög áberandi."

Ludwig van Beethoven samdi stengjakvartett nr. 15 í a moll, op. 132, tveimur árum eftir að hann kláraði níundu sinfóníuna árið 1825 og var hann frumfluttur 6. nóvember sama ár af Schuppanzigh Kvartett. Þessi kvartett í a moll var tileinkaður og pantaður af áhugasellóleikaranum Nicolai Galitzin fursta eins og strengjakvartettarnir op. 127 og 130. Þriðji kaflinn er óvenju langur, 15–20 mínútur, og var hann saminn eftir að Beethoven hafði jafnað sig eftir alvarleg veikindi sem drógu hann næstum því til dauða. Kaflinn er miðpunktur verksins og Beethoven gaf honum yfirskriftina Þakkargjörð og lofsöngur afturbatasjúklings til guðdómsins. Verkið flytur okkur úr moll í dúr, frá myrkri til ljóss eins og í 5. og 9. sinfóníu.

pbb@frettabladid.is

TÓNLIST Martin Frewer og Kristján Matthíasson fiðluleikarar, Helga Þórarinsdóttir víóluleikari og Arnþór Jónsson sellóleikari.



Í tilefni þess að **Óttar M. Norðfjörð** sendir frá sér þrjár bækur fyrir þessi jól verður efnt til útgáfugleði í Máli og menningu Laugavegi, **í dag klukkan 13:30**.

Frábært tilboð í þetta eina skipti. Kauptu *Sólkross*, nýjustu skáldsögu hans, og fáðu með í kaupbæti:

1. *Hníf Abrahams*, metsölubók hans frá því í fyrra;
2. *Tíu litla bankastráka*, nýútgefna teiknimyndasögu hans um útrásarvíkingana;
3. *Jón Ásgeir og afmælisveisluna*, bók hans frá því í fyrra um útrásina;
4. *Gissurson - Hver er orginal?*, þriðja og síðasta bindið í ævisögu hans um Hannes Hólmstein Gissurarson.

Ekki láta þetta einstaka tækifæri til að fá fimm bækur á verði einnar renna þér úr greipum. Fyrstir koma, fyrstir fá.

Hrafnaspark spilar djass.
Kaffi á boðstólnum. Allir velkomnir.



Vetrarferðin

Á morgun kl. 20 flytja Jóhann Smári Sævarsson, bassi, og Kurt Kopecky, píanó, Vetrarferðina, eftir Franz Schubert í leikinni útfærslu.

Jóhann hefur átt einn glæstasta feril íslenskra óperusöngvara í Evrópu um árabil og hefur á sautján ára ferli sínum sungið yfir 50 hlutverk í óperuhúsum víðs vegar um Evrópu. Hann frumflutti Vetrarferðina í leikinni útfærslu við óperuna í Regensburg árið 2004 í leikstjórn Doris Buske. Sýningin sló þar strax í gegn og var því endurupptekin á árinu 2005 og var flutt alls þrettán sinnum fyrir fullu húsi. Nú kemur hann fram ásamt Kurt Kopecky, og flytur hina mögnuðu tónlist Schuberts í leik og söng í Íslensku óperunni. Aðstoð við útfærsluna nú annast Stefán Baldursson leikstjóri, Þórunn Sigríður Þorgrímsdóttir leikmyndahöfundur, og Páll Ragnarsson ljósahönnuður.

Vetrarferðin (Winterreise) er ljóðaflokkur eftir Franz Schubert við ljóð Wilhelms Müller, skrifuð fyrir karlrödd og píanó árið 1827. Vetrarferðin er í tveimur hlutum, með tólf kvæðum í hvorum hluta, og sagði Schubert sjálfur að þessi tónlist væri honum kærari en nokkurt annað verk sem hann samdi.

-pbb



Ungblind
Ljósmyndasýning
Björns Sigurjónssonar

Kellíngabækur
Kynning á
bókum kvenna 2008

Utan-garðs
Málverkasýning
Halldóru Helgadóttur

Sunnudaginn 23. nóvember 2008 kl. 13.00-16.00
Opnun sýninganna **Ungblind** og **Utan-garðs**
Kynning á nýútgefnum bókum kvenna 2008

MENNINGARMIÐSTÖÐIN GERÐUBERG
Gerðubergi 3-5 | 111 Reykjavík | Sími 575 7700 | www.gerduberg.is

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 22. nóvember

Tónleikar

20.00 Baggalútur spilar á Græna hattinum, Hafnarstræti 96, Akureyri. Einnig eru tónleikar kl. 23.00.

20.30 Bubbi Morthens verður með tónleika í Húsavíkurkirkju. Á efnisskránni verður blanda af gömlu og nýju efni. Húsið opnar kl. 20.00.

22.00 Deep Jimi and the Zep Creams verða með 70's tónleika á Paddys, Hafnargötu 38 í Keflavík. Fólk er hvatt til að sýna samstöðu og mæta með blóm í hári og bros á vör.

23.00 Hljómsveitin B. Sig spilar á Café Rosenberg.

Leiklist

20.00 GRAL Grindvíska atvinnuleikhúsið sýnir leikverkið 21 manns saknað í Saltfisksetrinu, Hafnargötu 12a, Grindavík. Nánari upplýsingar á www.gral.blog.is.

Sýningar

Anda inn -- Anda út Bergur Thorberg sýnir verk um íslensku krónuna í Kringlunni á Flísatorginu.

Síðustu Forvöð

Helga Agnars Jónsdóttir sýnir verk úr þæfðri ull í Salthúsinum við Stamphólsveg í Grindavík. Sýningu lýkur á þriðjudag. Opið alla daga nema mán. frá kl. 17 - 23.

Heima - Heiman Sýningu Katrínar Elvarsdóttur ljósmyndara og Sigrúnar Sigurðardóttur menningarfræðings, lýkur 23. nóv. Ljósmyndasafn Reykjavíkur við Tryggvagötu er opið 13-17 um helgar.

Yfirlitssýningu á verkum Gylfa Gíslasonar lýkur 23. nóv. Listasafn ASÍ, Freyjugötu 41. Opið 11-17. Aðgangur ókeypis.

Markaðir

Nytjamarkaður í Faxafeni 8 til styrktar ABC barnahjálp er opinn virka daga frá kl. 11-18 og 11-16 á laugardögum.

Uppákomur

Ljósið í myrkrinu Jólastemning verður á Minjasafni Akureyrar þar sem m.a. verða sýndar jólagjafir og jólaskraut fyrri tíma. Minjasafnið er við Aðalstræti 58.

Fræðsla

13.00 Suður-Grænland Saga Suður-Grænlands, bygging torfhúsa, grænlenskur trommudans, fiskveiðar, grænlenskur matur og sýning á myndinni „Í fótspor Víkinganna til Grænlands og Vesturheims eru meðal atriða á kynningu um Suður-Grænland í Norræna húsinu við Sturlugötu.

Gjörningur

16.30 Bete comme un peintre Í gallerí Turpentine stendur yfir einkasýninga Snorra Ásmundssonar. Í dag mun Snorri flytja gjörning þar sem Kolfinna Bladvinsdóttir verður í hlutverki fjallkonunnar. Gallerí Turpentine, Ingólfsstræti 5.

Málþing

10.00 Vellíðan fólksins; mannréttindi alls staðar; friður og tilvera án ofbeldis. Húmanistahreyfingin í samstarfi við Reykjavíkur Akademíuna stendur fyrir málþingi á Hringbraut 119, 4. hæð.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

Ráð við kvefi

Bólgu í munni og hálsi má lina með því að...
- Sjúga Strepsils-hálstöflur
- Drekka heita drykki - til dæmis kamillute með hunangi
- Forðast tóbaksreyk

Stíflaðar nasir má lina með því að...
- Nota nefúða - til dæmis Otrivin
- Sofa með hátt undir höfði - sem dregur einnig úr hósta

Þegar maður er með kvef og særindi í hálsi er almennt gott að...
- Drekka mikið af vökva
- Þvo hendurnar oft
- Forðast líkamlega áreynslu
- Lofta vel og vandlega heima fyrir en forðast þó vind og kulda
- Nota snýtupappír og henda eftir notkun

Otrivin auðveldar þér andardrátt þegar þú ert með kvef!
- Otrivin skal úða einu sinni í hvora nös eftir þörfum, 2-3 sinnum á dag.
- Nota í mesta lagi 10 daga í röð.

Strepsils, við særindum í hálsi!
Strepsils er fáanlegt með fjórum bragðtegundum:
- Ávaxtabragði
- Sítrónu- og hunangsbragði
- Sítrónu- og jurtabragði (sykurlaust)
- Mentólbragði

OTRIVIN nefúði og nefdroparnir innihalda xýlómetasólin sem vinnur gegn bólgu, nefstíflu og slímmyndun vegna kvefs og bráðrar bólgu í ennis- og kinnholum. Otrivin virkar fljótt og áhrifin vara í 6-10 klst. Otrivin getur valdið aukaverkunum, s.s. ertingu í slímhúð og sviðatilfinningu. Einnig ógleði og höfuðverk. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en í 10 daga í senn. **Otrivin 1 mg/ml:** Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 10 ára. **Otrivin 0,5 mg/ml:** Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 2 ára. Einungis ætlað 2-10 ára börnum að læknisráði. Varúð: Langtímanotkun Otrivin getur leitt til þurrks í nefslímhúð. Sjúklingar með gláku eða þeir sem hafa ofnæmi fyrir xýlómetasólin ættu ekki að nota Otrivin. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.

STREPSILS töflur innihalda: Amýlmetakresól 0,6 mg, 2,4 tvíklóróbensýlalkóhól 1,2 mg. Strepsils töflur eru látnar renna í munni og leysast þar hægt upp. Þannig nást fram staðbundin sótthreinsandi áhrif í munni og koki. Auk þess hafa bragðefnin væg kælandi áhrif sem slá á ertingu. Venjulega er ein tafla látin leysast hægt upp í munni á 2-3 klst. fresti. Einnig má leysa upp 1-2 töflur í heitu vatni og drekka sem heitan drykk. Lyfið þarf venjulega að nota í 3-4 daga og stundum í allt í eina viku. Notkun lyfsins hefur engin áhrif á önnur lyf sem notuð eru samtímis. Ofnæmi eða ofnæmislík viðbrögð geta komið fyrir en eru afar sjaldgæf. Hver pakki af Strepsils inniheldur 24 munnsogstöflur, sem eru í hentugum þynnupakkningum. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.

Jólatónlistarhátíð Hallgrímskirkju

30. nóvember 2008 – 3. janúar 2009

JÓLATÓNLEIKAR MÓTETTUKÓRS HALLGRÍMSKIRKJU
STJÓRNANDI: HÖRÐUR ÁSKELSSON

30. NÓVEMBER 1. sunnudagur í aðventu kl. 20

3. DESEMBER miðvikudagur kl. 20

7. DESEMBER sunnudagur kl. 17

Gestir: Drengjakór Reykjavíkur, Hallgrímskirkju **Stjórnandi:** Friðrik S. Kristinsson
Orgelleikari: Björn Steinar Sólbergsson

Aðgangseyrir: 2500

Olivier Messiaen
FÆÐING FRELSARANS "LA NATIVITÉ DU SEIGNEUR"

10. DESEMBER miðvikudagur kl. 20
100 ára afmælis tónskáldsins minnst (f. 10.12.1908)

NÍU HUGLEIÐINGAR FYRIR ORGEL EFTIR O. MESSIAEN
Orgelleikari: Björn Steinar Sólbergsson
Lesari: Trausti Þór Sverrisson

Bein útsending í samvinnu við RÚV Rás 1

Ókeypis aðgangur

HÁTÍÐAHLJÓMAR VIÐ ÁRAMÓT

31. DESEMBER Gamlársdagur kl. 17

Flytjendur: Ásgeir H. Steingrímsson og Eiríkur Örn Pálsson *trompetleikarar*
Björn Steinar Sólbergsson *orgelleikari*

Aðgangseyrir: 2000

MESSÍAS EFTIR GEORG FRIEDRICH HÄNDEL
Hátíðartónleikar á 250 ára ártíð G.F. Händel

1. JANÚAR 2009 NÝÁRSDAGUR kl.17

3. JANÚAR 2009 laugardagur kl. 17

Fyrsti flutningur með barokkhljómsveit á Íslandi

Flytjendur:
Schola cantorum
Alþjóðlega Barokksveitin í Den Haag
Marta Guðrún Halldórsdóttir *sópran* Andrew Radley *kontratenór*
Gissur Páll Gissurarson *tenór* Alex Ashworth *bassi*
Stjórnandi: Hörður Áskelsson

Aðgangseyrir: 4900

Menntamálaráðuneytið Reykjavíkurborg

MIÐASALA í Hallgrímskirkju, s. 510 1000, Kirkjuhúsinu Laugavegi 31, s. 528 4200
og á *list@hallgrimskirkja.is* • *listvinafelag.is*

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Stíg þú, sögn, um

BÓKMENNTIR

Hvert orð er atvik.
Þorsteinn frá Hamri
JPV

★★★★★

Mikill viðburður

Skáldinu er illa við stóryrði og dóma, tökum það á orðinu: Þessi ljóðabók er mikill dýrgripur, skáldskapur eins og hann gerist bestur í heiminum, um það efast ég ekki, forréttindi að eiga tungu þessarar bókar að móðurmáli, yndi að nema þyt hennar í eigin sögu og kroppi, ekki ónýtt að vera mörlandi þá.
Sjálft fetar skáldið varfærnari slóð og sveiar öllum fagurgala, efast um nokkra vissu, kveður hvergi upp úr, svarar aldrei fyrir lesandann, varar hann við ofljósu orði en stingur aldrei upp í hann, lætur ljóðið tala án þess að tala sjálft í ljóðinu, krefur sjálft sig og lesanda sinn um afdráttarlaus heilindi gagnvart viðfangi sínu, hefur enda dýrmæta trú á ráðrúmi nútímaljóðsins til að sigrast á þessum sama efa. Trú á því að orðið geti sigrað bæði tíma, rúm og vantrú. Sem það og gerir. Sem er sérkenni þessarar bókar; skáldskapur hennar er sjálfur til vitnis um þá heimtingu sem hann gerir; að taka fulla ábyrgð á lífi sínu og samtíma, vera fyrirmynd þess sem gengur til góðs.
Og sérhvert orð er atvik. Það er áminning höfundar og umvöndun til þeirra sem hjúpa orð ljóðsins málæði eigin stafkróka en skjóta því undan þeirri ábyrgð að fanga veruleikann og setja á hann mark sitt, vera atvik í lífi manns sem skiptir máli, skuggsjá þess sem smíðar orð af andlegri spekt og nokkru efni. Sérhvert ljóð þessarar bókar er lífsspursmál og skáldamál hennar og orðagaldur er svar við þeirri alvöru en ekki tilbúningur sem helgar eigið meðal. Orð hennar „stynja af stormælum" sem ljá þeim svip sinn og rödd.
Um annan spámann nútímaljóðsins segir á kápu fyrir rúmum 20 árum: „Áhrifamátt sinn fá þessi ljóð, eins og mikill skáldskapur yfirleitt, af vandlæti skáldsins á innstæður orðanna, sannleiksgildi hugmyndanna." Það sem ég vildi sagt hafa.
Og „nútími" ljóðanna er vissulega teygjanlegur, þau sækja sér bæði efnivið og ásýnd í löngu liðinn tíma en lífga hann því atómi sem atvikið krefst til að lifa í núinu (um aldur), næra hann „boði" sem vitjar skáldsins úr óorðnum tíma. Ljóðin anda að sér sögunni um leið og þau verða til og skila henni til lesandans sem leyndri vitneskju í nútíma, snúa á tímann án þess að snúa hófunum við. Stundum með háðinu einu.
Tíminn er skáldinu annars mjög hugleikinn, einnig náttúran og vegferðin – og ljóðið, erindi þess og alvara, uppspretta þess í mannin-

Flinkur kall, forsetinn

BÓKMENNTIR

Saga af forseta
Guðjón Friðriksson
Mál og menning

★★

Grunnsækið yfirlit um athafnaríkan feril

Menningarsjóður gaf 1961 út bók um embættistíð Sveins Björnssonar og Ásgeirs Ásgeirssonar sem kölluð var Forsetabókin. Þetta var myndabók, hin opinbera og fægða mynd af tveimur stjórnmálamönnum sem á sinni tíð höfðu verið snjallir vélamenn í þröngri stöðu íslenskra stjórnmála.
Samtímasaga Guðjóns Friðrikssonar sagnfræðings um forsetatíð Ólafs Ragnars Grímssonar er myndabók: þar er brugðið upp glansmynd af embættismanni og fyrrum stjórnmálamanni, fágaðri mynd. Guðjón hefur með fjárstyrk íslenskra banka lagt í yfirborðsgreiningu á ferli forsetans, átökum hans við framkvæmdavaldið, samstarf hans með atvinnurekendum og erindrekstri víða um álfur.
Verkið er stórt að vöxtum, 608 síður í stóru broti, ríkulega myndskreytt en mikið af því efni harla einhæft: uppstilltar stöður ráðamanna sem duga í birtingu í dagblöð en verða í heilli bók leiðigjarnt efni. Vaknar sú spurning hvort ráðamenn eigi ekki að skapa ljósmyndurum greiðari aðgang að störfum sínum kjósi þeir að varðveita til framtíðar skráningu í myndum af ferli sínum.
Guðjón markar efnið skýrum mörkum. Hér er einblínt á forsetatíð Ólafs og hinn opinbera hluta af einkalífi hans. Guðjóni var veittur óheftur aðgangur að bréfasafni forsetaembættisins, hann fær að leita skýringa hjá Ólafi, en sækir síðan heimildir í opinber gögn fjölmiðla og í heimildamenn. Hann dregur fram ýmsa gagnrýni á störf Ólafs en í heild er hneigð hans sú sama og var í dýrðlinga- og konungasögum til forna: Ólafur er hugsjónamaður og vill gera gagn í veröldinni. Reyndar orkar oft tvímælis hvað honum er þakkað: bæði Clinton og Obama hafa þegið frá okkar manni góðar hugmyndir – að sögn hans sjálfs: sumt af því er harla grobbkennt.
Þetta er ekki gagnrýnið rit. Var

Það samansett sem tæki í hugsanlegum kosningum 2008 sem ekki urðu? Því var að mestu lokið haustið 2007. Endar sagna í útrásinni miðri og er því margt annkannalegt og á skjön við heimsmynd hrunsins.
Hér er að finna nákvæma útlistun á ferli Ólafs Ragnars Grímssonar á erlendum vettvangi og á heimavígstöðvum. Hvernig hann skóp sér stöðu í samtökum þingmanna með tryggt bakland í samfélagi stjórnmálafræði, mest með teknókratískum rannsóknum, því seint verður sagt að Ólafur sé róttækur, hvorki í lífsskoðun né í rannsóknarstarfi; hvernig hann þreifaði sig áfram á erlendum vettvangi á fyrstu árum í embætti sem leiddi loks til árekstra við forsætis- og utanríkisráðherra sem voru vanir

palla!

um. Tíminn er hér margbreytinn, birtist einnig sem rúm og maður, og rýmið tími. Höfuðskepna bókarinnar er vatnið, hinar vaka yfir og undir. Mýrin er „fenjaglöð“ og ófær mönnum. Fylgjur bókarinnar eru dul, leynd, gáta og grunur. Skynfæri hennar er hugskotið, landslag hennar er „afsíðis“, hetja hennar er ærlegt skáld með djúpa reynslu, vefari og völva. Samúðin er hjá réttlátum, spillt vald er hundspott.

En skuggi fylgir allri birtu, andstæður mætast og ýfa sig, ekki síst nándin og fjarlægðin, athvarfið og óendanleikinn, afdrepið og víðáttan, tími og rúm, gott og vont. Fer þá tvennum sögum af því sem orðin teikna og takast þær á um að sannfæra lesandann. Síðan er eitt og annað sem ekki orkar tvímælis, heilræði og hvatningar, en stundum er eins og skáldið keppi við þögnina hvort haldið geti lengur niðrí sér andanum af aðdáun yfir vitsmunum hins og verður þá sá sem fyrr springur að mæla fram aldýr spakmæli til að halda lífi – er það ávallt hlutskipti skáldsins, höfuðlausn á höfuðlausn ofan.

Þó er vá fyrir dyrum, líkt og undir niðri sé hvíslað án afláts: „vituð ér enn – eða hvað?“ Líkt og faðir í leiðslukvæði sem boðar komu Baugveigar og Kreppvarar án þess að nefna þær á nafn, spáir falli Fégjarnsborgar milli lína. En kemur ekki sagan alltaf of seint, hlýðir einhver sólarljóði? Umorðun á inntaki ljóða er hæpin kúnst og hér út í hött. Í þessari bók má hvergi draga út málsgrein án þess að slíta hana úr brýnu samhengi, hér kallast allt á yfir síður og kjöl. Tunga þessarar bókar einkennist af aga og þroska sem ég á engin orð yfir, engin nema Þorsteins frá Hamri. Gjörið þið svo vel.

Mér finnst þessi bók mikill viðburður. Ég mun njóta hennar ævina út. Takk.

Sigurður Hróarsson

Franskir lúðrahljómar

Blásaraoktettinn Hnúkaþeyr býður upp á franska tónlist og stemmningu á tónleikum á Kjarvalsstöðum á morgun kl. 17. Flutt verða tvö verk fyrir 10 blásara eftir Jean Françaix: 9 Pièces Caractéristiques og Sept danses, hvoru tveggja dramatísk verk í mörgum þáttum, þar sem ólíkur karakter hljóðfæranna fær að njóta sín. Þá verður flutt verkið Octanphonie eftir Eugène Bozza og hinn sívinsæli blásarakvintett eftir Jacques Ibert, Trois pièces brèves. Flytjendur á tónleikunum eru: Anna Sigurbjörnsdóttir, Arna Kristín Einarsdóttir, Ármann Helgason, Berglind Stefánsdóttir, Darri Mikaelsson, Emil Friðfinnsson, Eydís Franzdóttir, Kristín Mjöll Jakobsdóttir, Peter Tompkins og Rúnar Óskarsson.

Hnúkaþeyr hóf starfsemi sína árið 2003 og hefur síðan komið reglulega fram á tónleikum í Reykjavík og á landsbyggðinni, síðast á Myrkum músíkdögum 2008 þar sem hópurinn frumflutti tvö ný íslensk verk. Markmið Blásaraoktettsins Hnúkaþeys er að auðga menningarlíf okkar með því að efna reglulega til tónleika þar sem fluttir eru blásaraoktettar, auk tónlistar fyrir stærri og smærri hópa þar sem blásturshljóðfæri eru í forgrunni.

Að frönskum hætti verður boðið upp á létta drykki í lok tónleikanna í samvinnu við Alliance Francaise. Ókeypis er fyrir börn og ungt fólk að 21 árs aldri, miðaverð fyrir fullorðna er 500 kr.

- pbb

TÓNLIST Hnúkaþeyr spilar á morgun á Kjarvalsstöðum hornatónlist fyrir framsækna áheyrendur. MYND FRETTABLAÐIÐ/HNJÚKAÞEYR

þeim puntudúkkulega forseta sem Vigdís Finnbogadóttir var. Þær skærur virðast í ljósi tímans harla barnalegar og sýna hvað Davíð Oddsson var mikill krakki en ófyrirleitinn í aðferðum sínum til að deila og drottna. Þótt gott sé að eiga þetta sögulega yfirlit, sem undir lokin verður staglkennt, vaknar óneitanlega spurningin: til hvers var þetta allt? Guðjón forvitnast lítið um í hvaða aðila Ólafur sótti til að koma á öllum sínum utanlandsferðum, leitar ekki frumgagna um þá í heimalandinu, né reynir hann að meta hvort eitthvað hafi komið á þá króka sem forsetinn lagði á fjarlæg mið. Og ekki spyr hann hvort embættið hafi með þessum hlaupum unnið almenningi eitthvert gagn: kom það umbjóðendum Ólafs að gagni að hagur Björgólfs Thors bættist í Búlgaríu?

Fátt bætist við þá mynd af einkahögum Ólafs, svo grunn sem hún er. Gagnvart því stífa viðmóti sem Ólafur hefur alla tíð búið yfir, en hverfur í návígi, var Guðrún Katrín honum mikilvæg með sínu bjarta fasi og alþýðlega viðmóti. Rétt eins og Dorrit hefur styrkt stöðu hans með óformlegri framkomu og víðfeðmum viðskipta- og vináttutengslum hjá yfirstéttum heimsins. Það er hlýlegur og þekkilegur tónn í skrifum Guðjóns um þær. Hann dáist að Ólafi, eins og margir hafa gert frá því hann var unglingur. Verk Guðjónsskýrir ekki manninn, því undanskilinn er stjórnmálaferillinn fyrri og væri gaman að Guðjón dembdi sér í að skoða þann part, frá Framtíðinni að forsetaframboði. Þegar öllu er lokið verður mat lagt á Ólaf í víðara samhengi en hér er rakið. Sá metnaðarfulli karríeristi sem hann var í stjórnmálastarfi sem hélt pólitískum hluta fræðanna frá nemendum, geymdi professorat sitt lengst allra, en sneri sér um síðir að því að gerast pr-maður fyrir íslensk útrásarfyrirtæki.

Páll Baldvin Baldvinsson

> FÖRÐUNARNÁMSKEIÐ HJÁ MAC

Nú í nóvember og desember standa yfir spennandi námskeið hjá Mac þar sem förðunarmeistarinn Guðbjörg Huldís leiðbeinir um meðferð húðar, hvernig velja á rétta farðann og hvað sé að gerast í dag í heimi förðunar. Námskeiðin verða á mánudags-, þriðjudags- og miðvikudagskvöldum, annaðhvort í heimahúsum eða Mac í Kringlunni.



stíll

utlit@frettabladid.is

Sport foundation frá Make Up Store. Borið á andlitið með bursta og lætur húðina virðast fullkomna.

OKKUR LANGAR Í ...

Rauður varalitur frá YSL. Þokkafullur og ekki skemma fagurgylltar umbúðirnar fyrir.

Þetta hlýja köflótta cape lífgar upp á hvaða svarta dress sem er. Frá KVK, Laugavegi.



DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

Anna Margrét Björnsson

Goth horror

Nýlega las ég bráðskemmtilega bók eftir bandaríska rithöfundinn Stephanie Meyer en hún fjallar um ástir milli ungrar stúlku og vampíru. Bókin er ofurvinsæl vestra og er nú komin í íslenska þýðingu og því ábyggilega vampíruæði í uppsiglingu meðal ungmenna. Vampíruæði gerast alltaf á ákveðnum tímabilum, til dæmis voru bækur Anne Rice um vampíruna Lestat gífurlega vinsælar á níunda áratugnum og ábyggilega fyrirmynd margra „gothara“. „Twilight“-bækur Stephanie Meyer fylgja ákveðinni tískubylgju bókmennta en þar má meðal annars nefna The Hollows eftr Kim Harrison og Anita Blake: Vampire Hunter eftir Laurell K. Hamilton. Vampírur hættu að verða bara óhugnanleg skrímsli þegar Bram Stoker gæddi þær kynþokka og fegurð á nítjándu öldinni. Undanfarna áratugi hafa vampírusögur að miklu leyti snúist um hversu svalar vampírurnar eru, burtséð frá þessu litla aukaatriði að þær drepi fólk og sjúgi úr þeim blóðið. Sögur um vampírur einkennast af fegurð og rómantík og slatta af kynlífi líka. Þeir sem eru vel að sér í vampírufræðum ættu líka að vita að þar sem vampírur eru ódauðlegar varir ást þeirra að eilífu eða að minnsta kosti öldum saman þangað til einhver bíræfin mannvera skýtur þær með silfurkúlu. Hvað tísku varðar eru vampírur auðvitað skelfilega töff. Háar, grannar og fölar á vanga, í svörtum fötum og yfirnáttúrulega fallegar. Nútímavampírur eru að sjálfsögðu alltaf með sólgleraugu á daginn þar sem þær þola klárlega ekki sólarljósið. Með fegurri vampírum sem hafa sést á hvíta tjaldinu er franska kynbomban Catherine Deneuve í eitís költ-myndinni The Hunger. Þar leikur hún á móti guðdómlega fögrum David Bowie en saman leggja þau snörur fyrir fórnarlömb undir tónlist eftir Bauhaus. Deneuve er klædd svörtum kvenlegum drögtum frá Yves St. Laurent í myndinni með óaðfinnanlega greitt ljóst hárið og kattarleg sólgleraugu. Blóðrauður varalitur setur svo punktinn yfir i-ið. Það væri margt vitlausara í skammdeginu en að sækja innblástur í smá goth-horror líkt og margir tískuhönnuðir hafa greinilega gert fyrir veturinn. Kominn tími til að prófa svartan varalit, elska einhvern að eilífu og jafnvel bíta laust.

Nýtt sölugallerý

Vönduð olíumálverk á hreint ótrúlegu verði!
Verið velkomin, sjón er sögu ríkari. Opnunartími:
mán-fös 10-18 lau og sun 12-17

Art2b

Rauðarárstíg 6
Sími: 567-7888
www.art2b.is

BLÚNDA Gullfallegur og fínlegur blúndukjóll frá haute couture-sýningu Givenchy fyrir veturinn 2009.

GAMALDAGS Hárauður kjóll með svörtum blúnduermum frá haute couture-sýningu Christian Lacroix.

SEXÍ Stuttur flauelskjóll með áföstu keipi frá Christian Lacroix.

FRÖNSK TÍSKUHÚS SÆKJA INNBLÁSTUR TIL BLÓÐSUGNA OG VAMPÍRA

GOTNESK RÓMANTÍK

Andi 19. aldar sveif yfir vötnum á sýningum Givenchy og Christian Lacroix fyrir veturinn 2008. Þar gaf að líta mjög gotneskar útfærslur af kjólum, buxnadrögtum og höfuðskrauti sem minntu helst á persónur úr vampírumyndum eða drungalegan heim Tims Burton. Hönnuðurinn Riccardo Tisci vakti mikla lukku með kynþokkafullum og rokkuðum útfærslum af Viktoríutímabilinu: hvítar skyrtur, leðurbuxur og svartar slár yfir herðarnar. Haute Couture-sýning Lacroix var íburðarmeiri og hann notaði óspart svart og rautt til að auka dramatíkina. Fyrirsæturnar voru svo að sjálfsögðu með föla vanga og mikið af svartri eða grænni augnmálningu að blóðsugnasið. - amb

DRAMATÍSKT Fallegur jakki með breiðum öxlum frá Christian Lacroix.

GLÆSILEGUR Blúndukjóll með miklum púffermum frá Christian Lacroix.

GOTNESKT Þessi kápukjóll með hettu frá Givenchy gæti verið beint úr bíómynd.

ROKKAÐ Óneitanlega svöl samsetning hjá Givenchy sem Lestat vampíra hefði verið stoltur af.

20%
afsláttur
af öllum yfirhöfnum
í dömudeild
Gildir laugardag og sunnudag
Gildir ekki með öðrum tilboðum
DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR
Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

> SKOTIN Í OBAMA

Leikkonan Megan Fox hefur lýst því yfir að henni finnist nýkjörinn forseti Bandaríkjanna, Barack Obama, kynþokkafullur. Megan lét fögur orð falla í garð Obama í teiti GQ-tímaritsins, þar sem hann var á lista yfir karlmenn ársins sem tímaritið birtir árlega. Hún sagði Obama heillandi í ræðuhöldum sínum og því fylgi mikill kynþokki.

fólk

folk@frettabladid.is

Vill komast í Frægðarhöllina

Gene Simmons, hinn tungulipri bassaleikari Kiss, er undrandi á því að sveitin hafi ekki verið innvígð í Frægðarhöll rokksins. „Það eru diskósveitir, rappsveitir og jiddískar þjóðlagasveitir í Frægðarhöll rokksins en ekki Kiss," sagði Simmons. „Ég held að við eigum fleiri gullplötur í Bandaríkjunum en nokkur önnur hljómsveit en svona er þetta bara."

Kiss gaf út sína fyrstu plötu árið 1974 og er því gjaldgeng í höllina því til þess þurfa 25 ár að hafa liðið síðan fyrsta smáskífa eða plata flytjandans kom út.

Kiss er ekki á meðal þeirra sem eru tilnefndir í ár. Í stað þeirra eru meðal annars Metallica, Jeff Beck og sálarsöngvarinn Bobby Womack. Fimm hundruð manna dómnefnd úr tónlistarbransanum ákveður síðan í janúar hvaða fimm flytendur verða innvígðir.

Simmons er ekki sáttur við þá sem ráða tilnefningunum en á meðal þeirra er Jann Wenner, útgefandi tímaritsins Rolling Stone. „Margir af þessum náungum í stjórninni geta farið og náð í samlokuna mína þegar ég vil og ég meina það á fallegan hátt," sagði hann.

KISS Hljómsveitin Kiss hefur aldrei verið vígð inn í Frægðarhöll rokksins í Bandaríkjunum.

Ástir og örlög íslenskra Idol-stjarna

Stöð 2 ætlar að hefja Idol-stjörnuleitina til vegs og virðingar á nýjan leik eftir áramót. Ný dómnefnd, nýir keppendur. En hvað skyldi svo hafa orðið um sigurvegara síðustu ára. Freyr Gígja Gunnarsson gerði Idol-sögunna upp.

Hinir þrír íslensku sigurvegarar Idolsins hafa átt fremur misjöfnu gengi að fagna eftir að tilkynnt var um sigurinn. Hins vegar skyldi enginn vanmeta mátt þess að koma fram í sjónvarpi og syngja því nöfn margra Idol-þátttakenda hafa lifað af þessa gríðarlega miklu athygli sem fólk fær. Fyrsta Idolið varð hálfgerð sprengja í íslensku þjóðlífi og þremenningarnir Katrín Anna, Jón Sigurðsson og Kalli Bjarni unnu hug og hjörtu sjónvarpsáhorfenda. Í dómarasætinu sátu síðan Bubbi Morthens, Sigga Beinteins og Þorvaldur Bjarni. Þjóðin eyddi milljónum í SMS-skeyti til að ná sínu fram en að endingu var það Kalli Bjarni sem stóð uppi með pálmann í höndunum í rauð/hvíta jakkanum sínum.

Örlög Kalla voru hins vegar sorgleg. Fyrsta sólóplatan náði aldrei neinum vinsældum og hann nánast hvarf af yfirborðinu. Hann skaust fram á sjónarsviðið aftur fyrir rúmu ári en þá ekki fyrir söng heldur eiturlyfjainnflutning. Kalli Bjarni var stöðvaður í Leifsstöð í lok maí með tvö kíló af kókaíni. Fjölmiðlar fóru á fullt og allt í einu var þessi geðþekki Grindvíkingur aftur kominn í hringiðuna. Hann sagði í samtali við Kastljósið skömmu eftir að vera laus úr gæsluvarðhaldi að hann ætlaði að umbylta lífi sínu. Hann var síðan handtekinn aftur á Hótel Vík í lok mars á þessu ári með 64 grömm af amfetamíni. Kalli Bjarni afplánar nú dóm á Kvíabryggju.

VEÐURGUÐ Ingólfur Þórarinsson hefur náð að fylgja eftir velgengni Idolsins með hljómsveit sinni Veðurguðirnir.

Idol númer tvö var ekkert síður vinsælt en fyrsta þáttaröðin. Þar skaust upp á stjörnuhimininn Hildur Vala Einarsdóttir og er ekki ofsögum sagt að hálfgert Hildar Völuæði hafi gripið íslensku þjóðina. Hún vann öruggan sigur á þeim Davíð Smára og Heiðu og fyrsta platan hennar sló umsvifalaust í gegn. Hildur Vala er því kannski besta sönnunin fyrir því að sigur í Idolinu sé ekki bara ávísun á eiturlyf og áfengi. Reyndar var þessi þáttaröð sú besta því auk þess sem margir frambærilegir söngvarar litu dagsins ljós varð ástarsamband þátttakendanna Helga Þórs Arasonar og Brynju Valdimarsdóttur á allra vörum meðan á keppninni stóð. Þá má ekki gleyma þætti Helga Rafns sem bræddi ótal hjörtu ungmeyja meðan á keppninni stóð.

Þriðji sigurvegarinn var síðan hvíti víkingurinn Snorri Snorrason. Hann hefur að undanförnu mikið sinnt upptökustjórn og tók meðal annars upp fyrstu sólóplötu keppinautar síns úr Idolinu, Alexanders Arons, sem er reyndar einkaþjálfari líka eins og Davíð Smári. Snorri hefur hins vegar lítið haft sig í frammi á tónlistarsviðinu að undanförnu þótt menn velkist ekki í vafa um að hæfileikarnir hafi verið til staðar. Stjarna þeirrar keppni var hins vegar Ingólfur Þórarinsson úr Ingó og veðurguðunum en honum hefur tekist ágætlega upp með að viðhalda orðspori sínu frá Idol-dögunum.

ATHYGLISVERT ÁSTARSAMBAND Það vakti mikla athygli þegar Helgi Þór Arason og Brynja Valdimarsdóttir fóru að stinga saman nefjum meðan á keppninni stóð.
MYND:SÍMON JÓN BIRGISSON

SORGLEGT Örlög Kalla Bjarna hafa verið sorgleg síðan hann sigraði í Idol-stjörnuleit. Hann afplánar nú dóm fyrir fíkniefnainnflutning á Kvíabryggju.

KYNTÁKN Helgi Rafn heillaði ófáar stúlkurnar upp úr skónum með frammistöðu sinni í Idolinu.



HÁLFGERT ÆÐI Önnur þáttaröðin af Idol varð hálfgert æði. Fjöldi góðra söngvara spratt fram eins og gorkúlur en óumdeilanlegur sigurvegari var hins vegar Hildur Vala.

Ó, ÞÚ AUÐMJÚKI FORSTJÓRI!



Forstjóri dagsins hefur að geyma tólf póstkort með myndum af forstjóranum í amstri hversdagsins – að forstjórasið, að sjálfsögðu!

VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

Einmana stórstjarna í borg englanna

Þrátt fyrir að stjarna Leonu Lewis fari rísandi segist hún vera mjög einmana. Leona, sem er 23 ára, bar sigur úr býtum í breska X-factor þættinum árið 2006 og sló síðar í gegn með laginu Bleeding Love beggja vegna Atlantshafsins. Í viðtali við breska dagblaðið Daily Mail segist söngkonan hafa verið sérstaklega einmana við gerð sinnar fyrstu plötu, Spirit. „Það getur verið mjög einmanalegt í Los Angeles. Mér fannst það sérstaklega þegar ég var að gera fyrstu plötuna mína því þá var ég ekki með neinum nema fjölmiðlafulltrúanum mínum," segir Leona og viðurkennir að hún óttist að heimsfrægðin taki snöggan endi.

„Ég óttast að hlutirnir fari ekki eins og ég vil og velti því oft fyrir mér hvað ég myndi gera ef eitthvað kæmi fyrir röddina. Ég er eflaust ein stressaðasta manneskja sem ég veit um, en ég er dauðhrædd um að eitthvað gerist og sleppi því oft að fara út að skemmta mér til að þurfa ekki að tala í kapp við háa tónlist," segir söngkonan.

RÍSANDI STJARNA Leona Lewis nýtur mikilla vinsælda beggja vegna Atlantshafsins, en óttast að frægðin taki snöggan endi.

Upplestur í Eymundsson Austurstræti í dag

Kl. 14.00 les Ólafur Gunnarsson úr nýrri skáldsögu sinni, Dimmar rósir



3.700 kr.
~~4.990 kr.~~

„Áhrifamikil skáldsaga ... þetta er góð bók.“
Kolbrún Bergþórsdóttir / Kiljan, RÚV„

[Ólafur Gunnarsson er] kádiljákurinn í íslenskri rithöfundastétt.“
Sigmundur Ernir Rúnarsson / Mannamál, Stöð2



3.700 kr.
~~4.990 kr.~~

Kl. 16.00 les Hallgrímur Helgason úr nýrri skáldsögu sinni, 10 ráð til að hætta að drepa fólk og byrja að vaska upp.

„Langt síðan ég hef lesið bók frá upphafi til enda án þess að leggja hana frá mér. Fékk næstum samviskubit yfir því hvað mér fannst þetta fyndið.“
Eva Sólan, sjónvarpsþula

„Hallgrímur er kominn aftur á þann stað þar sem hann er bestur.“
Guðmundur Ingi Gústavsson, bílasali

Skiptimiðinn
Eymundsson

Allar bækur í Eymundsson eru með skiptimiða þannig að hægt er að skipta jólagjöfunum til 10. janúar 2009.

JÓNSSON & LE'MACKS • ij.is • SÍA

eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

Ashlee ungar út

Söngkonan Ashlee Simpson eignaðist sitt fyrsta barn á fimmtudagskvöld. Eiginmaður hennar, rokkarinn Pete Wentz úr Fall Out Boy, var viðstaddur fæðinguna. Hjónakornin eignuðust heilbrigðan son sem hefur fengið nafnið Bronx Mowgli.

Ashlee er sem kunnugt er yngri systir söngkonunnar Jessicu Simpson. Hún gekk að eiga bassaleikarann Wentz skömmu áður en tilkynnt var að hún gengi með barn þeirra. „Ashlee, Pete og Bronx eru öll ánægð og þeim líður vel. Þau þakka öllum fyrir góðar kveðjur," sagði talsmaður þeirra.

HAMINGJUSÖM Ashlee Simpson og Pete Wentz eignuðust son á fimmtudagskvöld. NORDICPHOTOS/GETTY

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

HÖRÐUR OG ÆVAR Hörður Torfason og Ævar Örn Jósepsson unnu ævisöguna Tabú í sameiningu.

VIÐAR OG KRISTÍN Leikstjórinn Viðar Eggertsson og rithöfundurinn Kristín Helga Gunnardóttir voru á meðal gesta.

Hörður kynnti ævisögu

Margt var um manninn í Iðnó þegar tónlistarmaðurinn Hörður Torfason kynnti ævisögu sína Tabú sem Ævar Örn Jósepsson ritaði.
Bókaútgáfan Tindur stóð fyrir kynningunni sem heppnaðist vel. Ævar Örn las upp úr bókinni auk þess sem viðstaddir gátu keypt hana á kynningarverði. Hafði Hörður nóg að gera við að rita nafn sitt í bókina.

PAUL MCCARTNEY Bítillinn fyrrverandi hringdi í endurskoðandann sinn um daginn vegna kreppunnar.

Hræddur við kreppuna

Bítillinn Sir Paul McCartney segist hafa áhyggjur af efnahagskreppunni sem tröllríður nú öllu. Hann segist hafa hringt í endurskoðandann sinn um daginn og spurt hvort hann þurfi að hafa áhyggjur af peningunum sínum.

„Hann sagði að ég væri eins berskjaldaður og allir aðrir, ef bankarnir fara á hausinn," sagði McCartney. „Eins og við stundum okkar viðskipti eru samt ekki miklar líkur á að ég lendi í vandamálum." McCartney bætti við að hann væri ósáttur við það hversu kreppan hefði haft slæm áhrif á almenning.

Riches á hvíta tjaldið

Breski grínistinn Eddie Izzard ætlar að búa til kvikmynd byggða á sjónvarpsþáttum sínum The Riches. Izzard lék aðalhlutverkið í þeim ásamt Minnie Driver en sjónvarpsstöðin FOX ákvað að hætta framleiðslunni eftir tvær þáttaraðir.

The Riches voru tilnefndir til Golden Globe- og Emmy-verðlaunanna og fjölluðu um fjölskyldu sem hafði lifibrauð sitt af því að svindla á öðru fólki. „Við funduðum og handritshöfundarnir ætla að búa til sögu," sagði Izzard við BBC. „Við ætlum að safna pening eins og Barack Obama gerði í gegnum netið og við ætlum að taka upp að hætti skæruliða. Við ætlum að mæta á staðinn og taka upp án þess kannski að hafa leyfi fyrir því."

Izzard dvelur þessa dagana í London þar sem uppistandssýning hans, Stripped, fer fram. Hann játar að núna sé ekki besti tíminn fyrir sjálfstæða framleiðendur eins og hann til að safna fyrir nýju myndinni. „Það er erfitt að ná í pening og þess vegna þarf maður að beita nýjum ráðum."

THE RICHES Eddie Izzard og Minnie Driver.

Ritsýrir kreppublaði

„Maður er búinn að vera anarkisti og pönkari öll þessi ár og núna skyndilega er maður ekki eini reiði maðurinn á landinu. Það er svolítið sérstök tilfinning," segir Sigurður Harðarson, eða Siggi pönk. „Fólk er byrjað að pikka í anarkista og pönkara og segja: „Kannski höfðuð þið eitthvað að segja þegar upp er staðið."."

Siggi ritstýrir nú tímaritinu Lífsmörk – jákvæðar hugmyndir um viðbrögð og aðgerðir á kreppu-tímum. Fyrsta tölublaðið kom út um síðustu helgi og var því dreift í tvö þúsund eintökum á mótmælafundinum á Austurvelli og á borgarafundi á Nasa. „Í blaðinu legg ég til að fólk fari að skipuleggja sig sjálft fram hjá þessum kerfum sem of fáir ráða yfir," segir Siggi. „Í síðasta blaði mæltist ég til að fólk stofnaði heimavarnarlið með neyðarsíma sem fólk gæti hringt í þegar það ætti að reka það út úr húsinu sínu, þannig að heimilin séu varin með handafli. Þarna var líka grein til lögregluþjóna. Við vitum að þeir eru alveg jafnblankir og allir hinir og ef þeim er skipað að reka fólk í burtu þá ættu þeir frekar að ganga í lið með okkur," segir hann og er sannfærður um að skipta þurfi um fólk í brúnni. „Grunnvandamálið er að það eru of fáir búnir að vera með of mikil völd í of langan tíma."

SIGGI PÖNK Tónlistarmaðurinn, hjúkrunarfræðingurinn og anarkistinn ritstýrir tímaritinu Lífsmörk. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Siggi, sem er hjúkrunarfræðingur, segir fyrirhugaðan niðurskurð í heilbrigðiskerfinu ekki koma sér á óvart. „Það var búinn að vera niðurskurður í góðærinu. Heilbrigðiskerfið er búið að lifa við kreppu í langan tíma. En ég spyr: Hvernig er þetta með sendiráðin og utanríkisráðuneytið. Það er 200 milljóna hús í Japan sem er sendiráð en sendiráð Hollands á Íslandi er bara skrifstofa og „funkerar" alveg. Þetta er montræfilsháttur sem við höfum ekki efni á." - fb

Úrvalslisti Kraums

Dómnefnd Kraumsverðlaunanna, sem verða afhent í fyrsta sinn í næstu viku, hefur birt lista sem inniheldur 48 plötur sem koma til greina sem verðlaunaplötur ársins.

Alls verða fimm plötur verðlaunaðar og síðar mun ein plata hljóta titilinn Kraumsverðlaunaplata ársins 2008. Úrvalslisti með þeim tuttugu plötum sem komu oftast upp í skilalistum dómefndaraðila hefur einnig verið birtur. Gefur listinn vísbendingar um hvaða plötur verða útnefndar til verðlaunanna. Á meðal þeirra eru nýjustu plötur Sigur Rósar, Lay Low, Bang Gang, Emilíönu Torrini, Dísu, Dr. Spock og Retro Stefson. Þeir flytjendur sem komust ekki á topp tuttugu listann eru meðal annars Sprengjuhöllin, Bubbi Morthens, Reykjavík, The Viking Giant Show og Esja.

Dómnefnd Kraumsverðlaunanna er skipuð fimmtán aðilum sem hafa víðtæka reynslu af að fjalla um og spila íslenska tónlist á ýmsum sviðum fjölmiðlunar. Formaður dómnefndar er Árni Matthíasson, blaðamaður á Morgunblaðinu.

EMILÍANA TORRINI Nýjasta plata Emilíönu, Me and Armini, komst á úrvalslista dómnefndaraðila.

Stuðmenn til með-an einhver er í stuði

„Nei, það hefur aldrei hvarflað að neinum að leggja Stuðmenn niður. Þessi hljómsveit hefur verið til síðan fyrsta unglingabólan birtist á nefbroddinum á mér og verður til meðan einhverjir eru í stuði," segir Jakob Frímann Magnússon Stuðmaður.

Stuðmenn verða með gigg í kvöld á Kaffi Duus-húsi í Reykjanesbæ og hefst þar með formlega för hljómsveitarinnar um landið. Framlínan er ný – Jónsi og Harasystur en að undanförnu hefur verið að kvarnast úr þessari hljómsveit allra landsmanna. Egill Ólafsson, Þórður Árnason gítarleikari og áður Valgeir Guðjónsson hafa sagt skilið við Stuðmenn en eftir eru, sé miðað við kjarnann sem varð til þegar plöturnar Sumar á Sýrlandi og Tívolí komu út um miðjan 8. tuginn, Jakob, Tómas Tómasson og Ásgeir Óskarsson. Og með þeim nú eru snillingarnir Eyþór Árnason og Guðmundur Pétursson. Jakob segir enga kúvendingu um að tala. „Eins og Þórður sagði svo réttilega: Það er enginn að velta því fyrir sér hvað verður um Vínadrengjakórinn þó einhver hætti. Engum datt í hug að karlakórinn Fóstbræður hætti þegar Kristinn Hallsson sagði sig úr 1. bassa á sínum tíma. Það er búið að prufukeyra þessa nýju framlínu með frábærum árangri. Gríðarleg orka í þessu fólki," segir Jakob. Og nýjum kröftum fylgir fersk nálgun. Jakob segir glaða stemningu í hópnum, spennandi tímar fram undan og nýtt efni í gerjun. „Hafa ber í huga að um tuttugu söngvarar hafa sungið með Stuðmönnum," segir Jakob og byrjar að þylja: Steinka Bjarna, Bó, Geir Ólafs, Leoncie, Valgeir, Addi rokk, Hildur Vala, Gylfi Kristinsson, Bubbi, Helgi Björns, Björn Jörundur, Long John Baldry og þau Ragnhildur Gísladóttir og Egill Ólafsson... „Ef hægt væri að sameina þennan kór! Svo ber á það að líta að skottið er opið eins og þar stendur. Menn geta tekið sér frí og komið aftur. Eina forsendan fyrir þessum félagsskap er gleðivæð, sköpunargleði og músíkalítet." - jbg

STUÐMENN Jakob segir gríðarlega orku fylgja hinni nýju framlínu en för Stuðmanna um landið hefst í Reykjanesbæ í kvöld.

Sigur Rós með viðhöfn

Viðhafnarútgáfa af nýjustu plötu Sigur Rósar, Með suð í eyrum við spilum endalaust, er komin í búðir. Hún verður eingöngu gefin út í þrjú hundruð eintökum hér á landi og því þurfa aðdáendur sveitarinnar að hafa hraðar hendur vilji þeir tryggja sér eintak.

Útgáfan er samansett af geisladiski, DVD-mynddiski og bók sem bundin er í fallega kápu. Ljósmyndakonan Eva Vermandel og kvikmyndagerðarmaðurinn Nicholas Abrahams fylgdu sveitinni í gegnum allt vinnuferlið á plötunni, alveg frá upptökum til hljómjöfnunar. Með útgáfunni fylgir filmubútur úr upprunalegu filmunni fyrir myndbandið við lagið Gobbledigook.

Sigur Rós leikur sem kunnugt er á tónleikum í Laugardalshöll annað kvöld. Húsið opnar klukkan 19 og upphitun er í höndum For a minor Reflection. Síðdegis í gær voru 500 miðar eftir í stæði. Miðasala er á Miði.is. -fb

SIGUR RÓS Hljómsveitin Sigur Rós hefur gefið út viðhafnarútgáfu af plötunni Með suð í eyrum við spilum endalaust. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Upptökur á plötu hafnar

Hljómsveitin Gusgus hefur hafið upptökur á sinni sjöttu plötu í Tankinum við Önundarfjörð. Sveitin dvelur í hljóðverinu í níu daga og er áætlaður útgáfudagur í byrjun næsta árs.

Vinnuheiti plötunnar er 24/7 og hefur sveitin prufukeyrt nýju lögin á tónleikum sínum víða um heim að undanförnu, þar á meðal í Rússlandi, Þýskalandi, Japan og á Englandi við góðar undirtektir.

Eftir að upptökunum lýkur fer Gusgus til Berlínar 10. desember þar sem sveitin spilar á tónleikum á vegum nýrrar bókunarstofu sinnar, Wilde Bookings. Á meðal annarra listamanna sem fyrirtækið er með á sínum snærum eru Booka Shade og Lopazz.

BUFF Hljómsveitin Buff spilaði lög af sinni fyrstu plötu á útgáfutónleikunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Á TÓNLEIKUM Veigar og Bryndís voru á meðal gesta á Nasa.

KULDALEGIR Guðmundur Þór og Kolbeinn Ágúst voru fremur kuldalegir er þeir mættu á tónleikana.

BUFF FAGNAÐI NÝRRI PLÖTU

Hljómsveitin Buff hélt útgáfutónleika á Nasa fyrir skömmu til að fagna útgáfu sinnar fyrstu plötu.

Buff, sem hefur verið dugleg við spilamennsku undanfarin ár, spilaði lög af plötunni við góðar undirtektir, þar á meðal hið vinsæla Núna mun ég vaka.



Á HVÍTA TJALDIÐ Til stendur að gera kvikmynd byggða á sjónvarpsþáttunum Arrested Development.

Arrested á hvíta tjaldið

Samningar eru við það að nást um að gera kvikmynd upp úr sjónvarpsþáttunum Arrested Development. Undanfarið ár hafa aðdáendur þáttanna slúðrað um að myndin sé í bígerð og hafa leikarar þáttanna, Jason Bateman, Will Arnett og Jeffrey Tambor, ýtt undir orðrómin með hinum ýmsu yfirlýsingum.

Mitch Hurwitz, höfundur þáttanna, ætlar að semja handrit myndarinnar fyrir framleiðslufyrirtækið Fox Searchlight. Hann ætlar einnig að leikstýra henni með aðstoð Rons Howard. Arrested Development lauk göngu sinni fyrir tveimur árum eftir lok þriðju þáttaraðarinnar.

Live Earth í Indlandi

Hljómsveitin Bon Jovi og Roger Waters úr Pink Floyd verða á meðal þeirra sem koma fram á Live Earth-tónleikum sem verða haldnir á Indlandi sjöunda desember.

BON JOVI Rokkararnir í Bon Jovi ætla að koma fram á Live Earth-tónleikum á Indlandi í næsta mánuði.

Maðurinn á bak við Live Earth, fyrrum varaforseti Bandaríkjanna, Al Gore, mun einnig stíga á svið og tala um umhverfismál. Á meðal fleiri listamanna sem koma fram verða Will.I.Am úr Black Eyed Peas og Aishwarya Rai Bachchan sem hefur gert garðinn frægan í Bollywood.

Live Earth-tónleikar voru haldnir í fyrsta sinn í fyrra í níu borgum, þar á meðal í London, Jóhannesarborg og í Tókýó. Var ætlun þeirra að vekja fólk til umhugsunar um hlýnun jarðar.

Allur ágóði af tónleikunum í næsta mánuði rennur til umhverfisverndar í Indlandi og til herferðarinnar Light a Billion Lives þar sem áhersla er lögð á aukna notkun sólarorku á heimilum.

> HK og FH mætast í Digranesi

Einn leikur fer fram í N1-deild karla í handbolta í dag þar sem spútniklið FH mætir HK í Digranesi og hefst leikurinn kl. 14.10. FH á harma að hefna gegn HK en Kópavogsliðið vann fyrri viðureign liðanna í Kaplakrika, 33-36, í hörkuleik. Með sigri geta FH-ingar orðið jafnir Akureyringum í öðru sæti deildarinnar en HK getur með sigri skotist upp að hlið Hafnfirðinga í þriðja sætinu. Fólk er hvatt til þess að fjölmenna í Digranesið til þess að sjá frábæran handbolta.

sport
sport@frettabladid.is

JÚLÍUS JÓNASSON: KVENNALANDSLIÐ ÍSLANDS TAPAÐI STÓRT GEGN EVRÓPU- OG ÓLYMPÍUMEISTURUM NOREGS

Okkur var refsað grimmilega fyrir hver mistök

Kvennalandslið Íslands í handbolta lék í gær sinn fyrsta leik á Möbelringen Cup, gríðarsterku fjögurra þjóða æfingamóti sem fram fer í Noregi, gegn Evrópu- og Ólympíumeisturum Noregs og tapaði sannfærandi með tuttugu og eins marks mun. Lokatölur urðu 36-15 en staðan í hálfleik var 18-5. Rússland og Danmörk skildu jöfn 27-27 í hinum leik mótsins.

Landsliðsþjálfarinn Júlíus Jónasson bjóst vitanlega fyrirfram við erfiðum leik gegn Noregi og það varð svo raunin í Oppsal Arena í gærkvöldi.

„Það er óhætt að segja að svona sterkt lið eins og Noregur refsar náttúrulega grimmilega fyrir hver einustu mistök hjá mótherjanum og við fengum að kenna á því í þessum leik," segir Júlíus.

Júlíus var þó talsvert ánægðari með seinni hálfleikinn en þann fyrri og hefur fulla trú á því að íslensku stelpurnar læri af því að mæta jafn sterkum mótherjum og Norðmönnum.

„Leikurinn var náttúrulega allur mjög erfiður en mér fannst við vera að spila talsvert betur á kafla í seinni hálfleik. Í fyrri hálfleik vorum við að gera allt of mikið af feilum og þær norsku voru að skora mörg auðveld mörk úr hraðaupphlaupum. Í hálfleik fórum við yfir stöðu mála og ákváðum að núllstilla leikinn og fórum inn í seinni hálfleik með hugann við að staðan væri bara 0-0 og þá náðum við upp ágætis spilamennsku. Ég var ánægður með fyrstu tuttugu mínúturnar í seinni hálfleik eða þar til í stöðunni 28-14 að kemur aftur slæmur kafli hjá okkur og þær norsku skora sjö mörk í röð. Við verðum bara að halda áfram og ég er sannfærður um að stelpurnar læra mikið af því að mæta þessum sterku þjóðum sem eru á þessu móti og þetta er því góður undirbúningur fyrir framhaldið," segir Júlíus að lokum.

Í dag kl. 13 bíður ekki síður erfitt verkefni fyrir íslensku stelpurnar þegar þær mæta heimsmeisturum Rússa. Æfingamótið í Noregi er liður í undirbúningi kvennalandsliðs Íslands fyrir undankeppni HM sem fram fer í Póllandi dagana 25.-30. nóvember næstkomandi, en Ísland er þar í riðli ásamt Lettlandi, Póllandi, Slóvakíu og Sviss.

ÚRSLIT

EHF-bikarinn

Gummersbach-Fram 38-27 (16-14)
Markahæstir hjá Gummersbach: Vedran Zrnic 11, Róbert Gunnarsson 8.

Möbelringen-bikarinn

Noregur-Ísland 36-15 (18-5)
Mörk Íslands: Ágústa Edda Björnsdóttir 4, Rakel Dögg Bragadóttir 2, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 2, Íris Ásta Pétursdóttir 2, Hann G. Stefánsdóttir 2, Arna Sif Pálsdóttir 1, Dagný Skúladóttir 1, Hrafnhildur Skúladóttir 1.

Subway-bikarinn

Hamar-Fjölnir 83-85 (38-47)
Stig Hamars: Jason Pryor 26, Marvin Valdimarsson 23, Svavar Pálsson 13, A. Gunnarsson 11, Bragi Bjarnason 6, Ragnar Nathanaelsson 4.
Stig Fjölnis: Haukur Pálsson 22, Patrick Oliver 18, Arnþór Guðmundsson 16, A. Steinarsson 9, Sverrir Karlsson 7, Sindri Kárason 5, Brynjar Kristófersson 4, Tryggvi Pálsson 4.

KFÍ-Tindastóll 87-92 (38-51)
Stig KFÍ: Craig Schoen 32, Pance Ilievski 18, Daniel Kalov 15, Birgir Pétursson 14, Aleksandar Davitkov 8.
Stig Tindastóls: Soren Flæng 26, Svavar Birgisson 24, Allan Fall 16, Hreinn Birgisson 8, Ísak Einarsson 8, Helgi Viggósson 7, Halldór Halldórsson 3.

Mostri-Stjarnan 49-103 (16-55)
Stig Mostra: B. Björgvinsson 14, G. Gunnarsson 13, R. Jörgensen 8, B. Björnsson 5, A. Ásgeirsson 4, O. Hjartarson 3, G. Ásgeirsson 2.
Stig Stjörnunnar: Fannar Helgason 22, Hjörleifur Sumarliðason 17, Justin Shouse 16, Kjartan Kjartansson 13, Birkir Guðlaugsson 13, Jovan Zdravevski 5, Guðjón Lárusson 3, Ólafur J. Sigurðsson 2, Hafþór Ö. Þórarinsson 2.

Róbert reyndist erfiður

Þýska liðið Gummersbach með silfurmanninn Róbert Gunnarsson í farabroddi vann ellefu marka sigur á Fram í EHF-bikarnum í gær. Framarar stóðu í Gummersbach lengi vel en Þjóðverjarnir sigldu fram úr seint í síðari hálfleik.

HANDBOLTI Þýska stórliðið Gummersbach vann Fram 38-27 í fyrri leik liðanna í þriðju umferð EHF-bikarsins í gærkvöld en báðir leikirnir fara fram í Þýskalandi. Staðan í hálfleik var 16-14 fyrir heimamenn sem skildu svo baráttuglaða Framara eftir í seinni hálfleik. Róbert Gunnarsson, línumaður Gummersbach, reyndist sínum gömlu liðsfélögum í Fram erfiður og skoraði átta mörk.

„Framararnir stóðu sig að mínu mati mjög vel og lokatölurnar segja ekkert allt um leikinn, þar sem þetta var barningur nánast allar sextíu mínúturnar. Við þurftum að hafa virkilega fyrir þessu og ég var búinn að vara menn við því að vanmeta Framarana ekki, en þeir hlustuðu greinilega ekkert á það. Við sigum í raun og veru bara fram úr á síðustu tíu mínútunum og ég veit ekki hvort að það hafi verið spurning um líkamlegt form eða hvað en þetta hafðist í lokin hjá okkur," segir Róbert.

Gummersbach er nú að mæta íslensku félagsliði í Evrópukeppnum en í fyrra var félagið með Val í riðli í Meistaradeildinni og árið þar á undan með Fram í riðli í sömu keppni.

„Það er náttúrulega rosalega gaman fyrir mig að mæta þessum íslensku liðum og þá sérstaklega gömlu liðfélögunum mínum í Fram og maður leggur sig alltaf sérstaklega fram í þeim leikjum. Framarar voru að spila skemmtilegan handbolta og talsvert betri en fyrir tveimur árum," segir Róbert.

ÖFLUGUR Framarar lentu í basli með Róbert Gunnarsson í gærkvöld sem skoraði átta mörk gegn sínum gömlu liðsfélögum í 38-27 sigri Gummersbach. GUMMERSBACH

Seinni leikur liðanna fer fram á sunnudagskvöld og allt bendir til þess að Gummersbach sé þegar komið áfram í fjórðu umferð keppninnar enda með ellefu marka forskot. Róbert segir Gummersbach ætla sér stóra hluti í keppninni.

„Það má helvíti mikið gerast til þess að við klúðrum þessu niður. Þetta hefur annars gengið fínt hjá okkur og við ætlum okkur eins langt í keppninni og við mögulega getum og erum bara bjartsýnir á framhaldið," segir Róbert að lokum.

omar@frettabladid.is



ÞRJÚ GULL Sarah Blake Bateman var í stuði í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Íslandsmót í 25 m laug:

Sarah með Íslandsmet í gær

SUND Sarah Blake Bateman, 18 ára sundkona úr Ægi, bætti í gær fimm ára Íslandsmet Kolbrúnar Ýrar Kristjánsdóttur í 50 metra baksundi þegar hún tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn í greininni í 3. hluta Íslandsmeistaramótsins í 25 m laug í Laugardalslauginni.

Sarah hafði skömmu áður tryggt sér sigur í 100 metra skriðsundi eftir hörkukeppni við Sigrúnu Brá Sverrisdóttur sem tryggði sér sigur í 200 metra flugsundi í næsta sundi. Sarah var í gullstuði í gær því hún var einnig í boðsveit Ægis sem vann 200 metra boðsund á nýju Íslandsmeti.

Davíð Hildiberg Aðalsteinsson úr ÍBR og Hrafnhildur Lúthersdóttir úr SH urðu líka tvöfaldir Íslandsmeistarar í gær eins og Sarah. Hrafnhildur vann 100 metra fjórsund og 200 metra bringusund. Hún setti nýtt stúlknamet í 100 metra fjórsundi þegar hún synti á 1:03.27 mínútu. Davíð vann 100 metra skriðsund og 50 metra baksund. - óój

PIPAR • SÍA • 82217

Ókeypis fjármálanámskeið fyrir Kópavogsbúa

Hagræðing í heimilishaldi og góð yfirsýn í fjármálum

Mánudaginn **24. nóvember** og mánudaginn **1. desember**, kl. 17.30–19.30 í sjálfboðamiðstöð Kópavogsdeildar Rauða krossins að **Hamraborg 11**, 2. hæð.

Námskeiðin eru ókeypis en **nauðsynlegt er að skrá sig** – hámark 25 manns á námskeið.

Nánari upplýsingar og skráning:
í síma **554 6626** eða með tölvupósti á **kopavogur@redcross.is**.

HÖND Í HÖND
800 5500
Gegn vanlíðan og óvissu

NEYTENDASAMTÖKIN

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

Hólmfríður Magnúsdóttir til liðs við Kristianstad:

Verst að liðið spilar í rauðum treyjum

FÓTBOLTI Landsliðskonan Hólmfríður Magnúsdóttir hefur náð munnlegu samkomulagi við sænska félagið Kristianstad, þar sem Elísabet Gunnarsdóttir er tekin við þjálfun, en hún hefur verið einn allra besti leikmaður Landsbankadeildar kvenna með KR undanfarin ár.

„Það var mjög erfitt að yfirgefa KR eftir svona mörg og góð ár hjá félaginu en ég er gríðarlega sátt við mína ákvörðun að ganga til liðs við Kristianstad og hlakka mikið til að fara út," segir Hólmfríður.

Hólmfríður segir að það hafi vissulega auðveldað ákvörðun sína að þekkja Elísabetu, þjálfara Kristianstad. „Ég þekki vel til Betu og veit til þess að hún er metnaðarfullur og frábær þjálfari þannig að ég veit að hverju ég geng. Hún er líka búin að gera mér grein fyrir því að ég geti enn þá bætt mig mikið sem leikmaður og ég ætla mér að sjálfsögðu að gera það," segir Hólmfríður ákveðin.

Hólmfríður viðurkennir þó að eitt atriði sem varðar félagaskiptin sé að valda sér hugarangri.

„Það er að vísu eitt neikvætt við þetta allt saman en það er sú staðreynd að liðið spilar í rauðu. Það finnst mér verst," segir Hólmfríður á léttum nótum en getur þó huggað sig við það að varabúningar Kristianstad eru svartir og hvítir. - óþ

HÓLMFRÍÐUR Hrellir varnarmenn í sænsku úrvalsdeildinni næstu árin. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

NÝJUNG FRÁ BENSÍNORKUNNI

Nýr Orkulykill

FÁÐU ÞÉR ÖRSMÁAN LYKIL AÐ MIKLU MEIRI SPARNAÐI

5 króna afsláttur þegar þú notar Orkulykilinn í fyrsta sinn!

Alltaf 2 króna afsláttur af dæluverði Bensínorkunnar sem kannanir sýna að er lægra en hjá öðrum aftur og aftur og enn aftur!

5 króna afsláttur á Ofurdögum Bensínorkunnar. Það er óþarfi að bíða eftir afmælisdeginum þínum.

Vertu með og veldu sparnað. Pantaðu nýja Orkulykilinn á **www.orkan.is** eða í síma **533 5123** og við sendum hann um hæl þér að kostnaðarlausu með innbyggðum **2 króna** afslætti og **5 króna** afslætti við fyrstu áfyllingu og á Ofurdögum Bensínorkunnar. **Vertu bleikari og fáðu ódýrara eldsneyti!**

Byrjaðu sparnaðinn á www.**orkan.is**

Á Ofurdögum gilda ekki aðrir afslættir. Viðskiptavinur fær ávallt þann afslátt sem hagstæðastur er hverju sinni.

ORKAN BENSÍN

SPÁÐU Í HVAÐ ÞÚ SPARAR!

DYNAMO REYKJAVÍK

RIO FERDINAND Setur peninga í mynd með 50 cent. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Rio og Ashley Cole:

Í slagtogi með 50 cent

FÓTBOLTI Knattspyrnumenn hafa ýmislegt fyrir stafni utan vallar. Nýjasta nýtt er að varnarmennirnir Rio Ferdinand hjá Manchester United og Ashley Cole hjá Chelsea hafa tekið höndum saman og verða á meðal framleiðanda í nýrri kvikmynd með rapparanum 50 cent.

Myndin heitir Dead Man Running þar sem 50 cent leikur fyrrum fanga á flótta með miklar skuldir á bakinu.

Rio hefur lengi verið mikill aðdáandi 50 cent og stökk upp á svið með honum fyrir þrem árum síðan og tók með honum lagið.

Sjálfur hefur Rio sagt að hann hefði viljað gerast leikari ef hann hefði ekki orðið knattspyrnumaður. **- hbg**

HASAR Það var hart barist í Krikanum síðast og verður eflaust gert á ný í byrjun desember.

Eimskipsbikar karla:

Stórleikur í Krikanum

HANDBOLTI Það var dregið í átta liða úrslitum Eimskipsbikars karla í hádeginu í gær. Er ekki hægt að segja annað en að drátturinn sé afar áhugaverður.

Stórleikur umferðarinnar er klárlega leikur Hafnarfjarðarliðanna, FH og Hauka, í Kaplakrika. Þegar liðin mættust í Krikanum á dögunum var ótrúleg stemning og hátt í þriðja þúsund manns fylltu kofann.

Má búast við ekki síðri stemningu nú, en FH vann þann leik sælla minninga og Haukar stefna því á hefndir.

Fram og Valur mætast í Safamýrinni en lítill kærleikur er á milli þessara liða. Selfoss tekur á móti Stjörnunni fyrir austan fjall en það er varhugaverður leikur fyrir Stjörnuna sem er án margra lykilmanna.

Að lokum tekur Stjarnan 2 á móti toppliði 1. deildarinnar, Gróttu. Leikirnir fara fram dagana 7. og 8. desember. **- hbg**

MET HJÁ KEFLAVÍK

Flestar þriggja stiga körfur í einum leik í efstu deild kvenna:

19 -	**Keflavík á móti Val 19. nóv. 2008**
16 -	Keflavík á móti Grindavík 29.nóv. 2006
15 -	**Grindavík á móti Hamar 5. jan. 2008**
14 -	Haukar á móti Keflavík 4. nóv. 2007
14 -	**Keflavík á móti Haukum 5. des. 2007**
14 -	Keflavík á móti KR 30. janúar 2008
14 -	**Keflavík á móti Breiðab.1. mars 2006**

Flestir þristar í einum leik í Iceland Express deildunum í vetur:

19 -	**Kvennalið Keflavíkur á móti Val**
17 -	Karlalið KR á móti Keflavík
16 -	**Karlalið FSu á móti Breiðabliki**
15 -	Karlalið FSu á móti Njarðvík
15 -	**Karlalið Grindavíkur á móti Njarðvík**
15 -	Karlalið FSu á móti Keflavík

Vildu ekki hlaupa á nærbuxunum

Þjálfarar körfuboltaliðs KR, Benedikt Guðmundsson og Ingi Þór Steinþórsson, töpuðu áskorun við leikmenn sína í leiknum gegn Njarðvík á dögunum. Það þýddi að þeir þurftu að hlaupa 22 sjálfsmorðshlaup. Leikmennirnir buðu þjálfurunum samning sem hljóðaði upp á eitt hlaup á nærbuxunum. Því var hafnað.

KÖRFUBOLTI Benedikt Guðmundsson, þjálfari KR, var afar ósáttur við frammistöðu sinna manna gegn Stjörnunni fyrir rúmri viku og brá því á það ráð að skora á sína menn fyrir næsta leik gegn Njarðvík í von um að þeir myndu mæta á tánum.

Þjálfarinn vildi sjá sína stráka halda Njarðvík undir 70 stigum í leiknum. Fyrir hvert stig undir 70 myndu hann og Ingi Þór Steinþórsson aðstoðarþjálfari hlaupa svokallað sjálfsmorðshlaup sem íþróttamenn kalla í daglegu máli „suicide“. Ef strákarnir fengju á sig yfir 70 stig þyrftu þeir að sama skapi að hlaupa sjálfsmorðshlaup. Sama regla, eitt sjálfsmorðshlaup fyrir hvert stig.

SKEMMTILEGT Fjöldi manna fylgdist með hlaupinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

HJARTAÁFALL? Það er engu líkara en Benedikt Guðmundsson, þjálfari KR, sé að fá hjartaáfall á þessari mynd. Skal engan undra þar sem hann hafði ekki hlaupið eins mikið í rúm 20 ár. Ingi Þór lokar augunum og reynir að hugsa ekki um mjólkursýrumyndunina í kálfunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Það verður ekki annað sagt en að þessi taktík Benedikts hafi svínvirkað því KR-strákarnir mættu betur stemmdir til leiks en áður í vetur og hreinlega slátruðu Njarðvíkingum. Lokatölur 103-48 og þjálfararnir í vondum málum enda 22 sjálfsmorðshlaup sem biðu handan við hornið. Áskorunin hafði það góð áhrif að KR slakaði ekki á klónni fyrr en leikurinn var búinn enda vildu leikmennirnir sjá þjálfarana svitna meira en þeir hafa gert í mörg ár.

„Þetta var alveg svakaleg frammistaða hjá strákunum. Ég get alveg viðurkennt að síðustu mínúturnar var ég hálfpartinn farinn að vonast til þess að skot Njarðvíkinga færu niður til þess að fækka hlaupunum,“ sagði Benedikt en hann og Ingi Þór stóðu að sjálfsögðu við stóru orðin, mættu í æfingagallanum daginn eftir og hlupu líkt og enginn væri morgundagurinn.

Fyrir þá sem ekki vita hvað sjálfsmorðshlaup er þá gengur það út á að hlaupa frá endalínu að vítalínu og til baka. Næst að miðju og til baka, því næst að vítalínu á hinum enda vallarins og til baka og að lokum allan völlinn fram og til baka. Það er eitt sjálfsmorðshlaup og er ætlast til þess að þetta sé hlaupið á fullu gasi. 22 slík hlaup urðu þjálfararnir að taka.

„Jón Arnór hringdi reyndar í mig og bauð okkur samning fyrir hönd leikmannnanna. Það snerist um að þeir myndu sætta sig við að sjá okkur hlaupa bara eitt „suicide“ ef við værum til í að gera það á nærbuxunum. Það kom aldrei til greina af okkar hálfu og tilboðinu því hafnað snarlega,“ sagði Benedikt sem segir hlaupið hafa gengið ágætlega og þeir félagar hafi klárað að sjálfsögðu.

„Þetta fór ágætlega af stað en strax í þriðja hlaupi voru lappirnir á mér eins og steypuklumpar og ég dró þær eiginlega bara það sem eftir var. Svo vorum við á tímabili í hálfgerðu móki og mundum ekki á hvaða línu ætti næst að fara. Þetta hafðist að lokum og strákarnir voru alveg gáttaðir, þeir áttu aldrei von á að við gætum þetta,“ sagði Benedikt stoltur en hann hefur ekki tekið svona á því í rúm 20 ár.

„Síðast þegar ég tók svona á því var þegar ég hjólaði hringveginn og safnaði peningum fyrir Krýsuvíkursamtökin árið 1987 en þá var ég 15 ára. Ég verð að viðurkenna að þetta reyndi meira á en hringferðin,“ sagði Benedikt léttur og bætti við að hann vonaðist til þess að mjólkursýran færi úr fótunum á honum í febrúar.

henry@frettabladid.is

FLOTT HJÁ YKKUR STRÁKAR Jón Arnór stappar stálinu í þjálfara sína á meðan þeir kasta mæðinni á milli hlaupa. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



GJÖRSAMLEGA BÚNIR Benedikt og Ingi héngu hreinlega utan í veggjum og mörkum eftir hlaupið enda algjörlega búnir á því. Sjáið angistarsvipinn á Inga. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Keflavíkurkonur skoruðu sextán fleiri þriggja stiga körfur en Valur í leik liðanna á miðvikudagskvöldið:

Skoruðu 19 þrista og settu glæsilegt met

KÖRFUBOLTI Keflavíkurkonur settu nýtt met í þriggja stiga körfum í 91-69 sigri sínum á Val á miðvikudagskvöldið. Keflavíkurliðið skoraði nítján þrista í leiknum og bætti þar með gamla metið um heilar þrjár körfur en það met var einnig í eigu Keflavíkur. Stelpurnar slógu líka körlunum við því ekkert karlalið hefur náð að skora svona margar þrista í einum leik í Iceland Express deildinni í vetur.

Það má með sanni segja að yfirburðir Keflavíkur í leiknum hafi að stórum hluta legið í frábærri hittni heimastúlkna sem skoruðu sextán fleiri þriggja stiga körfur en Valsliðið í þessum leik en þar munar 48 stigum í leik sem liðið vinnur með 22 stigum. Keflavík vann því sannfærandi sigur þrátt fyrir að skora aðeins níu tveggja stiga körfur í öllum leiknum.

Sjö leikmenn Keflavíkur settu niður þriggja stiga körfur í þessum leik þar af voru fjórar þeirra með þrjár þriggja stiga körfur eða meira. Pálína Gunnlaugsdóttir og Svava Ósk Stefánsdóttir voru allt í öllu þegar kom að skotsýningu Keflavíkurliðsins.

KOM AÐ 12 KÖRFUM Pálína Gunnlaugsdóttir var allt í öllu skotveislu Keflavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Pálína kom að tólf körfum, skoraði fjórar sjálf og átti átta stoðsendingar fyrir þriggja stiga körfur að auki. Svava átti þátt í níu þriggja stiga körfum, skoraði fimm sjálf og átti síðan stoðsendingar fyrir fjórar að auki. Þær Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir og Hrönn Þorgrímsdóttir náðu síðan báðar að skora þrjá þrista hvor.

Það var fyrirliðinn Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir sem bætti gamla metið þegar hún setti niður sautjánda þrist liðsins þegar rúmar 7 mínútur voru eftir af leiknum. Keflavíkurliðið átti gamla metið sem var frá 29. nóvember 2006 í 122-96 sigurleik gegn Grindavík.

Ingibjörg var einn af þremur leikmönnum liðsins sem tók þátt í báðum þessum leikjum en hinir eru Svava Ósk Stefánsdóttir og Birna Valgarðsdóttir.

Það hefur ekkert lið í Iceland Express deildunum skorað fleiri þriggja stiga körfur í einum leik en Keflavíkurkonur á miðvikudagskvöldið því besti árangur karlaliðs í vetur eru 17 þristar sem KR-ingar settu niður á móti Keflavík 19. október síðastliðinn. **- óój**

MESTA LEIKJAÚRVAL LANDSINS ER Í ELKO

Magnaður fyrstu persónu skotleikur þar sem leikmenn geta spilað í gegnum Bond myndirnar Quantum of Solace og Casino Royle. Leikurinn er gerður með Call of Duty 4 grafíkvélinni.

Hér fara leikmenn í hlutverk leyni-lögreglumanns sem þarf að uppræta glæpasamtök. NFS er uppfullur af eltingaleikjum og öflugum bílahasar. Besti Need for Speed leikurinn hingað til!

Einnig fáanlegir:

HELKO

EINFALDLEGA LÆGRA VERÐ

Lindum - Skeifunni - Vefverslun - sími 544 4000 - símsala 575 8115

dagskrá

> Jon Heder

„Að geta búið til persónu með orðum, hreyfingu og framkomu er mikið afrek og ég verð alltaf mjög stoltur þegar vel tekst til.“ Heder leikur hinn misheppnaða Napoleon Dynamite í samnefndri mynd sem sýnd er í Sjónvarpinu í kvöld.

VIÐ TÆKIÐ DR. GUNNI ER ENN AÐ KLÓRA SÉR Í HAUSNUM

Loksins erum við orðin fræg

Loksins er Ísland orðið heimsfrægt. Við erum heimsfræg fyrir glæfralegt fjármálasukk nokkurra óreiðumanna sem við áttum til skamms tíma að líta upp til. Eftir að spilaborgin féll, lánalínurnar frusu og allt það, stendur ekkert eftir nema sú staðreynd að Íslendingar eru kjánar. Nú hlær heimurinn að okkur og bendir híandi: Sjá þessi fífl! Sjá þessa montnu eyjarskeggja sem héldu að þeir væru eitthvað, kaupandi drasl út um allan heim út á krít og standa svo bara með buxurnar á hælunum betlandi lán úti um allt.

Okkur hafði náttúrulega lengi langað að verða fræg. Höfum verið dálítið með það á heilanum. Surtsey, Fischer og Spassky, Hófí og Jón Páll hleyptu kappi í kinn, svo komu Björk og Sigur Rós. Þetta var allt gott og blessað, hér var þá allavega eitthvað í gangi. Útrásarbullið var ekki alvöru, en svo blinduð var þjóðin af góðærisglampanum að hún hélt það bara. Af hverju er allur þessi peningur hérna, spurði ég sjálfan mig ítrekað og klóraði mér í hausnum. Ekki eigum við olíu eða gull. Hvernig geta þessir menn verið svona ríkir fyrir það eitt að selja Rússum bjór og Íslendingum niðursoðnar baunir?

FRÁ FLÓRÍDA Við erum meira að segja fræg þar.

Allir gömlu áfangarnir til alþjóðlegrar viðurkenningar falla nú í skuggann á stóru bombunni, rassskellinum ógurlega. Ísland, heimska, hroki og þjóðargjaldþrot verða samtvinnuð um ókomin ár.

Tengdó var á Flórída og meira að segja þar, í litlu lókalblaði, var fjallað um niðurlægingu okkar. Karlinn í næsta húsi kom blaðskellandi á stuttbuxunum með blaðið: Sjáiði folks, hér er verið að tala um ykkur, Icelanders.

Því miður var þá of seint að segjast vera frá Finnlandi.

EKKI MISSA AF

▶ **17.15 Aston Villa - Man. Utd.**
STÖÐ 2 SPORT 2

▶ **19.45 America's Funniest Home Videos**
SKJÁREINN

▶ **20.05 Underdog**
STÖÐ 2

▶ **20.15 Gott kvöld**
SJÓNVARPIÐ

▶ **20.30 Sex and the City**
STÖÐ 2 EXTRA

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar Kóalabræðurnir, Herramenn, Sammi, Músahús Mikka, Skordýrin í Sólarlaut, Sögur frá Gvatemala, Trillurnar, Millý og Mollý Tobbi tvisvar, og Þessir grallaraspóar.
10.25 Kastljós (e)
11.00 Káta maskínan (e)
11.30 Kiljan (e)
12.15 Kjarnakona (5:6) (e)
13.10 Svart kaffi - Hinn fullkomni bolli (Black Coffee) (3:3) (e)
14.10 Íslandsmótið í handbolta karla Bein útsending frá leik HK og FH.
16.25 Sannar sögur - Toppi fjölskyldan (Vi i familien Toppi)
16.55 Lincolnshæðir (4:13)
17.40 Táknmálsfréttir
17.50 Útsvar (e)
18.54 Lottó
19.00 Fréttir
19.35 Veður
19.45 Spaugstofan
▶**20.15 Gott kvöld**
21.15 Napóleon Dínamít (Napoleon Dynamite) Bandarísk gamanmynd frá 2004 um unglingsstrák sem er hálfgerður furðufugl. Aðalhlutverk: Jon Heder og Jon Gries.
22.45 Ein í hringnum (Against the Ropes) Bandarísk bíómynd frá 2004 um Jackie Kallen, gyðingakonu frá Detroit sem gerðist umboðsmaður hnefaleikakappa. Aðalhlutverk: Meg Ryan og Omar Epps.
00.35 Greifinn af Monte Cristo (The Count of Monte Cristo) (e)
02.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Beauty Shop
10.00 Charlie and the Chocolate Factory
12.00 Code Breakers
14.00 Beauty Shop
16.00 Charlie and the Chocolate Factory
18.00 Code Breakers
20.00 Irresistible
22.00 The Skeleton Key
00.00 The Fog
02.00 Borat
04.00 The Skeleton Key
06.00 Eulogy

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Barney og vinir, Dynkur smáeðla, Hlaupin og Refurinn Pablo.
08.00 Algjör Sveppi Louie, Lalli, Þorlákur, Blær, Sumardalsmyllan, Gulla og grænjaxlarnir, Hvellur keppnisbíll og Könnuðurinn Dóra.
09.40 Krakkarnir í næsta húsi
10.05 Íkornastrákurinn
10.35 Bratz
11.00 Markaðurinn með Birni Inga
12.00 Sjálfstætt fólk
12.35 Bold and the Beautiful
12.55 Bold and the Beautiful
13.15 Bold and the Beautiful
13.35 Bold and the Beautiful
13.55 Bold and the Beautiful
14.20 The Celebrity Apprentice (11:13)
15.05 Sjálfstætt fólk (9:40)
15.40 ET Weekend
16.30 Sjáðu Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum.
16.55 Dagvaktin (9:12) Í Dagvaktinni liggja leiðir þremenninganna af næturvaktinni saman á ný fyrir einskæra tilviljun.
17.30 Markaðurinn með Birni Inga
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.49 Íþróttir
18.55 Veður
19.01 Lottó
19.10 The Simpsons (3:25) Áttunda þáttaröðin um Simpsonfjölskylduna óborganlegu og hversdagsleika þeirra.
19.35 Latibær (15:18) Önnur þáttaröðin ▶um Íþróttaálfinn, Sollu stirðu, Nenna níska, Glanna glæp og fleiri skemmtilega vini þeirra í Latabæ.
20.05 Underdog Fjörug gamanmynd fyrir alla fjölskylduna um hundinn Shoeshine sem fær ofurkrafta fyrir mistök á rannsóknarstofu. Jack er ungur drengur sem verður eigandi hans og saman berjast þeir gegn hinum illa Simon sem hyggst taka algjör yfirráð yfir borginni þeirra.
21.25 Edison Stjörnum hlaðin spennumynd um ungan og óreyndan blaðamann sem grunar lögregluna í bænum Edison um spillingu og ætlar að gera eitthvað í málinu.
23.05 Pirates of the Caribbean. Dead Man's Chest
01.30 Mr. and Mrs. Smith
03.25 Sueno
05.10 The Simpsons (3:25)
05.35 Fréttir

SPORT *besta sætið*

07.55 Landsbankadeildin 2008 Útsending frá leik Keflavíkur og Fram.
10.05 Landsbankamörkin 2008
11.10 Utan vallar
12.00 NFL deildin
12.30 Gillette World Sport
13.00 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu
13.30 Science of Golf, The Í þessum þætti er rennt yfir golfsveifluna eins og hún leggur sig.
13.55 Science of Golf, The Athyglisverður golfþáttur þar sem farið verður yfir helstu leyndarmál „stutta spilsins“ í golfi.
14.20 Ryder Cup 2008
18.20 Spænski boltinn Fréttaþáttur spænska boltans.
18.50 Spænski boltinn Bein útsending frá leik Real Madrid og Recreativo.
20.50 Spænski boltinn Bein útsending frá leik Sevilla og Valencia.
22.50 Ultimate Fighter
23.40 Box Floyd Mayweather - Ricky Hatton. Útsending frá bardaga sem fór fram laugardaginn 8. desember.
00.55 Box Útsending frá bardaga Ricky Hatton og Juan Lazcano.
02.00 Box Bein útsending frá bardaga Ricky Hatton og Paul Malignaggi.

SPORT 2 *enski boltinn*

09.00 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Man. Utd og Stoke.
10.40 PL Classic Matches Leeds - Tottenham, 2000.
11.10 PL Classic Matches Leeds - Man United, 2001.
11.40 Premier League World Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.
12.10 Premier League Preview Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í enska boltanum.
12.40 Enska 1. deildin Bein útsending frá leik Plymouth og Cardiff.
14.50 Enska úrvalsdeildin Bein útsending frá leik Liverpool og Fulham í ensku úrvalsdeildinni. Sport 3. Man. City - Arsenal Sport 4. Chelsea - Newcastle Sport 5. Middlesbrough - Bolton Sport 6. Portsmouth - Hull
▶**17.15 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Aston Villa og Man. Utd.
19.30 4 4 2 Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

13.00 Vörutorg
14.00 Dr. Phil (e)
14.45 Dr. Phil (e)
15.30 Robin Hood (13:13) (e)
16.20 Skrekkur 2008 (e)
18.20 Family Guy (17:20) (e)
18.45 Game tíví (11:15) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum. (e)
19.15 30 Rock (10:15) Bandarísk gamansería þar sem Tina Fey og Alec Baldwin fara á kostum í aðalhlutverkunum. Jack og C.C. reyna að láta fjarsambandið ganga upp, Tina ræðst í fasteignakaup og Kenneth ánetjast koffíni. (e)
▶**19.45 America's Funniest Home Videos** (26:42) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
20.10 Singing Bee (10:11) Íslensk fyrirtæki keppa í skemmtilegum leik þar sem keppendur þurfa ekki að kunna að syngja heldur einungis að kunna textann við vinsæl lög.
21.10 House (11:16) Bandarísk þáttaröð um lækninn skapstirða, dr. Gregory House og samstarfsfólk hans. (e)
22.00 Heroes (2:26) Bandarísk þáttaröð um fólk sem býr yfir yfirnáttúrlegum hæfileikum. (e)
22.50 Law & Order. Special Victims Unit (14:22) Bandarísk sakamálasería um sérdeild lögreglunnar í New York sem rannsakar kynferðisglæpi. (e)
23.40 Cora Unashamed (e)
01.10 Skrekkur 2008 (e)
03.10 Jay Leno (e)
04.00 Jay Leno (e)
04.50 Vörutorg
05.50 Óstöðvandi tónlist

SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Valið endursýnt efni frá liðinni viku. Endurtekið á klst. fresti.
N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL 11.00 OG 17.30

Markaðurinn með Birni Inga

Aðalgestur Björns Inga Hrafnssonar í Markaðnum á Stöð 2 í dag er Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, sem hefur staðið í ströngu síðustu daga og vikur í kjölfar hruns fjármálakerfisins. Fréttaskýring verður um nýskipaða Evrópunefnd Sjálfstæðisflokksins, rætt við Jóhann Inga Gunnarsson sálfræðing um viðbrögð við áföllum eins og kreppunni og í pallborði verða þau Þórlindur Kjartansson, formaður SUS, Katrín Júlíusdóttir alþingismaður og Ásgeir Jónsson hagfræðingur.
Þátturinn er í opinni dagskrá kl. 11-12 og endursýndur kl. 17.30.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Edison
Stöð 2 kl. 21.25

Stjörnum hlaðin spennumynd um ungan og óreyndan blaðamann sem grunar lögregluna í bænum Edison um spillingu. Hann ákveður að komast til botns í málinu og fær því ritstjóra sinn og vel þekktan einkaspæjara til liðs við sig og með því er hann búinn að stofna sér og öllum í kringum sig í lífshættu.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags
06.40 Veðurfregnir
06.50 Bæn
08.00 Morgunfréttir
08.05 Stef
09.03 Út um græna grundu
10.05 Veðurfregnir
10.15 Kvika
11.00 Vikulokin
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Krossgötur
14.00 Til allra átta
14.40 Stjörnukíkir
15.25 Lostafulli listræninginn
16.00 Síðdegisfréttir
16.08 Veðurfregnir
16.10 Orð skulu standa
17.05 Flakk
18.00 Kvöldfréttir
18.26 Bláar nótur í bland
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Heimur óperunnar
19.50 Sagnaslóð
20.30 Brot af eilífðinni
21.10 Engill með húfu
22.07 Veðurfregnir
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Hvað er að heyra?
23.10 Villtir strengir og vangadans
00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

15.30 Hollyoaks (61:260)
15.55 Hollyoaks (62:260)
16.20 Hollyoaks (63:260)
16.45 Hollyoaks (64:260)
17.10 Hollyoaks (65:260)
18.05 Help Me Help You (7:13)
18.30 Smallville (12:20)
19.15 Justice (8:13)
20.00 Logi í beinni Laufléttur og skemmtilegur spjallþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar. Hann fær góða viðmælendur í heimsókn og auk þess verður boðið upp á tónlistaratriði og ýmsar uppákomur.
▶**20.30 Sex and the City** (3:12) Sex and the City er saga fjögurra vinkvenna sem eiga það sameiginlegt að vera einhleypar og kunna vel að meta hið ljúfa líf í hátískuborginni New York.
21.00 Sex and the City (4:12)
21.30 Dagvaktin (9:12) Í Dagvaktinni liggja leiðir þremenninganna af næturvaktinni saman á ný fyrir einskæra tilviljun. Svakalegt uppgjör þeirra á milli verður óhjákvæmilegt.
22.00 E.R. (11:25)
22.45 The Daily Show. Global Edition
23.10 Help Me Help You (7:13)
23.30 Smallville (12:20)
00.15 Justice (8:13)
01.00 Sex and the City
01.25 Sex and the City
01.50 E.R. (11:25)
02.40 The Daily Show. Global Edition
03.10 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

INN

18.00 Hrafnaþing Ingvi Hrafn Jónsson
19.00 Grasrótin Daníel Haukur Arnarsson
19.30 Guðjón Bergmann
20.00 Lífsblómið Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir
21.00 Líf og land Valdemar Ásgeirsson
21.30 Borgarlíf Marta Guðjónsdóttir
22.00 Hrafnaþing Ingvi Hrafn Jónsson
23.00 Neytendavaktin Ragnhildur Guðjónsdóttir
23.30 Óli á Hrauni Ólafur Hannesson

DR 1

11.00 DR Update - nyheder og vejr **11.10** Boogie Lørdag **11.11** Troldspejlet **11.30** Boogie Update **12.00** Pigerne Mod Drengene **12.35** Family Guy **13.00** Natasja, kort og simpelt **14.00** Slap af Doktor **15.40** Sporløs **16.10** Før søndagen **16.20** Held og Lotto **16.30** Der var engang... **17.00** Gepetto News **17.30** TV Avisen med vejret **17.55** SportNyt **18.15** Madagascar. Pingviner på julemission **18.30** Far, mor og bjørn **19.00** Hvem ved det! **19.30** Beatles - Den hvide koncert **21.30** Miss Marple. **16.50** fra Paddington **23.05** Sneakers

NRK 1

11.10 V-cup skøyter **11.25** V-cup langrenn **13.30** V-cup skøyter **14.30** 20 år siden Calgary-OL **15.00** Sport i dag **16.00** Beat for beat **17.00** Kometkameratene **17.25** Underbuksepiratene **17.30** AF1 **18.00** Lørdagsrevyen **18.45** Lotto-trekning **18.55** Kvitt eller dobbelt **19.55** Den store reisen **20.45** Kvitt eller dobbelt **21.15** Med hjartet på rette staden **22.00** Kveldsnytt **22.15** Down With Love **23.50** Prinsene

SVT 1

09.50 Längd. Världscupen Gällivare **13.10** Folk i bild 2008 **13.25** Robins **13.55** Handboll. Champions League **15.45** Anslagstavlan **15.50** Livet i Fagervik **16.35** Byss **16.50** Helgmålsringning **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.15** Pomos piano **17.45** Häxan Surtant **18.00** Bobster **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** Dansbandskampen **20.30** Svensson, Svensson **21.00** Brottskod. Försvunnen **21.40** Dom kallar oss artister **22.10** Ett pikant ärende **23.40** Svindlarna **00.35** Sändningar från SVT24

HVAÐ ER ÞETTA HVAÐ EFTIR DAVE EGGERS

HINIR TÝNDU DRENGIR

Valentino Achak Deng er smástrákur þegar ráðist er á þorpið hans í Suður-Súdan og það lagt í rúst. Hann er einn hinna Týndu drengja Suður-Súdans sem ganga sannkallaða eyðimerkurgöngu, dvelja í flóttamannabúðum og eru um síðir fluttir með loftbrú til Bandaríkjanna. **Áhrifamikil skáldsaga** sem lýsir heimi mannvonsku og átaka – en um leið von um betra líf og betri heim.

ÞÝÐANDI: RÚNAR HELGI VIGNISSON

„BÓKIN LEIFTRAR AF FYNDNI, VISKU OG PERSÓNUTÖFRUM ... EINSTAKUR VITNISBURÐUR, EINSTAKT LISTAVERK.“ – THE NEW YORK TIMES BOOK REVIEW

DYNAMO REYKJAVÍK

ÞJÓFABORG EFTIR DAVID BENIOFF

TVÖ MANNSLÍF – TÓLF EGG

Tveir ungir menn hittast í fangaklefa í Leníngrad og bíða dóms fyrir hæpnar sakir. Í borg sem hefur verið undir umsátri mánuðum saman og allar vistir eru löngu á þrotum, eiga þeir að bjarga lífi sínu með því að útvega valdamiklum höfuðsmanni tólf egg til að nota í brúðkaupstertu dóttur hans. Saga um vináttu og djörfung á erfiðum tímum.

ÞÝÐANDI: JÓN HALLUR STEFÁNSSON

„ROSALEGA ÁTAKANLEG, FLOTT LÝSING MEÐ FRÁBÆRUM PERSÓNUM.“ – EGILL HELGASON, KILJAN

BJARTUR
Bræðraborgarstíg 9

PERSÓNAN

Bragi Valdimar Skúlason

Aldur: 32 ára.
Starf: Texta- og hugmyndasmiður hjá Fíton.
Fjölskylduhagir: Kona og barn.
Foreldrar: Ingibjörg Valdimarsdóttir og Guðmundur Skúli Bragason fiskifræðingur.
Búseta: 104 Reykjavík.
Stjörnumerki: Meyja.

Bragi Valdimar Skúlason semur flest lög og texta á nýrri plötu Baggalúts og allt á barnaplötunni Gilligill, sem leikin er á barnatónleikum í Salnum, Kópavogi, alla sunnudaga til jóla.

Ein Idolstjarna er nóg fyrir Jón Ólafs

„Þetta er í fyrsta skipti sem ég tek að mér fasta vinnu á föstudagskvöldum síðastliðin tíu ár. Ég hef spilað fótbolta á þessum tíma en þegar árferðið er svona getur maður ekkert sett sér slík skilyrði," segir Jón Ólafsson. Hann tekur sæti í dómnefnd nýrrar Idol-stjörnuleitar ásamt þeim Selmu Björnsdóttur og Birni Jörundi Friðbjörnssyni eins og Fréttablaðið hefur greint frá.

Jón segir það hafa skipt miklu fyrir ákvörðun sína að góðvinur hans, Björn Jörundur, sitji við hlið hans. „Ég er ekki viss um að ég hefði nennt þessu ef ég hefði þurft að vera við hliðina á einhverjum vitleysingi," segir Jón og hlær en tekur skýrt fram að hann ætli sér ekki að verða eitthvert yfirlýsingaglatt flón. „Ég er ekki í þessu til að vekja athygli á sjálfum mér."

Mikla athygli vakti á sínum tíma þegar Jón og Hildur Vala Einarsdóttir, sigurvegari 2. seríu, felldu hugi saman skömmu eftir að henni lauk. Jón segir að Hildur Vala treysti honum alveg fyllilega til þess að taka þátt í fjórðu seríunni. „Ein Idolstjarna er alveg nóg auk þess sem ég er alveg yfir mig ástfanginn. Hún ber fullt traust til mín," segir Jón og skellir uppúr.

Fréttablaðið hafði samband við þá Einar Bárðarson og Bubba Morthens og spurði hvernig þeir hefðu tekið því að vera ekki hluti af nýrri dómnefnd. Heldur fátt varð um svör. Bubbi sagði þetta vera fínt og gott mál. Einar sagði að haft hefði verið samband við sig í júní út af þáttunum en síðan hefði hann ekkert heyrt meir. „Það á annars enginn þessi dómarasæti og ég geri ekki tilkall í þetta." -fgg

FULLT TRAUST Jón Ólafsson segir að Hildur Vala treysti honum fyllilega til að taka þátt í Idol-stjörnuleit.

LÍTIÐ UM SVÖR Þeir Einar Bárðarson og Bubbi Morthens gáfu fá færi á sér í gær. Þeir verða ekki í nýrri dómnefnd Idol-stjörnuleitar.



LÁRÉTT
2. óskiptu, **6.** klaki, **8.** meiðsli, **9.** fugl, **11.** númer, **12.** geðvonska, **14.** digurmæli, **16.** í röð, **17.** traust, **18.** ennþá, **20.** mergð, **21.** snöggur.

LÓÐRÉTT
1. mælieining, **3.** í röð, **4.** jarðbrú, **5.** dýrahljóð, **7.** fíkinn, **10.** eyrir, **13.** nytsemi, **15.** urin, **16.** húðpoki, **19.** átt.

LAUSN
LÁRÉTT: **2.** öllu, **6.** ís, **8.** mar, **9.** lóa, **11.** nr, **12.** ólund, **14.** grobb, **16.** hí, **17.** trú, **18.** enn, **20.** ú, **21.** snar.
LÓÐRÉTT: **1.** kíló, **3.** ím, **4.** landbrú, **5.** urr, **7.** sólginn, **10.** aur, **13.** not, **15.** búin, **16.** hes, **19.** na.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Nemendur úr Austurbæjarskóla, sem sigruðu í hæfileikakeppninni Skrekk.
2. Hillary Clinton.
3. Hljómsveitin Hjaltalín.

GÍSLI ÖRN GARÐARSSON: SMEYKUR VIÐ SIR BEN

Gísli Örn til sölu í öllum betri leikfangabúðum

„Jú, það er eitthvað þannig í gangi. Í það minnsta er búið að taka slíkar myndir af mér sem hugsaðar eru fyrir framleiðslu á einhverjum svona leikfangabrúðum. Ætli maður fylgi ekki bara Big Mac í framtíðinni," segir leikarinn Gísli Örn Garðarsson. Til stendur að framleiða leikföng í kringum stórmyndina Prince of Persia: Sand of Time sem hann leikur í og Fréttablaðið hefur greint frá. Ef allt gengur að óskum verður Gísli því væntanlegur í líki illmennisins The Vizier í allar betri leikfangabúðir þegar kvikmyndin hefur verið frumsýnd sumarið 2010.

Tökur standa nú yfir í hinu fræga Pinewood-kvikmyndaveri en í því hafa langflestar James Bond-kvikmyndirnar verið gerðar. Gísli segir umhverfið vera hálffjarstæðukennt. Búið sé að breyta innviðum kvikmyndaversins í eyðimörk, þar er risinn kastali og öll smáatriði séu útpæld. „Þetta er svona svipað og ganga inn í einhverja Disneyveröld," útskýrir Gísli. Hann gerir sér fulla grein fyrir því hversu stórt þetta tækifæri er og nýtur þess til hins ýtrasta. Hann bætir því þó snögglega við að þetta sé jú bara eins og hver önnur vinna. „Maður veit auðvitað ekkert hvað verður. Ég hef heyrt ótrúlegar tröllasögur um fólk sem hefur eytt mörgum vikum og mánuðum á tökustað en er síðan bara klippt út úr myndinni.

SEM ACTION-FÍGÚRA Gísli Örn verður eflaust settur í sölu sem action-fígúra þegar kvikmyndin Prince of Persia hefur verið frumsýnd árið 2010. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Engar smástjörnur eru á sveimi í kringum Gísla þessa dagana. Aðalleikarinn er Jake Gyllenhaal en auk hans eru Alfred Molina, Gemma Arteton og Ben Kingsley í helstu hlutverkum. Gísli segist mest hafa kviðið fyrir senunum með sir Ben. „Ég var pínulítið stressaður fyrir þær tökur. Maður hafði heyrt af því að hann væri erfiður í samstarfi og vildi láta kalla sig „sir" og svoleiðis. Ég var því hræddur um að ég væri of stífur, væri ekki að standa mig nógu vel eða væri eitthvað skrýtinn. Svo þegar á hólminn var komið reyndist hann bara fínn karl," segir Gísli og viðurkennir að hann hafi kallað Ben „sir" meðan á tökunum stóð. „Já, sem betur fer er allt í lagi að kalla miðaldra breska karlmenn sir," segir Gísli og hlær.

Gísli stendur því óneitanlega í ströngu um þessar mundir því auk þess að sinna kvikmyndaleiknum er hann á fullu við æfingar á leikverkinu Don John með Royal Shakespeare Company. Verkið verður frumsýnt 18. desember næstkomandi og segir Gísli æfingarnar hafa gengið vel. „Þetta er líka ágætisleið til að koma manni í samband við raunveruleikann aftur eftir að hafa nánast týnst í ævintýraheimi Hollywood."

freyrgigja@frettabladid.is

ERFIÐUR VIÐFANGS Sir Ben Kingsley hefur orð á sér fyrir að vera erfiður í umgengni. Hann reyndist þó ljúfur sem lamb í þeim tökum sem Gísli tók þátt í.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Sveitastjórinn í Dalabyggð, **Grímur Atlason**, er að reka sig á að lögmálið um framboð og eftirspurn á ekki við í Búðardal. Meðan heilu og hálfu hverfin standa auð á höfuðborgarsvæðinu er vandfundið íbúðarhúsnæði í Dölunum. Grímur er nú að missa hús sem hann hefur leigt að undanförnu og þarf að grípa til þess ráðs að flytja inn í veiðihús sem nú stendur autt.

Tómas Hermannsson útgefandi á Sögum er með ýmsar góðar bækur sem þegar eru byrjaðar að svamla um í jólabókaflóðinu. Þó Tómas annist þær sem hæna unga sína, líkt og útgefendur gera almennt, horfir hann til framtíðar. Tómas er mikill og einlægur aðdáandi **Magnúsar Eiríkssonar** og hefur talið þann snilling inn á að rétt sé að skrásetja ævisögu hans enda Magnús eitt ástsælasta tónskáld landsins auk þess sem á ýmsu hefur gengið um hans daga. Sú bók verður þó ekki tilbúin fyrr en að ári.

Hugleikur Dagsson hefur aldeilis látið hendur standa fram úr ermum því fjórða bókin hans í ár, sé Símaskráin talin með, er væntanleg. Hún heitir Eineygði kötturinn Kisi og ástandið og fjallar um kreppuna. Svo á tánum er Hugleikur um nýjustu hræringar að bókin hefur frestast ítrekað. Hann varð þó að lokum að skila af sér í vikunni. Bókin er því væntanleg í búðir eftir um vikutíma, með nóg af kreppugríni.

- jbg, drg

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

Skipuleggur 1.000 manna árshátíð

„Þó að ég hafi verið í skemmtinefnd í framhaldsskóla hef ég aldrei tekið að mér svona stórt verkefni áður," segir Unnur Birna Vilhjálmsdóttir sem hefur verið skipaður formaður árshátíðarnefndar í Háskólanum í Reykjavík, en Unnur nemur lögfræði við skólann. „Þetta er í fyrsta sinn sem haldin verður sameiginleg árshátíð allra deilda. Hingað til hafa þau sjö nemendafélög sem eru starfandi verið með aðskildar árshátíðir, en eins og ástandið er í dag er það erfitt. Styrkir komu yfirleitt frá bönkunum, sem mun ekki gerast núna svo við ætlum að gera gott úr þessu og ýta undir samheldni innan skólans með því að halda eina stóra árshátíð í mars," útskýrir Unnur Birna sem býst við að um 1.000 manns mæti á hátíðina.

„Við skipuðum nefndina þannig að það er fulltrúi frá hverri deild, en tveir úr stærri deildunum. Við vildum líka gæta fyllsta jafnræðis svo við auglýsum nú eftir tveimur strákum í nefndina í viðbót," bætir hún við og segir skipulag vera komið vel á veg. Unnur Birna er nú á þriðja ári í lögfræði, en þrátt fyrir miklar annir starfar hún í Glitni meðfram námi og stefnir ótrauð á BA-próf í vor. „Jólaprófin byrja eftir tvær vikur og ég hætti alveg að vinna á meðan. Það er mikil upplestrartörn fram undan svo maður fer að flytja í lesaðstöðu skólans á næstu dögum," segir Unnur Birna brosandi. - ag

FORMAÐUR ÁRSHÁTÍÐARNEFNDAR Unnur Birna sér um skipulag allsherjarárshátíðar HR í mars og gætir fyllsta jafnræðis í árshátíðarnefndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Áritanir í Skífunni!

S·K·Í·F·A·N
Nýtt upphaf!
Laugavegi · Kringlunni · Leifsstöð
www.skifan.is



Ragnheiður Gröndal áritar kl. 16:00 í Skífunni Kringlunni

Buff áritar og tekur lagið kl. 14:00 í Skífunni Kringlunni



Sprengjuhöllin áritar og tekur lagið kl. 16:30 í Skífunni Laugavegi

Motion Boys árita og taka lagið kl. 16:30 í Skífunni Laugavegi

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

Gesthús Dúna
Tveggja manna herbergi á kr. 5.000 nóttin
Uppbúið rúm í svefnpokaplássi kr. 2.000 nóttin
Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík
Pantanir: 588-2100 / duna@islandia.is

BAKÞANKAR
Gerður Kristnýjar

Dagar víns og prósaks

Ég sakna góðærisins. Það var skemmtilegt. Maður gat farið í helgarferðir til útlanda og keypt sér trefil og stundum buxur líka án þess að gengið sveiflaðist upp og niður eins og maníu-depressívu-sjúklingur. Ég man jafnvel eftir því að hafa getað keypt dót handa krökkum í afmælisgjafir eða bara til að gauka að þeim þegar þau áttu alls engin afmæli. Slíkt var bruðlið og nú naga ég mig auðvitað í handarbökin. Það var samt indælt að eiga peninga. Það er sem ég hef alltaf sagt, fólk, sem ekki finnst gaman að versla, fer einfaldlega ekki í réttu búðirnar.

NÚ hefur Geir Haarde forsætisráðherra sagt að það taki tvö ár fyrir þjóðina að rétta úr kútnum. Það hentar mér bara alls ekki. Á þessum tveimur árum verð ég nefnilega fertug. Heyrirðu það, Geir! Fjörutíu ára! Ég hef hlakkað til frá því ég var 17 ára. Sá aldur fór mér nefnilega illa. Þá er til siðs að fara í fyllerísferðir upp í sumarbústaði og flakka á milli öldurhúsa í skítakulda upp á von og óvon að komast inn. Skemmtanalíf mitt snerist meira og minna um áfengisneyslu vinkvenna minna og þannig var það fulllengi.

SVO fór maður að átta sig betur á því sem skipti máli og því sem gerði það ekki. Og ég býst við að hann verði ævintýralegur, þroskinn sem á eftir að hvolfast yfir mig á fertugsafmælinu. Ekki stóð þó til að margir yrðu vitni að því, enda hugðist ég vera stödd í útlöndum. Ferðalög eru það sem mér finnst núna hvað skemmtilegast og ég hafði lengi látið mig dreyma um að þegar ég yrði fertug héldi ég í ævintýralega utanlandsferð. Stefnan yrði tekin á land þar sem sól skín, suðrænir sölumenn reyna að pranga inn á mann bastkörfum og sandurinn borast upp á milli tánna.

EN Geir segir að einmitt þá verði kreppan enn við lýði með tilheyrandi verðbólgu og vibba. Kannski ég fresti því þá bara um nokkur ár að verða fertug. Ég hef heyrt um konur sem hafa einmitt gert það og þurfti víst ekki kreppu til. Næstu tvö árin hef ég það því líklega bara náðugt og vel Facebook fram yfir Flugleiðavefinn. Svo vef ég góðum trefli úr skemmtilegri helgarferð í New York um háls mér, arka ofan í fjöru og set flöskuskeyti á flot. „Elsku góðæri! Hér er enn margt sem minnir á þig. Ég sakna þín. Þótt ég efist um að þú eigir nokkurn tímann eftir að birtast mér aftur í sömu mynd er ég innilega þakklát fyrir að hafa þó fengið að kynnast þér.“

GÓÐAN DAG!
Í dag er laugardagurinn 22. nóvember, 326. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	10.20	13.14	16.07
Akureyri	10.28	12.59	15.33

Heimild: Almanak Háskólans

Jólin þín byrja í IKEA



KALLT ljósakróna Ø45cm. Ýmsir litir **2.990,-**

KALLT inniseríur 10 perur. Rafhlöðuknúið/ýmsir litir **395,-/stk.**

Bakari um helgina
Bakari kemur um helgina og bakar ljúffengar piparkökur og smákökur á milli kl. 11 og 17. Börnin fá að skreyta piparkökurnar.

KALLT lugtir f/teljós H30cm. Ýmsir litir **995,-/stk.**

KALLT ljósasería m/10 stjörnum. Rafhlöðuknúið. Ýmsir litir **695,-**

KALLT aðventuljós, 7 arma. Ýmsir litir **5.990,-**



KALLT rafmagnsstjörnur Ø33cm. Ýmsir litir **1.990,-/stk.**



KALLT útisería, 50 perur. Ýmsir litir **2.990,-**

795,-/stk.
KALLT aðventuljós, 7 arma. Svart/rautt

KALLT ljósaseríur 40 perur. Utan-/innandyra. Ýmsir litir **1.390,-/stk.**



KALLT ljósasería m/48 perum innandyra Stjarna/gegnsætt **2.490,-**

KALLT ljósaseríur 16 perur. Innandyra. Ýmsir litir **1.190,-**

KALLT kubbakerti H12cm. Ýmsir litir **450,-/stk.**

ISIG þurrkuð strá L115cm. Rautt **195,-/búntið**

KALLT skrautkerti, epli Ø7 cm. Rautt **995,- 4 í pk.**

Ókeypis máltíð fyrir börnin!

Um helgina bjóðum við öllum börnum, tíu ára og yngri að velja sér einn ókeypis rétt af barnamatseðli.*
Verið velkomin í IKEA

* Gildir eingöngu þegar forráðamaður kaupir máltíð

Heitur matur er afgreiddur frá kl. 11:30 - 19:30

IKEA®
Opið 11-20 alla daga
Veitingastaður opinn 9:30 - 19:30
www.IKEA.is

© Inter IKEA Systems B.V. 2008